

**SKOÐUN** Enginn veit að hverju nýr heilbrigðisráðherra stefnir, skrifar Árni Páll Árnason. 20



**MENNING** Þórunn Antonía Magnúsdóttir heldur styrktartónleika í stað þrítugsafmælis. 50



**SPORT** Aníta hefur í dag keppni á Evrópumeistaramóti nítján ára og yngri í Rieti á Ítalíu. 44






# FRÉTTABLAÐIÐ


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
18. júlí 2013
167. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Selskapur kvenna til sölu

Tveir kampavínsklúbbar hafa verið opnaðir nýlega í Reykjavík. Útsendari Fréttablaðsins fór í heimsókn og fékk tilboð um „það sem hann vildi“ frá fáklæddum konum. 6

**Skúlptúr ítrekað skemmdur** Skúlptúr á vegum verkefnisins Torg í biðstöðu hefur ítrekað verið eyðilagður undanfarna daga. 2

**Leitað vegna nauðgunar** Lögregla leitar tveggja stúlkna sem tóku mögulegt fórnarlamb nauðgunar upp í bíl sinn í Reykjanesbæ. 2

**Hrikaleg hætta** Skagafjörður er sagður í hættu vegna breytinga á rennsli Héraðsvatna. 4




20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 12° | SA | 4 |
| Akureyri | 18° | SA | 3 |
| Egilsstaðir | 18° | SA | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 12° | SA | 3 |
| Reykjavík | 14° | SA | 7 |

**RIGNING** Í dag verða víðast suðaustan 5-10 m/s. Rigning S- og V-til og fyrir norðan síðdegis. Hiti 10-20 stig, mildast NA-lands. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Metroblaðið | Fólk











**DRAUMI LÍKJAST** Ólína G. Viðarsdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir féllust í faðma eftir að flautað var til leiksloka á móti Hollendingum í Växjö í gær. Íslensku stelpurnar mæta annaðhvort Frakklandi eða Svíþjóð í átta liða úrslitum Evrópukeppninnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ferðamenn frá Kína eru fémildastir allra

Kínverskir ferðamenn eyða mest ferðamanna hér á landi. Rússar, sem venjulega borga í reiðufé, koma næstir. Verslunarstjóri í miðbænum segir Breta nískasta – þeir láti sér nægja að kaupa eina lyklakippu og splæsi kannski í póstkort að auki.

**FERÐAMÁL** Kínverskir ferðamenn eyða mest hér á landi samkvæmt tölum frá Global Blue á Íslandi. Meðalfærsla Kínverja er 24.147 krónur en meðalfærsla erlendra ferðamanna hér á landi er tæpum tíu þúsund krónum lægri, eða 15.570 krónur.

Rússar eru heldur ekki fastheldnir á eyrinn því meðalfærsla þeirra er 20.390 krónur. Því miður fyrir gjaldeyrisþyrsta þjóð er hlutfall ferðamanna frá þessum þjóðum ekki hátt.

Þessar tölur komu Andreu Falkvard, verslunarstjóra Rammagerðarinnar í Hafnarstræti í Reykjavík, ekki á óvart. „Kínverjarnir kaupa kannski ekki svo margar vörur en þetta eru allt kostagripir sem þeir kaupa,“ segir hún. „Í síðustu viku kom til mín kínverskur hópur og þá seldi ég til dæmis tvo uppstoppaða lunda. Marga Íslendinga dreymir kannski um það en eru kannski ekki tilbúnir að borga 50 þúsund kall fyrir. Svo keyptu þeir refafeldi og sitthvað fleira. Við kætumst líka þegar við sjáum Rússana koma en þeir kaupa meira og virðast lítið spá í það hvað þeir setja ofan í körfuna. Þeir borga líka alltaf í reiðufé og halda ekki fast um það.“



Kristján Másson hjá Global Blue á Íslandi er líka kátur með þessa ferðamenn. „Það er mikilvægt að ýta undir aukningu ferðamanna sem eyða miklu eins og Rússar og Kínverjar,“ segir hann.

„Þótt fólk frá þessum þjóðum sé ekki með stórt hlutfall af heildareyðslu á markaðnum hér á landi eyðir það mjög miklu í verslun miðað við þann fjölda sem kemur frá þessum þjóðum.“

En ekki er gróðavonin mikil hjá Andreu þegar Bretinn kíkir inn í Rammagerðina. „Þeir láta sér oftast nægja að kaupa eina lyklakippu og kannski splæsa þeir í eitt póstkort líka,“ segir hún kankvís.

Hvað heildarneyslu varðar hafa Bandaríkjamenn vinninginn en á eftir þeim koma Norðmenn. Kristján segir að sala til erlendra ferðamanna hafi breyst mikið síðustu árin. Til dæmis sé vertíðin að lengjast og þakkar hann það átakinu Ísland allt árið og einnig samhentu átaki aðila í ferðaþjónustunni.

Andrea segist hafa byrjað fyrir fimm árum. „Þá var voða mikið um „Made in China“ en nú er mun meira um íslenskar hágæðavörur og skemmtilegra að eiga við kúnnana,“ segir hún. - le, jse / sjá síðu 10

> **Við kætumst líka þegar við sjáum Rússana koma en þeir kaupa meira og virðast lítið spá í það hvað þeir setja ofan í körfuna. Þeir borga líka alltaf í reiðufé og halda ekki fast um það.**
>
> *Andrea Falkvard*
> *verslunarstjóri í Rammagerðinni*

Stelpurnar okkar á EM:

## Halda áfram að skrifa söguna

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu vann í gær frækinn sigur, 1-0, á því hollenska á Evrópumótinu í Svíþjóð. Með sigrinum tryggði liðið sér sæti í átta liða úrslitum.

Dagný Brynjarsdóttir var hetja stelpnanna okkar, en hún skallaði boltann í netið eftir hálftíma leik. Íslenska liðið mætir Svíum eða Frökkum í átta liða úrslitunum en það kemur í ljós í kvöld hver andstæðingurinn verður.

- óój, sáp / sjá síðu 42




## SPURNING DAGSINS



Einar, eru flugfiskar í Urriðafossi?

**„Það eru nokkrir útvaldir sem flýja rigninguna og sækja í hitann í London.“**

Einar Haraldsson, bóndi á Urriðafossi, veiðir lax í net í Þjórsá. Í fyrsta sinn í gær var hluti aflans sendur með flugi til London.

Lögreglan lýsir eftir stúlkum sem taldar eru hafa skutlað þolanda nauðgunar:

# Tveggja stúlkna leitað vegna nauðgunar

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum lýsir eftir tveimur konum sem mögulegum vitnum í nauðgunarmáli.

Konurnar tvær munu hafa verið á leið til höfuðborgarinnar frá Reykjanesbæ aðfaranótt sunnudagsins 30. júní og tóku, á leið sinni í gegnum bæinn, upp unga stúlku í bílinn og keyrðu hana heim til sín.

Umræddar stúlkur voru að öllum líkindum á bláleitum fjögurra dyra smábíl og aftan í honum var barnastóll eða barnasæti.

Bifreiðin var kyrrstæð ofarlega á Hafnargötu þegar stúlka kom að og bað um að sér yrði ekið heim og urðu konurnar við þeirri bón hennar.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Suðurnesjum er rannsókn málsins á frumstigi, en engar vísbendingar hafa borist um hverjar konurnar eru. „Það er mjög mikilvægt að þær gefi sig fram, sem við höfum fulla trú á að þær geri,“ segir Jóhannes Jensson, rannsóknarlögregla á Suðurnesjum.

Konan sem um ræðir ku vera mjög ung að árum en ekki liggur fyrir hve gamlar konurnar tvær sem lýst er eftir eru. Þó er talið að þær séu einnig frekar ungar. - sh



**LÖGREGLAN** Óskað er eftir því að stúlkurnar gefi sig fram við lögreglu.



**BOR SKYGGIR Á HÖRPUNA** Bucentaur lá í höfninni meðan skipt var um áhöfn, en áætlað var að stíma út um klukkan tíu í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rannsóknarskipið Bucentaur lá í höfn í Reykjavík í gær:

# Vaktaskipti í Reykjavíkurhöfn

**VÍSINDI Rannsóknarskipið Bucentaur vakti athygli margra vegfarenda við hafnarbakkann í Reykjavík í gær. Norska skipið var að koma úr rannsóknarverkefni í Barentshafi en heldur nú til nýrra verkefna við Nýfundnaland. Þar mun þessum myndarlega bor verða beitt sem sést á miðju skipinu. Hann getur borað niður á tvöhundruð metra dýpi.**

**Verkefnið við Nýfundnaland er að kanna hafsbotninn þar sem reisa á nýjan olíuborpall. Milli verkefnanna í Barnetshafi og við Nýfundaland var komið við í Reykjavík og skipt um áhafnir. Fjörutíu manns starfa um borð þegar mest lætur.** - jse

Tveir alvarlega slasaðir:

# Alvarlegt bílslys við Jökulsárlón

**SLYS** Fimm manns voru sendir til aðhlynningar á bráðamóttöku, þar af tveir alvarlega slasaðir, eftir alvarlegan árekstur austan við Jökulsárlón um fimmleytið í gær.

Tildrög slyssins eru ekki ljós en jeppabifreið og stór fólksbifreið sem komu úr gagnstæðri átt lentu saman og höfnuðu utan vegar. Bílarnir eru báðir mikið skemmdir. Samtals voru tólf manns í bílunum og þar af sex börn.

Þyrla Landhelgisgæslunnar var send á staðinn auk þess sem klippa þurfti farþega úr einum bílnum. - nej

Tvær taldar týndar í Djúpinu:

# Fundust í góðu gengi á Húsavík

**LÖGREGLUMÁL** Konurnar sem leitað var að í óbyggðum Jökulfjarða við Ísafjarðardjúp í gær fundust heilar á höldnu á Húsavík síðdegis.

Konurnar höfðu farið með bát til Veiðileysufjarðar í Jökulfjörðum en við komuna til baka var mistalið upp úr bátnum. Taldist mönnum til að konurnar hefðu ekki skilað sér og var því farið að grennslast fyrir um þær.

Fulltrúi frá breska sendiráðinu lét lögregluna á Vestfjörðum svo vita að konurnar tvær væru í góðu gengi á Húsavík, grunlausar um umstangið. - jse



**EINBEITTUR BROTAVILJI** Verkið var áður tjörn en eitt skemmdarverkanna fól í sér að einhver fjarlægði tappann úr tjörninni, sem var þó kirfilega fastur. Því segir Sigurður skemmdarverkin einkennast af einbeittum brotavilja.

# Spellvirkjar þjösnast á skúlptúr dag eftir dag

Skúlptúr sem settur var upp til þess að lífga upp á torg í miðbænum er orðinn eftirlæti skemmdarvarga. Hönnuðir hans vilja láta koma fyrir eftirlitsmyndavél. Verkið þarfnast lagfæringa daglega. Biðja um að verkinu sé leyft að njóta sín.

**SAMFÉLAGSMÁL** Skúlptúr sem settur var upp til þess að lífga upp á torg við Bernhöftstorfuna í sumar hefur þurft að þola skemmdarverk nánast á hverjum degi síðan hann var settur upp.



**SIGURÐUR ARENT JÓNSSON**

„Hann hefur orðið fyrir barðinu á miðbænum,“ segir Sigurður Arent Jónsson, einn þriggja hönnuða skúlptúrsins. „Við hugsuðum út í það að verkið myndi lenda í einhverju yfir sumartímann en þetta kemur manni í opna skjöldu. Að það sé þjösnast á þessu dag eftir dag það mikið að það sé verið að rífa upp hellur og beygja teina.“ Hann segir öll möguleg skemmdarverk hafa verið unnin á skúlptúrnum. „Það er búið að rífa út setuaðstöðuna, vaða út í tjörnina og rífa upp listaverkið, hreyfa það um allt og kremja boltana sem listaverkið samanstendur af.“

Skúlptúrinn var settur upp í tengslum við verkefni á vegum Reykjavíkurborgar. „Það var lýst eftir áhugasömum hönnuðum og listafólki til þess að taka í fóstur eitt af þessum torgum bæjarins sem hafa fallið í gleymsku og lífga upp á þau í sumarfríinu,“ útskýrir Sigurður. „Við fengum Bernhöftstorfuna, fólk stoppar ekki mikið þarna og nýtir sér þetta lítið.“ Hann segir verkið greinilega þjóna tilgangi sínum við að draga fólk að en það vanti að gestirnir njóti svæðisins.

„Það væri æðislegt ef fólk gæti látið þetta vera næstu vikurnar. Við erum að íhuga það að setja upp eftirlitsmyndavél þarna og hreinlega kæra fólk sem er að skemma þetta enda er um hrein og bein skemmdarverk að ræða.“

Með Sigurði í verkefninu eru Laufey Jónsdóttir og Friðrik Steinn Friðriksson. Segist hópurinn vera í fullri vinnu við að laga listaverkið á hverjum degi. „Við verðum að halda þessu við.“

Sigurður hefur engan grunaðan um skemmdarverkin en finnst þó ólíklegt að þetta séu ferðamenn. „Þetta virðist vera svo einbeittur brotavilji. Ef það er einhver ósáttur við verkið eða hefur einhverjar upplýsingar má sá hinn sami endilega hafa samband við okkur. Markmiðið er að sem flestir njóti svæðisins.“

nannae@frettabladid.is


# TIL SÖLU 2 TANKAR

**2500 M³ HVOR / ÞVERMÁL 17M / HÆÐ 16M**

**VORU ÁÐUR NOTAÐIR UNDIR LOÐNU**

**TANKARNIR ERU SKRÚFAÐIR SAMAN Í 125CM EININGUM ENN ERU ÓSAMSETTIR OG TILBÚNIR TIL FLUTTNINGS**







**VERÐ ER 12M KR SAMAN EÐA 7M Í SITTHVORU LAGI (EINNIG KEMUR TIL GREINA Að SELJA ÞÁ Í MINNI HLUTUM)**

**ÁHUGASAMIR HAFIÐ SAMBAND Í SÍMA: 894-1126**


Landsbankinn samþykkir að veita starfsmönnum hlut í bankanum:

# Starfsmenn eignast 4,7 milljarða

**ATVINNUMÁL** Starfsmenn Landsbankans eignast tæplega 1 prósenta hlut í bankanum. Heildarverðmæti bréfanna er 4,7 milljarðar króna. Þetta var samþykkt á hluthafafundi í gær.

„Það er mikilvægt að hagsmunir ykkar og bankans fari saman,“ segir Steinþór Pálsson bankastjóri í bréfi sem hann sendi starfsmönnum í gærmorgun. Óskar hann þeim jafnframt til hamingju. Starfsmennirnir sem um ræðir eru starfsmenn Landsbankans hf. og Landsbréfa hf. sem fastráðnir voru 31. mars 2013 og þeir sem látið hafa af störfum vegna aldurs, örorku eða verið sagt upp í hagræðingarskyni.

Fjöldi afhentra hluta til hvers og eins starfsmanns er hlutfallslegur og miðast við föst laun og þann tíma sem viðkomandi hefur starfað hjá Landsbankanum frá 15. desember 2009 til 31. mars 2013. Af fyrrnefndri fjárhæð, 4,7 milljörðum króna, heldur Landsbankinn eftir hlutabréfum sem nema fjárhæð tekjuskattsgreiðslu starfsmanna, fjársýsluskatti sem lagður er á fjármálafyrirtæki og öðrum launatengdum gjöldum og ráðstafar þeirri fjárhæð, samanlagt um 2,3 milljörðum króna, til ríkisins. Auk þessa renna 600 milljónir króna í lífeyrissjóði og starfsmenn fá því til sín hlutabréf sem nema 1,8 milljörðum króna. Þetta jafngildir 1 prósenti af hlutafé bankans. Skiptist sú upphæð á 1.400 starfsmenn. - nej



**HAMINGJUÓSKIR** Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, óskaði starfsmönnum til hamingju með daginn, en í gær eignuðust þeir hlut í bankanum.




ALLT Á PALLINN Á LÆGRA VERÐI



**GARÐHÚS**
4,4 fm. Bjálkaþykkt 32mm
Verð nú:
**159.000**
Áður: 176.900
Þú sparar:
17.900

# SUMAR ÚTSALAN

## HELDUR ÁFRAM - ÓTRÚLEGT VERÐ

**30% AFSLÁTTUR** af reiðhjólum




**SÝPRIS**
**799**



**ÚTIMÁLNING**
Harpa Sjöfn 10 ltr.
Verð nú:
**9.745**
Áður: 12.995




**25% AFSLÁTTUR**

**HANSARÓS**
Verð nú:
**1.145**
Áður: 2.290



**50% AFSLÁTTUR**

**FLÍSPEYSA**
Verð nú:
**4.899**
Áður: 6.999



**30-70% AFSLÁTTUR** af útivistarfatnaði

**IKRA HEKKKLIPPUR**
Rafmagns
Verð nú:
**8.396**
Áður: 11.995



**20-30% AFSLÁTTUR** af garðverkfærum

Birt með fyrirvara um myndavíxl og prentvillur.

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

DYNAMO REYKJAVÍK

## SVONA ERUM VIÐ



**Landsmönnum fjölgaði um 880 á öðrum ársfjórðungi.**

**1.100 börn fæddust og 500 einstaklingar létust.**

270 einstaklingar fluttu til landsins umfram brottflutta.

*Heimild: Hagstofan.is*

Belgískt flutningaskip var sent til aðstoðar lítilli skútu sem lenti í óveðri:

# Íslenskum bátsverjum bjargað

**BJÖRGUN** Tveimur Íslendingum og einum Möltubúa var bjargað af lítilli skútu djúpt suður af Hvarfi á Grænlandi klukkan ellefu í gær.

Bátsverjar á skútunni, sem var á leið frá Kanada til Íslands, sendu í gærkvöldi út neyðarkall og sögðust óttast um öryggi sitt. Hafði þá gert óveður sem reyndist of mikið fyrir skútuna.

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar hafði þegar samband við Björgunarmiðstöðina í Halifax, sem beindi nærstöddum skipum í átt að skútunni. Næsta skip var þá í 160 sjómílna fjarlægð og stórsjó. Leitar- og björgunarvél frá kanadísku strandgæslunni var líka send á vettvang og sveimaði yfir skútunni fram eftir morgni, eða þar til belgískt flutningaskip að nafni Megan C fór að nálgast skútuna. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður tókst belgísku skipverjunum að ná bátsverjum um borð rétt fyrir klukkan ellefu í morgun en ekki var viðlit að bjarga skútunni sem nú er á reki.

Mun flutningaskipið sigla til Quebec í Kanada og koma þar í höfn þann 22. júlí samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslunni. Mennirnir eru allir heilir á húfi. **- gs / nej**



**ÓMEIDDIR** Bátsverjum í ógöngum var bjargað í gærdag. Eru þeir heilir á húfi.

Ný rannsókn um hákarla:

# Lifur hjálpar hvíthákörlum

**VÍSINDI** Nýleg rannsókn hefur leitt í ljós að feit lifur hjálpar hvíthákörlum að komast þær löngu ferðir sem þeir taka á sig. Hvíthákarlinn í Austur-Kyrrahafi fer frá ströndum Kaliforníu til Havaí á vorin og snýr aftur síðsumars.

Rannsóknin leiddi í ljós að hann eyðir orku sem hann hefur safnað fyrir í fitu í lifrinni og þannig missir hann flotfærni, sem gerir hann hraðari í förum. Greint var frá þessu á vísindavefnum Science News í gær. **- jse**



**FEGRUNARAÐGERÐIR** Endurnýjun Hverfisgötunnar er hafin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Framkvæmdir hófust í gær við endurbætur á Hverfisgötu:

# Hverfisgatan fegruð og bætt

**SAMGÖNGUR** Framkvæmdir eru hafnar við endurnýjun Hverfisgötu á milli Klapparstígs og Vitastígs. Kemur þetta fram í tilkynningu á vef Reykjavíkurborgar. Til stendur að fegra götuna, skipta út úr sér gengnum lögnum og koma upp malbikuðum hjólastígum. Einnig á að koma fyrir snjóbræðslu í götuna og gróðursetja tré.

Samkvæmt tilkynningunni er eitt af markmiðum framkvæmdanna að bæta öryggi vegfarenda, bæði gangandi, hjólandi og akandi. Framkvæmdum lýkur í lok nóvember. **- nej**

# Hrikaleg hætta sögð steðja að Skagafirði

Landeigendur segja vaxandi hættu á að Héraðsvötn brjóti sér leið í Húseyjarkvísl með hrikalegum afleiðingum fyrir beitar- og ræktarlönd. Vatn myndi leggjast að flugvellinum og neðri hluta Sauðárkróks. Brýnt sé að sveitarfélagið bregðist við.

**HAMFARIR** Landeigendur við Húseyjarkvísl og Héraðsvötn segja mikla ógn stafa af síðarnefnda vatnsfallinu vegna breytinga sem orðið hafa á rennsli þess.



**ÁSTA PÁLMADÓTTIR** Sveitarstjóri Skagafjarðar.

Í bréfi til byggðarráðs Skagafjarðar gera landeigendur við Húseyjarkvísl og Héraðsvötn norðan Húseyjarkvíslar kröfu um tafarlausar aðgerðir.

„Um árabil hefur innrennsli úr Héraðsvötnum til vesturs um svokallaða Affalla og inn í Húseyjarkvísl farið vaxandi. Ef fram fer sem horfir og ekki verður brugðist við með varnaraðgerðum er vaxandi hætta á að Héraðsvötn brjóti sér leið til vesturs í Húseyjarkvísl og áfram og í hinn svonefnda Stóra-Skurð sem liggur austan Langholts, frá Holtstjörn að sunnan og norður til Miklavatns,“ útskýra landeigendurnir.

Vísað er í mikið flóð sem varð í desember 2006 sem vísbendingu um það sem kann að verða.

„Afleiðingarnar yrðu hrikalegar en ætla má að allt undirlendi frá Geldingaholti og út til Sauðárkróks færi undir vatn og stór ræktar- og beitarlönd bænda yrðu ónýtanleg með öllu. Vatn myndi leggjast að flugvellinum, hesthúsahverfinu og neðsta hluta Sauðárkróks,“ vara landeigendurnir við.



**HÉRAÐSVÖTN** Rennslið er vaxandi í Héraðsvötnum, sem brotið gætu sér leið í Húseyjarkvísl. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



> **„Afleiðingarnar yrðu hrikalegar en ætla má að allt undirlendi frá Geldingaholti og út til Sauðárkróks færi undir vatn.**
>
> *Landeigendur við Húseyjarkvísl og Héraðsvötn norðan Húseyjarkvíslar*

Rifjað er upp að árið 2003 lögðu fulltrúar Vegagerðarinnar til varnargarð úr grjóti á mótum Affalla og Héraðsvatna í landi Valla en að ekki hafa orðið af því vegna andstöðu viðkomandi jarðeiganda. Eftir skoðun í maí 2005 hafi héraðsfulltrúi Landgræðslunnar lagt til varnargarð milli Löngumýrarsporðs og Geldingaholtseyjar.

„Tíminn vinnur ekki með okkur í þessu máli og skjótra viðbragða er því þörf,“ segja landeigendurnir.

Byggðarráð Skagafjarðar fól Ástu Pálmadóttur sveitarstjóra að kanna málið. Ásta kveðst ekki hafa svör um málið að sinni.

**gar@frettabladid.is**

Harkan eykst í makríldeilu:

# Íslendingar verða að semja

**SJÁVARÚTVEGUR** Struan Stevenson, varaformaður fiskveiðinefndar Evrópuþingsins, segir að íslensk stjórnvöld verði að fallast á sáttatilboð Noregs og Evrópusambandsins í makríldeilunni til að komast hjá viðskiptaþvingunum. Hann telur að þær brjóti ekki gegn alþjóðlegum viðskiptasamningum en segir að Íslendingum sé frjálst að vísa málinu til dómstóla.

Hann segir ennfremur að Íslendingar hafi engan samningsvilja sýnt og því sé ekki til neinna annarra ráða að grípa en að beita þá þvingunum.

Allsráðandi á markaði:

# ESB setur ofan í við Google

**BRUSSEL, AP** Joaquin Almuna, samkeppnisstjóri framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, segir að leitarþjónustan Google hafi engan veginn lagt sig nægilega fram við að draga úr áhyggjum samkeppnisaðila sinna.

Evrópusambandið hefur haft til rannsóknar hvort Google misnoti yfirburðastöðu sína á markaðnum. Í Evrópuríkjum er Google með 90 prósent markaðshlutdeild.

Google hefur reynt að koma til móts við þetta, en einkum með því að breyta því hvernig leitarniðurstöður eru settar fram. Almuna telur að meira þurfi til. **- gb**






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
5-10 m/s.




**Laugardagur**
3-8 m/s.

**FÍN HELGARSPÁ** Eftir rigningu í dag og á morgun lítur út fyrir fremur þurra og sólbjarta helgi. Sólin verður líklega mest áberandi á austanverðu landinu en það verður hlýtt um allt land og vindur mjög hægur.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 30° | Billund | 24° | Gautaborg | 22° | London | 26° | Orlando | 29° | San Francisco | 20° |
| Basel | 28° | Frankfurt | 29° | Kaupmannahöfn | 22° | Mallorca | 30° | Ósló | 25° | Stokkhólmur | 21° |
| Berlín | 27° | Friedrichshafen | 27° | Las Palmas | 25° | New York | 33° | París | 29° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




**Samsung Galaxy Young**
**24.990 kr.** stgr.
**2.190 kr.** /12 mán.

**Samsung Galaxy S4**
**7.290 kr.** /18 mán.
**119.990 kr.** stgr.

**Samsung Galaxy SIII**
**5.990 kr.** /18 mán.
**99.990 kr.** stgr.

**Samsung Galaxy S II Plus**
**3.990 kr.** /18 mán.
**64.990 kr.** stgr.

# Gleðigjafar Nova!

## Taktu þá með í fríið!



**Nova regnstakkar**
**2.990 kr.**

Regnstakkarnir okkar halda ykkur þurrum og þeir eru næstum því klæðilegir líka. Næstum því.

Söngbókin er nauðsynleg í útileguna og sumarbústaðinn. Ófá hjónabönd hafa byrjað með þessari sakleysislegu söngbók. Kíktu í næstu verslun og kipptu einni með.

**Söngbók Nova**
**0 kr.**

Náðu þér í frítt eintak!





**Partítjald Nova**
**3.990 kr.**

Við seljum eingöngu partítjöld með vænum skammti af góðri stemningu. Þú finnur varla ódýrara þak yfir höfuðið fyrir útileguna. Gríptu eitt með þér fyrir næstu ferð út úr bænum.



**Bíókort Nova** 5 X í bíó!
**3.790 kr.**
Fullt verð **6.290 kr.**

Bíókortin okkar eru ávísun á gleði, spennu, hraðan hjartslátt og jafnvel tár á hvarm (fyrir þá sem fíla rómantískar myndir). Svo er verðið líka algjört bíó.

Hver kannast ekki við að mæta með drulluskítugar hendur í fermingarveislu og verða sér til skammar? (Kannski ekki gott dæmi). En engu að síður er alltaf gott að eiga góða vinnuhanska.

**Nova vinnuhanskar**
**490 kr.**



Heyrðu! Átt þú ekki Urbanears heyrnartól? Þú verður að koma til okkar og kynna þér þessi frábæru hjálpartæki ástar ... nei, ég meina tónlistarlífsins. Og svo eru þau kjörin fyrir símtöl líka.

**URBANEARS** Plattan
**11.990 kr.**
Fullt verð **14.990 kr.**



Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð, áskrift og frelsi. Gildir einnig af umframnotkun í Snjalláskrift. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað telur Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR, að þurfi að hækka iðgjald mikið um áramótin?
**2.** Hvaða diskókóngur hélt tónleika í Hörpu í gær?
**3.** Hvar verður stærsta hótel á Íslandi reist sem opna á vorið 2015?

**SVAR:**
1. Eitt prósent 2. Nile Rodgers 3. Höfðatorgi

Óli Valur Steindórsson, stofnandi Umami, segir hag þess betri en af er látið:

# Horfur Umami orðnar traustari

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** „Ég var kominn út úr þessu fyrir átta mánuðum en ég veit að félagið er í fullum rekstri. Það er verið að fóðra fullt af fiski og horfurnar eru góðar fyrir haustið,“ segir Óli Valur Steindórsson, stofnandi Umami, um stöðu félagsins í dag.



**ÓLI VALUR STEINDÓRSSON**

Fréttablaðið greindi frá því á þriðjudaginn að staða félagsins væri ótrygg og engar upplýsingar fengjust frá forsvarsmönnum þess.

„Ég er náttúrulega ekki innanbúðar í félaginu lengur en það er ljóst að lánardrottnar félagsins væru ekki að lána því 64 milljónir dollara nema þeir hefðu trú á félaginu,“ segir Óli. Félagið fékk lánveitinguna samþykkta þann 26. júní samkvæmt fréttatilkynningu.

Atlantis, félag Óla Vals sem áður átti 62 prósent í Umami, varð gjaldþrota í janúar. Það skuldaði dótturfélaginu rúmlega 17,2 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði tæplega 2,2 milljarða króna, í júní í fyrra. Óli segir þessa skuld nú hafa verið gerða upp.

Hann þurfti að láta af stöðu framkvæmdastjóra Umami í kjölfar fjandsamlegrar yfirtöku á félaginu á seinasta ári. „Þetta félag var eins og sjötta barnið mitt, þannig að þetta er dálítið leiðinlegt. Ég veit samt að félagið er tryggt í dag og það eru aðrir búnir að taka við þessu.“ **- js**

Alþjóðleg offiturannsókn:

# Ráðgátan um fitugenið leyst

**HEILSA** Ný alþjóðleg rannsókn varpar ljósi á erfðafræðilega rót offitu hjá milljónum einstaklinga. Það er breytanleiki í FTO-geninu sem hefur áhrif á hormón sem eykur lyst. Við erfum þessi gen frá foreldrum okkar.

Forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, Kári Stefánsson, segir rannsóknina undirstrika viðkvæmt samspil erfða og umhverfis. Þó að ný lyf geti hjálpað til í baráttunni við aukakílóin sé sjálfsaginn þó enn dýrmætastur. **- khn**

Biðlistar í aðgerðir lengjast:

# Fleiri bíða eftir aðgerð en áður

**HEILBRIGÐISMÁL** Aldrei hafa fleiri beðið eftir því að komast í hjarta- og kransæðamyndatöku og kransæðavíkkanir hér á landi. Nú hafa átttatíu manns beðið í þrjá mánuði eða lengur. Á sama tíma í fyrra voru þeir um tuttugu.

„Það eru upplýsingar um það að slíkum aðgerðum hafi fækkað örlítið en þetta bendir í fyrsta lagi til þess að það eru fleiri að koma inn og spítalinn hefur ekki tækifæri eða kraft til að bregðast við,“ segir Geir Gunnlaugsson landlæknir. Biðlistar eru einnig í fleiri tegundir aðgerða **- ig**



**FRÁ HANDTÖKUNNI** Hér er höfuðpaurinn á leið í svartholið. NORDICPHOTOS/AFP

Treviño handtekinn:

# Vonast til að Los Zetas hætti

**MEXÍKÓ, AFP** Lögregluyfirvöld í Mexíkó eygja þá von að eiturlyfjahringurinn Los Zeta riði til falls eftir að höfuðpaur hans, Miguel Angel Treviño Morales, var handtekinn fyrr í vikunni.

„Þetta er upphafið af endinum,“ sagði Alejandro Hope, sem unnið hefur fyrir mexíkönsku leyniþjónustuna.

Samtökin eru meðal annars grunuð um morð á 72 flóttamönnum sem neituðu að flytja með sér eiturlyf yfirlandamæri Mexíkó og Bandaríkjanna. Með því vildu Los Zetas beina athygli lögreglunnar frá öðru og mikilvægara smygli. **- jse**

Embættið lýkur störfum í ár:

# Samtals 512 mál til sérstaks

**EFNAHAGSMÁL** Frá því að embættið var stofnað hinn 31. mars 2009 hafa alls 512 mál komið inn á borð sérstaks saksóknara. Alls eru 121 mál í ákærumeðferð hjá sérstökum saksóknara, þar af hefur verið gefin út ákæra í 96 málum. 206 mál hafa verið felld niður. Heildarfjöldi mála sem eru enn í rannsókn er 134 og mál sem bíða rannsóknar eru 31 talsins. Þetta kemur fram í nýrri tölfræði embættisins.



**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON**

Stefnt er að því að Ólafur Þór Hauksson og undirmenn hans ljúki störfum í lok þessa árs, en framtíðarskipan rannsóknar efnahagsbrota er nú til umfjöllunar í sérstakri nefnd á vegum innanríkisráðuneytisins. **- nej**

Ákvörðun um gengi lögmæt:

# Íslenska ríkið tapaði gegn LBI

**DÓMSMÁL** Slitastjórn Landsbankans, LBI hf., vann í gær í Héraðsdómi Reykjavíkur mál gegn íslenska ríkinu og hollenskum og breskum kröfuhöfum. Snerist málið um lögmæti ákvörðunar slitastjórnarinnar að reikna virði hlutagreiðslna upp í forgangskröfur miðað við verðmæti erlendra gjaldmiðla í apríl 2009. Var íslenskan krónan talsvert sterkari þá en í mars sama ár.

Vildu kröfuhafar að dómari úrskurðaði um hvaða gengi skyldi miða við. Dómarinn tók ekki afstöðu til þess, þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu að ákvörðun Landsbankans um gengisviðmiðun hefði verið í fullu samræmi við lög. **- nej**





**VIP CLUB Í AUSTURSTRÆTI** Mikael Nikulásson, eigandi VIP-Club, vildi ekki tjá sig við Fréttablaðið en viðurkenndi að starfsemi staðarins væri „í anda“ kampavínsklúbba. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Tveir nýir kampavínsklúbbar í Reykjavík

Nýverið voru opnaðir tveir nýir kampavínsklúbbar í Reykjavík. Fyrir er einn slíkur í Lækjargötu, Strawberries. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins snýst starfsemin um að kaupa sér félagsskap léttklæddra kvenna með kaupum á dýru kampavíni.

**SAMFÉLAGSMÁL** Tveir kampavínsklúbbar hafa verið opnaðir nýverið í Reykjavík, einn í Austurstræti og annar í Ármúla gegnt Fjölbrautaskólanum. Fyrir var einn slíkur klúbbur á höfuðborgarsvæðinu, Strawberries í Lækjargötu.

„Þetta er kampavínsklúbbur. Þá geturðu keypt flott vín í dýrari kantinum og fengið að ræða við stúlkurnar sem hér vinna í staðinn,“ segir Haraldur Jóhann Þórðarson, eigandi Crystal í Ármúla.

Spurður segir hann að ekkert óeðlilegt sé við slíka starfsemi og að hún sé öll innan lagalegra marka. Eftirspurnin sé ágæt.

„Það mætti auðvitað vera meira að gera, en við erum að fara í gang,“ segir Haraldur.

Starfsemi sem þessi hefur verið umdeild og til að mynda hefur talsverður styr staðið um kampavínsklúbbinn Strawberries. Staðnum var lokað af lögreglu nokkrum sinnum árið 2007 vegna meintra brota á vínveitingalöggjöfinni en hefur verið opinn allar götur síðan.

Eftir að lögum um starfsemi nektardansstaða var breytt árið 2010 hurfu nektardansstaðirnir af sjónarsviðinu en við tóku kampavínsklúbbar.

Mikael Nikulásson, eigandi VIP-Club, vildi ekki tjá sig en viðurkenndi að starfsemi staðarins væri í anda kampavínsklúbba.

maria@frettabladid.is





**CRYSTAL Í ÁRMÚLA** Hægt er að kaupa vín og ræða við stúlkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hvað gerist á kampavínsklúbbum

Tveir útsendarar á vegum Fréttablaðsins heimsóttu kampavínsklúbbana í vikunni.

Við komuna á Crystal í Ármúla tók á móti okkur dynjandi popptónlist. Staðurinn var nær allur bólstraður með gervileðri og úr loftinu héngu kristalsljósakrónur. Bekkir voru meðfram öllum veggjum og borð þar við. Barinn sjálfur var lítill en við hlið hans var tveggja sæta sófi og „prívat“ svæði. Innst inni á staðnum sátu í hnapp fimm konur af erlendu bergi brotnu. Konurnar voru klæddar í djörf undirföt, lítil pils, netasokka og háa hæla. Til þess að fá að tala við þær þarf að kaupa kampavín, sem blaðamaður lét þó vera.

Í Austurstrætinu er innangengt á VIP-Club innan af öðrum skemmtistað sem heitir Home. Samkvæmt stúlku á barnum er starfsemin ekki tengd á neinn hátt, en eigandi staðarins sagði þó í samtali við Fréttablaðið að staðurinn væri ein heild. Hann gat þó ekki gefið skýringar á því hvers vegna staðurinn bæri þá tvö nöfn. Það var svipað umhorfs inni á VIP-Club og á Crystal. Þar störfuðu nokkrar stúlkur sem kváðust vera frá Slóveníu. Þær höfðu aðeins búið á Íslandi í eina viku en töluðu eilitla ensku. Þær sögðust búa allar saman í lítilli blokkaríbúð og því vera mjög nánar. Ein kvennanna var greinilegur yfirmaður þeirra og virtust konurnar leita til hennar eftir samþykki um næstu skref í samskiptunum. Í boði var að fara afsíðis í bakherbergi. Þar gátu þær veitt heimildarmanni „það sem hann vildi“ án þess að frekari útskýringar fylgdu. Tíu mínútur með stúlku þar kostuðu tuttugu þúsund.

DALA FETA FYRIR ÞÁ SEM GERA KRÖFUR





ms.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

# ÚTSALA

## NÝTT KORTATÍMABIL

# 40% TIL 70%

## AFSLÁTTUR

af fatnaði, skóm og heimilisvöru

24 Hagkaup

OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg
og á Akureyri
í sumar!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

K-orðs vísitala Arion banka:

## Kreppufréttum fækkar stöðugt

**FJÖLMIÐLAR** Fréttum í prent- og ljósvakamiðlum sem innihalda orðið „kreppa“ fækkar stöugt frá því þær tröllriðu landanum í haustmánuðum 2008. Í júní síðastliðnum voru þær fimmtíu og níu og þó einhverjum þætti nóg um hafa þær ekki verið færri frá árinu 2007.

K-orðsvísitalan, eins og greiningardeild Arion banka kallar mælinguna, tók reyndar mikið stökk á vormánuðum í kringum Alþingiskosningarnar. - jse

Fasteignaverð hefur hvergi hækkað eins mikið frá árinu 2008 og á Vestfjörðum:

# Segir Vestfirðinga ná vopnum sínum á ný

**ATVINNUMÁL** „Þeir síðustu verða fyrstir,“ segir Guðmundur Óli Tryggvason hjá Fasteignasölu Vestfjarða, en fasteignaverð hefur hvergi hækkað jafn mikið frá hruni en þar, eða 24 prósent. Hann segir að Vestfirðir hafi sífellt rekið lestina í þessum efnum fyrir hrun og því eigi þeir þessa hækkun inni. Hann segir að Vestfirðingar búi þannig vel að því að hafa ekki farið offari líkt og víða gerðist fyrir hrun.



DANÍEL JAKOBSSON

Hann segir að nú skorti leiguhúsnæði á Ísafirði og fjölbreytnin mætti vera meiri hvað varðar úrval á fasteignum til sölu. „Ég finn þetta á eigin skinni,“ segir Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. „Ég hefði átt að kaupa strax þegar ég kom hingað fyrir þremur árum, þetta er orðið mun erfiðara núna,“ bætir hann við. Hann segir margt geta útskýrt aukna eftirsókn í húsnæði fyrir vestan. „Staðan í atvinnumálum er með ágætu móti, það geta allir fengið vinnu sem vilja. Til dæmis er verið að auglýsa þrjú hálaunastörf hjá bænum. Spítalinn hefur verið að ráða fólk, það er verið að auglýsa eftir fólki á Þróunarsetrinu og svo hefur Innheimtustofnun verið að leita eftir fólki. Svo er mikil eftirspurn eftir verkafólki. Það má segja að við séum að ná vopnum okkar á ný.“ Það er líka nóg um að vera. Framkvæmdir við nýtt hjúkrunarheimili eru þegar hafnar, unnið er að gerð snjóflóðavarnar, uppbygging hefur fylgt úthafsrækjuveiðum sem gefin var frjáls fyrir þremur árum og ferðaiðnaði hefur vaxið fiskur um hrygg. Til að mynda tók nýtt hótel til starfa nú í sumarbyrjun. - jse



**HLAUPARAR** Keppendur í hlaupinu eru um 250 talsins. Mynd/madarakd

Staðið fyrir víðavangshlaupi:

## Hlaupa 50 km á dag á Íslandi

**FÓLK** Sjálfboðaliðasamtökin SEEDS starfa nú með hópnum RacingThePlanet, sem stendur fyrir víðavangshlaupi á Íslandi. Hlaupið hefst í Kerlingarfjöllum þann 31. júlí og dagsvegalengdin er um 50 kílómetrar á dag.

Samtals munu keppendur leggja að baki 250 kílómetra í stórbrotnu landslagi og lýkur hlaupinu með slökun í Bláa Lóninu þann 11. ágúst. Einstaklingum gefst einnig tækifæri á að taka þátt í viðburðinum sem sjálfboðaliðar á vegum SEEDS. - nej

70% hækkun frá fyrra ári:

## Hlutabréf í Yahoo! hækka

**VIÐSKIPTI** Hlutabréf í netfyrirtækinu Yahoo! hafa hækkað um 70 prósent síðan hin 38 ára gamla Marissa Mayer tók við starfsemi þess.

Mayer starfaði áður sem upplýsingafulltrúi Google við góðan orðstír.



MARISSA MAYER

Starfsemi Yahoo! hefur breyst töluvert frá því að Mayer tók við fyrirtækinu. Keypti Yahoo! meðal annars nýverið fyrirtækið Tumblr, sem er vinsælasta bloggveita á internetinu. Heimsóknir á Tumblr hafa aukist stórlega frá því í fyrra.

Mayer tók við starfi forstjóra Yahoo! á síðasta ári. Í viðtali við CNN í kjölfarið sagði hún að Yahoo stefni að því að gera daglega netþjónustu fyrir notendur eins hrífandi og hagnýta og mögulegt er. - le

# Úreltum vopnum smyglað í viðgerð

Kúbustjórn segir að vopnin sem fundust í skipi í Panama hafi átt að fara til viðgerðar í Norður-Kóreu. Stjórnin í Panama hefur óskað eftir aðstoð frá Sameinuðu þjóðunum við frekari leit í skipinu og reiknar með viku til verksins.

**PANAMA, AP** Engar skýringar hafa enn fengist á því hvers vegna Kúbustjórn sendir fleiri tonn af ævafornum vopnabúnaði til viðgerðar í Norður-Kóreu.

Einfaldara hefði væntanlega verið að fá viðgerðarmenn og varahluti senda frá Norður-Kóreu. Það hefði ekki verið brot á alþjóðlegu vopnaviðskiptabanni við Norður-Kóreu.

Kúbustjórn hefur upplýst að um borð í skipinu, sem kyrrsett var í Panama í síðustu viku, séu tvö rússnesk loftvarnarkerfi, annað af gerðinni Volga en hitt af gerðinni Pechora. Þá hafi níu flugskeyti verið um borð í skipinu, en þau hafi verið í pörtum. Loks hafi þarna leynst tveir þotuhreyflar.

Það var Ricardo Martinelli, forseti Panama, sem skýrði frá því á þriðjudag að um borð í skipinu hafi fundist flugskeyti og annar vopnabúnaður falinn í gámum undir sykurfarmi í lestum skipsins.

Hann sagði að upphaflega hefðu yfirvöld í Panama talið að fíkniefni kynnu að leynast í skipinu. Þess vegna var farið um borð til að leita.

Síðan 2006, eftir að Norður-Kórea hóf tilraunir með kjarnorkusprengjur, hefur öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fjórum sinnum samþykkt refsiaðgerðir gegn Kúbu, og urðu þær æ harðari eftir því sem þeim fjölgaði.

Staðan nú er sú að öllum aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna er bannað selja eða flytja vopn eða vopnabúnað til Norður-Kóreu, eða útvega Norður-Kóreu vopn með öðrum hætti, hvort heldur er beint eða óbeint. Undanskilin eru þó smærri vopn á borð við skammbyssur og riffla.

Kúbustjórn sendi frá sér tilkynningu þar sem hún sagðist hvergi ætla að hvika frá skuldbindingum sínum við alþjóðalög, frið og kjarnorkuafvopnun.

Hugh Griffith hjá SIPRI, alþjóðlegu friðarrannsóknastofnuninni í Stokkhólmi, segir þetta atvik beina athygli heimsins að samskiptum Kúbu og Norður-Kóreu. gudsteinn@frettabladid.is



**PANAMAFORSETI UM BORÐ Í SMYGLSKIPINU** Ricardo Martinelli skýrði frá vopnafundinum á þriðjudag. NORDICPHOTOS/AFP

### Skipið Chong Chon Gang

Skipið sem nú hefur verið kyrrsett í Panama vegna vopnasmygls er 34 ára gamalt, skráð í Pjongjang, höfuðborg Norður-Kóreu. Á seinni árum hefur það nokkrum sinnum verið kyrrsett af öryggisástæðum eða vegna gruns um smygl, meðal annars í Úkraínu árið 2010. Þá var ráðist á skipið af sómölskum sjóræningjum árið 2009, um 400 mílur út af strönd Sómalíu.






Framkvæmdastjóri Miðborgarinnar okkar segir kaupmenn hafa verið bálilla:

# Götulokun kippt í liðinn eftir túr með pirruðum leigubílstjóra

**REYKJAVÍKURBORG** Framkvæmdaáætlun vegna Hverfisgötu er farin úrskeiðis, segir í bréfi Jakobs F. Magnússonar, framkvæmdastjóra Miðborgarinnar okkar, til skipulagssviðs borgarinnar.

Vegna framkvæmda er lokað fyrir umferð niður Klapparstíg frá Hverfisgötu og um Laugaveg frá Vatnsstíg að Skólavörðustíg. „Nú er hins vegar búið að loka Frakkastíg, bæði við Laugaveg og við Hverfisgötu – úr báðum áttum,“ segir Jakob, sem kannaði málið persónulega á þriðjudagskvöldið eftir upphringingar frá „bálillum“ rekstraraðilum.

„Það ríkti öngþveiti á svæðinu. Bílstjórar bersýnilega ekki að átta sig, óku áfram á Hverfisgötu að hliðinu við Frakkastíg og hófu þar U-beygjur við afar þröngar og erfiðar aðstæður. Leigubílstjóri minn varð fljótlega verulega hissa og pirraður,“ lýsir Jakob í bréfi sínu til Ólafar Örvarsdóttur, sviðstjóra umhverfis- og skipulagssviðs.



**LOKAÐ** Frakkastígur er lokaður bæði við Laugaveg og Hverfisgötu.

„Takk fyrir að láta okkur vita og ég vissi ekki af þessum breytingum,“ svarar Ólöf sem kveðst munu láta starfsmann sinn sjá til þess málinu „verði kippt í liðinn snarasta“. - gar



JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON


DEBENHAMS
ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI
50-70%
AFSLÁTTUR
Opið til kl. 21:00 í kvöld
20%
VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
AF SKÓM, TÖSKUM, FYLGIHLUTUM OG SUNDFÖTUM Á ÚTSÖLU
Finndu okkur á facebook
Gerðu lífið skemmtilegra
DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Fiskvinnsla á Vopnafirði:

# Vinnslu fyrsta aflans lokið

**SJÁVARÚTVEGUR** Makríl- og síldarvinnsla hófst í byrjun vikunnar í fiskiðjuveri HB Granda á Vopnafirði.

Fyrsti afli vertíðarinnar kom á staðinn síðastliðinn sunnudag og lauk vinnslu á honum í fyrradag.

Að sögn Magnúsar Róbertssonar vinnslustjóra á svæðinu munu um 160 til 170 manns starfa við uppsjávarfrystihúsið í sumar. Þar af er helmingur afleysingarfólk. Hann segir vinnsluna hafa farið rólega af stað. **-nej**

Skuldbindingar opinberra lífeyrissjóða ekki til í fjárlögum og því líklega ekki tryggðar:

# Mun stórtækari aðgerðir þarf vegna LSR

**EFNAHAGSMÁL** „Með því að hækka iðgjaldið um eitt prósent um áramótin er verið að bregðast við skammtímavanda,“ segir Pétur Blöndal, tryggingafræðingur og alþingismaður.

Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR), sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að nóg væri að hækka iðgjöld sjóðsins um eitt prósent um áramótin til að byrja með. Alvarleg staða hans hefur verið til umfjöllunar undanfarna daga. Pétur Blöndal segir vandamál LSR þess eðlis að mun stórtækari aðgerðir þurfi til að bregðast við vandanum.

Hann bendir á að samkvæmt lögum skuli stjórn Lífeyrissjóðsins leggja til hækkun á iðgjaldi til þess að sjóðurinn standi undir sér. „Þetta hefur stjórnin aldrei gert og nú eru 60 milljarða króna skuldbindingar LSR búnar að safnast upp, auk 400 milljarða króna í lokuðum sjóði. Þetta er falin skuldbinding sem ekki er til í fjárlögum,“ segir Pétur og telur mikilvægast að stjórnvöld viðurkenni vandann strax.



Hann segir að alla tíð hafi sjóðurinn átt að byggjast á söfnun til þess að standast skuldbindingar hvort sem um ræðir lokaðar eða opnar deildir sjóðsins.

„Ef skuldbindingarnar eru ekki til í fjárlögum þá eru þær í raun ekki tryggðar. Í stjórnarskránni segir að ekki megi greiða fé úr ríkissjóði nema samkvæmt fjárlögum og þessar skuldbindingar finnast ekki í fjárlögum,“ segir Pétur sem telur brýnt að koma halla opinberra sjóða inn í fjárlög með einhverjum hætti sem fyrst. **- le**

Fjölskylduslys í Berufirði:

# Fluttur á spítala eftir bílveltu

**BJÖRGUN** Maður lenti í bílslysi í Berufirði skömmu fyrir hádegi í gær. Var hann farþegi í bíl sem valt. Auk hans voru í bílnum eiginkona hans, sem jafnframt var ökumaður bílsins, og tvö börn þeirra.

Konan missti stjórn á bílnum þegar hún ók út í lausamöl svo bíllinn fór tvær veltur og hafnaði á hvolfi. Var öll fjölskyldan í bílbeltum. Maðurinn var fluttur með þyrlu Landhelgisgæslu Íslands á Borgarspítalann en fjölskylda hans flutt á Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupsstað. **-nej**

Efnt til Ástarviku á ný:

# Ástarvikan flutt til hausts

**MANNLÍF** Þó engin ástarvika hafi verið haldin í Bolungarvík er höfundur hennar, Soffía Vagnsdóttir, síður en svo af baki dottin með það verkefni.

Ástarvikan verður nú endurvakin en í stað þess að halda hana síðsumars, þegar Soffía er önnum kafinn í ferðamennsku, verður hún flutt til haustsins.

„Eftir miklar vangaveltur höfum við komist að því að eflaust er best að halda hana í septemberlok eða októberbyrjun þegar hversdagslífið skellur aftur á hjá fólki,“ segir Soffía. „Er það ekki kjörinn tími til að elskast?“ segir hún og hlær við.

Einnig eru uppi hugmyndir um að fá fleiri bæi til að taka þátt í Ástarvikunni. **- jse**



**MALALA JÚSAFSAÍ** Hún var aðeins 15 ára þegar hún var skotin í höfuðið fyrir utan skólann sinn. NORDICPHOTOS/AFP

Talibani biðst afsökunar:

# Hefði frekar viljað vara við

**PAKISTAN, AP** Adnan Rashíd, yfirmaður talibanahreyfingarinnar í Pakistan, hefur sent Malölu Júsafsaí bréf þar sem beðist er afsökunar á skotárásinni á hana á síðasta ári.

Í bréfinu segist hann frekar hafa viljað að hún yrði vöruð við því að halda áfram að gagnrýna talibana.

Hann segir ekki að það hafi verið rangt að ráðast á hana, einungis að sér þyki það hræðilegt og vildi að það hefði ekki gerst. Hann tekur einnig fram að í bréfinu sé hann einungis að tjá sína eigin skoðun, en ekki að tala fyrir munn hreyfingarinnar. **- gb**





**EYÐA MIKLU Á ÍSLANDI** Tax free tölur sýna að Meðaleyðsa Ferðamanna frá Kína og rússlandi er mun hærri en annara. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kínverjar og Rússar eyða mest ferðamanna á Íslandi

Taxfree-velta í ár hefur aukist um 10 prósent samanborið við árið á undan. Talsmaður Global Blue á Íslandi segir mikilvægt að fjölga ferðamönnum frá þeim löndum sem eyða hér mestu, til dæmis Kína og Rússlandi.

**FERÐAMENNSKA** Kínverjar og Rússar eru ekki mikið að spá í verðmiðann í verslunum er þeir koma hingað til lands ef marka má tölur frá Global Blue á Íslandi, sem er eitt þeirra fyrirtækja sem sér um endurgreiðslur á virðisaukaskatti til ferðamanna.

Færslur kínverskra og rússneskra ferðamanna í verslunum hafa verið að aukast hvað mest á undanförnum árum og eru þær að meðaltali mjög háar.

Meðalfærsla ferðamanna á Íslandi er 15.570 krónur. Hinsvegar en meðalfærslur Kínverja og Rússa yfir 20 þúsund krónur. Velta þessara þjóða er þó ekki mörg prósent af heildarveltu viðskipta án virðisaukaskatts (Taxfree) vegna þess að enn eru hvorki Rússar og Kínverjar ekki hátt hlutfall af ferðamönnum á Íslandi.

„Það er mikilvægt að ýta undir aukningu ferðamanna sem eyða miklu líkt og Rússar og Kínverjar. Þótt fólk frá þessum þjóðum sé ekki með stórt hlutfall af heildareyðslu á markaðnum hér á landi þá er það að eyða mjög miklu í verslun miðað við þann fjölda sem kemur frá þessum þjóðum,“ segir Kristján Másson hjá Global Blue á Íslandi.

Taxfree-velta hefur vaxið um um það bil tíu prósent á þessu ári samanborið við árið áður en





**KÍNVERJAR EYÐSLUKLÆR** Kristján Másson hjá Global Blue á Íslandi segir að gott væri að fá fleiri Kínverja og Rússa til landsins. Fréttablaðið/GVA

hefur þó ekki náð að fylgja fjölgun ferðamanna.

„Þeir ferðamenn sem hafa heimsótt Ísland árið 2013 virðast ekki skilja jafn mikið eftir í verslun og árið 2012,“ bætir Kristján við en útskýrir þó að tölurnar spanni aðeins fyrstu sex mánuði ársins.

Sala til erlendra ferðamanna hefur breyst töluvert á síðustu árum. „Tímabilið hefur verið að lengjast og það sem er áhugavert er að sala ferðamanna í verslunum var meiri í október en í maí og meiri í september en í júní. Með átakinu Ísland allt árið og samhentu átaki aðila í ferðaþjónustunni hefur náðst að lengja tímabilið ásamt því að ná til annarra ferðamanna yfir háveturinn,“ segir Kristján.

Ferðamenn frá Bandaríkjunum hafa vinninginn hvað varðar heildareyðslu á varningi án virðisauka það sem af er árinu og koma Norðmenn næstir á eftir þeim. **lovisa@frettabladid.is**

## TAXFREE Í TÖLUM





# VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Hjónin Kristján og Anna rækta kartöflur á bænum Forsæti IV í Flóahreppi. Þar hafa gómsæt og næringarrík jarðepli komið upp úr frjósömum jarðveginum í meira en hálfa öld. Á þeim tíma hefur margt breyst en hugvit og tækniframfarir gera þeim hjónum kleift að sjá að mestu sjálf um bæði sáningu og uppskeru.




ÍSLENSKA SIA.IS SFG 55816 07/11 - Ljósmyndir: Hari

## HÁTÍÐIR HELGARINNAR

**Félagsmót Storms á Þingeyri.**
**19. til 20. júlí 2013**
Gæðingakeppni, kappreiðar og hinn sívinsæli útreiðatúr.

**Húnavaka á Blönduósi**
**19. til 21. júlí**
Menningarhátíð Austur-Húnvetninga

**Miðaldadagar á Gásum við Eyjafjörð**
**19. til 21. júlí**
Á Miðaldadögum er reynt að endurskapa lífið eins og það gæti hafa litið út í kringum árið 1300.

**Skálholtshátíð**
**18. til 21. júlí**
50 ára afmælishátíð Skálholtsdómkirkju haldin að Skálholti



## VEÐUR

**Föstudagur**
**10-20°C SUÐLÆG ÁTT**
Suðvestan 5-13 m/s við SA-ströndina, en annars hægari suðlæg eða breytileg átt.

**Laugardagur**
**9-13°C SMÁVÆTA**
Hægar S-lægar eða breytileg áttir lengst af og smávæta S- og V-lands, en annars bjart með köflum.

**Sunnudagur**
**11-17°C GOTT VEÐUR FYRIR AUSTAN**
Hlýtt veður, einkum N- og A-til. Suðlægar áttir *Heimild: vedur.is*



**HÁLENDIÐ** Allur akstur er bannaður á ýmsum hálendisleiðum vegna aurbleytu og hættu á skemmdum. Nánari upplýsingar **Vegagerdin.is eða í síma 1777.**

## UPPÁHALDSSTAÐURINN MINN Á ÍSLANDI
## LANDMANNALAUGAR




**ÞÓRA HILMARSDÓTTIR**

## Hrá náttúra og ekkert dúllerí

„Mér finnst Landmannalaugar mjög fallegur staður, hrá íslensk náttúra er í uppáhaldi hjá mér, þar sem ekkert er verið að fegra hlutina með trjám og dúlleríi," segir Þóra Hilmarsdóttir, leikstjóri og framleiðandi.

Landmannalaugar eru vinsæll ferðamannastaður á Fjallabaksleið nyrðri, austur af Heklu. Þar er mikill jarðhiti og vinsæl náttúruböð sem ferðalangar geta dýft sér í.

„Það þyrfti samt eiginlega að vera önnur laug sem væri leynd fyrir túristum. En annars er í raun hvaða laug sem er á Íslandi uppáhalds staðurinn minn, náttúrulaug, sundlaug eða jafnvel baðkarið heima. Þegar maður býr í London lærir maður að meta allt þetta heita vatn sem við fengum gefins með landinu,"








**FERÐAMENN Í HVALASKOÐUN** Algengt verð fyrir ferð með hvalaskoðunarfyrirtæki er í kringum 8 þúsund krónur.

# Hvalaskoðun á Íslandi

Nokkuð öruggt er að hvalir sjáist í hvalaskoðunarferðum hér á landi:

„Þetta hefur verið dálítið brösótt hér fyrir sunnan vegna veðursins," segir Rannveig Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Eldingar um þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hennar og spurði út í hvalaskoðunarvertíðina. „Þetta er mjög háð veðri og það varð til dæmis sprenging í gær þegar það var bærilegt veður hér í höfuðborginni. Það hefur gengið vel fyrir norðan í sumar enda veðrið verið betra þar," bætir hún svo við.




**1. Reykjavík:**
**Lægsta verð: 8.000 krónur**
Hrefnur, höfrungar, hnísur og hnúfubakar
**95%** líkur á að sjá hval

**2. Keflavík:**
**Lægsta verð: 8.000 krónur**
Hrefnur, höfrungar, hnísur og hnúfubakar
**95%** líkur á að sjá hval

**3. Akureyri:**
**Lægsta verð: 9.990 krónur**
Aðallega hnúfubakar en einnig hrefnur, höfrungar og hnísur
**99%** líkur á að sjá hval

**4. Dalvík:**
**Lægsta verð: 7.500 krónur**
Aðallega hnúfubakar en einnig hrefnur, höfrungar og hnísur
**98%** líkur á að sjá hval

**5. Hauganes:**
**Lægsta verð: 7.500 krónur**
Aðallega hnúfubakar en einnig hrefnur, höfrungar og hnísur
**99%** líkur á að sjá hval

**6. Húsavík:**
**Lægsta verð: 8.500 krónur**
Aðallega hnúfubakar en einnig hrefnur, steypireyðar, höfrungar og hnísur
**99%** líkur á að sjá hval

**7. Bíldudalur:**
**Lægsta verð: 8.500 krónur**
Aðallega hnúfubakar
**99%** líkur á að sjá hval



**FLESTIR SJÁ HVALI** Samkvæmt hvalaskoðunarfyrirtækjum sjást hvalir í langflestum tilvikum.

# ENNÞÁ MEIRI ÚTSALA

## Í ÖLLUM VERSLUNUM ÚTILÍFS

**ENNÞÁ LÆGRA VERÐ - ENNÞÁ FLEIRI VÖRUR**

# 30% AF REIÐHJÓLUM

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is



NAUTA PIPARSTEIK
FERSK
**2.469**
ÁÐUR 3.799 KR/KG
afsláttur 35%



NAUTA GRILLSTEIK
USA
**2.243**
ÁÐUR 3.298 KR/KG
afsláttur 32%




LAMBARIF
GRILL
**559**
ÁÐUR 798 KR/KG
afsláttur 30%




BEN & JERRYS ÍS 500ML
DOUGH-BLE WHAMMY-CORE /
OH! MY APPLE PIE
**979**
ÁÐUR 1.398 KR/STK
afsláttur 30%




MAÍSKORN
HY-TOP 432 G
**119**
ÁÐUR 159 KR/STK
afsláttur 25%

GRÆNN ASPAS
HY-TOP 411 G BITAR
**215**
KR/STK




MARSHMALLOWS
HY-TOP 283 G
**262**
ÁÐUR 349 KR/PK
afsláttur 25%

**Tilboðin gilda 18. - 21. júlí**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# nettó
*í sumarskapi*

# Amerískir dagar halda áfram!






afsláttur
50%

KLEINUHRINGUR
USA
**95**
ÁÐUR 189 KR/STK



PLÓMUR & NEKTARÍNUR
1 KÍLÓ
**384**
ÁÐUR 549 KR/ASKJAN

afsláttur
30%



afsláttur
40%

SÚKKULAÐITERTA
USA
**959**
ÁÐUR 1.598 KR/STK

**netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## NEYTANDINN: MARÍA RUT KRISTINSDÓTTIR



„Verstu kaup lífs míns eru án efa þegar ég óð af stað í bílaumboð í góðærinu 2007,“ segir María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands. „Ég var í mikilli geðshræringu yfir því að hafa stuttu áður uppgötvað að ég var komin fimm mánuði á leið. Ég ákvað á þeirri stundu að það væri nauðsynlegt, til þess að vera gott foreldri, að eiga góðan og öruggan bíl. Ég var bara 18 ára gömul. Ég labbaði út fimm mínútum síðar, sjúklega sátt, með lykla að tiltölulega nýjum Toyota Avensis. Ég átti alls ekki fyrir bílnum þannig að ég tók bara það besta í boði: myntkörfulán rétt fyrir hrun!“

Bestu kaupin hafi hins vegar verið þegar hún gaf sjálfri sér það í afmælisgjöf að fara til Berlínar á tónleika með Leonard Cohen í fyrrahaust. „Æskuárin mín einkennast mjög mikið af mér að stelast í vínylplöturnar hennar ömmu að hlusta á Cohen. Ég nefnilega fæddist miðaldra. Svo er hefð á áramótunum hjá okkur að hlusta alltaf á Cohen og dansa. Þegar ég sat svo beint fyrir framan sviðið, með engan fyrir framan mig, og horfði á hann, gráspengdan og reffilegan, þenja raddböndin, upplifði ég eitt besta mómemt lífs míns.“

Alþjóðleg mannréttindasamtök segja gallabuxur enn sandblásnar:

# Veldur banvænum sjúkdómi

Verslanakeðjan H&M skiptir enn við kínverska verksmiðju þar sem gallabuxur eru sandblásnar með lífshættulegri aðferð. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu, Breathless for Blue Jeans, sem unnin var á vegum baráttusamtaka.

H&M samþykkti árið 2010, ásamt ýmsum öðrum fataframleiðendum, að banna sandblástur sem getur valdið banvænum lungnasjúkdómi hjá verksmiðjustarfsmönnum. Bannið var sett á eftir að 52 tyrkneskir starfsmenn höfðu látist af völdum sjúkdómsins. Um 1.200 greindust með sjúkdóminn.

Í kjölfar bannsins var framleiðslan flutt til Bangladess, Indlands, Pakistan og Kína. Helmingur framleiðslu allra gallabuxna fer fram í Guadong í Kína. Stjórn fyrirtækisins Yida, sem framleiðir gallabuxur fyrir H&M og Levi's, segir að sandblæstri hafi verið hætt 2010. Starfsmenn fyrirtækisins sögðu hins vegar í viðtölum í nóvember síðastliðnum að aðferðinni væri enn beitt. - ibs




**VERSLUN H&M** Talsmenn H&M vísa ásökununum á bug.

# Sparaðu með breyttu aksturslagi

Með breyttu aksturslagi og smávægilegum undirbúningi má spara tugi þúsunda árlega í eldsneytiskostnað heimilisins. Þetta segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Fréttablaðið skoðaði hvað ferðalangar geta gert til að spara sér bensínpening.

„Það er nokkuð mikið hægt að spara með breyttu aksturslagi,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, um eldsneytisnotkun Íslendinga.

„Það liggja fyrir rannsóknir frá Svíþjóð og algengur árangur er tólf til fimmtán prósent samdráttur í eldsneytisnotkun. Þetta næst bara með því að fylgja flæði umferðarinnar, hlaða bílinn rétt, vera ekki með opnar rúður að óþörfu og svo framvegis,“ segir hann. „Það getur líka verið nokkuð dýrt að þenja bílinn mikið,“ bætir hann við.

Runólfur segir venjulega fjölskyldu geta sparað tugi þúsundi árlega, allt eftir því hversu mikið er ekið og hversu eyðslufrekur heimilisbíllinn er. „Ef við miðum við venjulega fjölskyldu sem kaupir um 2.000 lítra á ári af bensíni og lækkum það svo um fimmtán prósent þá liggur það í augum uppi að það getur verið töluverður sparnaður sem er fólginn í því. Þetta eru tæpar áttatíu þúsund krónur á ári.“

Þá er ljóst að til mikils er að vinna fyrir fyrirtæki að starfsmenn sem keyra á vegum þess temji sér skynsamlegt aksturslag.

Runólfur telur einsýnt að til viðbótar við fjárhagslegan ávinning feli skynsamlegt aksturslag í sér meira öryggi en ella. Réttur loftþrýstingur í dekkjum eykur veggrip þeirra, auk þess sem rétt hleðsla í bílnum heldur honum stöðugri og útreiknanlegri. Þá sé augljóst hvers vegna það er öruggara að keyra á löglegum og jöfnum hraða.

Runólfur segir Íslendinga vera að vakna til vitundar um hvernig hægt sé að draga úr eldsneytiskostnaði.



> „Þeir notuðu bílar sem ganga best í endursölu eru eyðslugrannir bílar.
>
> *Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda*

„Margir kjósa frekar að fara styttri leiðir. Í sumar hefur þó töluvert stór hópur verið að leita í góða veðrið. Íslendingar eru í öllu falli orðnir mun meðvitaðri og flestir eru farnir að velta því fyrir sér hvernig þeir geta dregið úr eldsneytiseyðslunni,“ segir Runólfur.

„Þetta hefur auðvitað líka leitt til þess að fólk hefur dregið úr ferðum. Fólk fór sem dæmi kannski tvær ferðir um langan veg yfir sumar en fer í stað þess bara eina ferð,“ bætir hann við.

„Sömu hegðun má greina í bílakaupum. Þegar fólk leitar að nýjum bíl er mest spurt um hvað hann eyðir miklu. Hið sama á við um notaða bíla. Þeir notuðu bílar sem ganga best í endursölu eru eyðslugrannir bílar,“ segir hann að lokum.

## Eldsneytiseyðsla er aðalmál kaupenda



„Íslendingar eru orðnir mun meðvitaðri um eldsneytiseyðslu en áður,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB. Fyrir vikið er eldsneytiseyðsla bíls jafnan það fyrsta sem horft er til þegar nýr bíll er keyptur. „Æ fleiri velta fyrir sér eldsneytiseyðslunni og hvernig megi draga úr henni,“ bætir hann við. „Notaðir bílar sem eyða litlu eru bestir í endursölu,“ segir Runólfur að lokum.



1 Hafðu loftþrýsting í hjólbörðunum jafnan og sem næst ráðlögðu hámarki.

2 Hafðu sem minnst í bílnum til að draga úr þyngd hans.

3 Forðastu að aka um með opna glugga, farangursgrind, skíða- eða farangursbox á þaki bílsins nema þörf krefji.

4 Frá því tekið er af stað eftir ræsingu á að skipta eins fljótt og mögulegt er upp í annan gír og síðan áfram í hærri gíra með léttum inngjöfum. Skiptið ökutækinu upp með vélina á léttum snúningi og forðist mikinn snúningshraða í akstri og snögghemlun.

5 Venjið ykkur á að aka með jöfnum inngjöfum, æskilegur snúningshraði er undir 2.000 snúningum á mínútu. Þar sem því er viðkomið á að aka sem mest í efstu gírum.

6 Veldu greiðfærar umferðargötur til að draga úr stoppum. Æskilegt er að aka í takt við flæði umferðarinnar.

7 Aktu á löglegum hraða, það borgar sig. Hraðakstur eykur bensíneyðslu, veldur umhverfisspjöllum og er hættulegur.

8 Stöðvaðu vélina ef bíllinn er í hægagangi meira en eina mínútu.

9 Sparið loftkælinguna ef hægt er.

10 Skiptu reglulega um olíu og loftsíu í samræmi við ráðleggingar framleiðanda. Vélin gengur léttar og slitnar minna.

### ➜ Hvað kostar ferðin?

Á vefsíðu Orkuseturs er hægt að reikna út hversu miklu þarf að eyða í eldsneyti í ferðalögum innanlands. Farið er inn á www.orkusetur.is og þar er hægt að slá inn bílnúmer og upphafs- og áfangastað. Reiknivélin sér svo um allt nema að dæla og borga.




SKÁLAR
50%
ÚTSALA ÚTSALA
ÚTSALA ÚTSALA
STÓLL
18.130
Áður 25.900
ÞOLIR -15° C
SÓFI
24.430
Áður 34.900
30%
POLITRATTAN
20%
LJÓS OG LAMPAR
20%
VALDAR LUKTIR
MIKIÐ ÚRVAL
50%
20%
GLÖS OG STELL
VEGGSKRAUT
MYNDIR OG SPEGLAR
30%
SKARTKASSAR
RAMMAR
30%
MARGAR GERÐIR
30%
STÓLAR
HAAG FJÖLSKYLDUSÓFINN
the PIER
325 CM
199.900
BRÚNN OG GRÁR
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



1 **HUGAÐ AÐ SKRIÐDREKA** Ísraelskir hermenn dytta að skriðdreka sínum á Gólanhæðum skammt frá landamærum Sýrlands. NORDICPHOTOS/AFP



2 **HNÚFUBAKUR Á FLUGI** Þessi hnúfubakur tók undir sig glæsilegt stökk upp úr Kyrrahafinu úti af strönd Kólumbíu í vikunni. Meðalaldur hnúfubaka er um 50 ár og meðallengd þeirra um 18 metrar. NORDICPHOTOS/AFP



4 **ÁTAKASLÓÐIR** Hermaður í Austur-Kongó, sem formlega heitir Alþýðulýðveldið Kongó, gengur í gegnum þorpið Rusayo, þar sem harðir bardagar geisuðu stuttu áður. Á herðunum ber hann fyrirferðarmiklar byrðar og gleymir ekki hundinum sínum. NORDICPHOTOS/AFP






3 **BEÐIÐ EFTIR BARNI** Fjölmiðlafólk hefur hreiðrað um sig fyrir utan sjúkrahús í London, þar sem von er á nýjum ríkisarfa, fyrsta barni þeirra Vilhjálms prins og Katrínar konu hans. Þessi blaðamaður dottaði á vaktinni. NORDICPHOTOS/AFP



5 **FÉKK DAUÐADÓM** Ali Ahsan Mohammad Mujahid, leiðtogi íslamistasamtakanna Jamaat e Islam, fékk dauðadóm í Bangladess í gær fyrir glæpi sem hann framdi árið 1971 í stríðinu gegn Pakistan. NORDICPHOTOS/AFP



6 **FLÓÐ Á INDLANDI** Íbúar í Dimapur fleyta á milli sín bala með brúsa fullan af drykkjarvatni. Hundruð manna hafa misst heimili sitt á þessum slóðum í norðaustanverðu Indlandi eftir miklar monsúnrigningar. NORDICPHOTOS/AFP








7 **KANNAR SVEPPABÚSKAPINN** Kim Jong-un, hinn ungi leiðtogi Norður-Kóreu, brá sér í heimsókn í sveitina að skoða sveppaframleiðslu á bóndabæ sem hefur númerið 1.116. NORDICPHOTOS/AFP

# FERÐAVAGNINN

## FÆRÐU HJÁ OKKUR!

AFMÆLISTILBOÐ



**Ægir-Tjaldvagn**
+ Fortjald + Dúkur + Yfirbreiðsla
Verð kr. 1.442.700.
Afsláttur kr. 352.700.
Afmælistilboð **kr. 1.090.000.**

MEÐ ÖLLUM HJÓLHÝSUM FYLGIR AUKAHLUTAPAKKI AÐ VERÐMÆTI
**KR. 250.000.**





**PALOMINO Yearling - 10 feta**
Verð kr. 2.590.000.
Afsláttur kr. 300.000.
Afmælistilboð **kr. 2.290.000.**

**SEGLAGERÐIN ÆGIR**
*Þar sem ferðalagið byrjar*

TIL ÞJÓNUSTU Í 100 ÁR

**Opið**

| | |
|---|---|
| Laugardagur | 11:00-16:00 |
| Sunnudagur | 12:00-16:00 |

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík
S: 511 2200 www.seglagerdin.is

# SKOÐUN

Ríkisstofnanir ítrekað fram úr fjárlögum:

## Meðsekt ráðherra

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga á síðasta ári er að sumu leyti endurtekið efni. Bent er á sömu veikleikana í ríkisrekstrinum og sömu stofnanirnar fara fram úr fjárlögum ár eftir ár. Stofnunin bendir á að hlutfall fjárlagaliða sem fara fram úr fjárheimildum fari hækkandi. Það valdi vonbrigðum og „bendir til þess að ekki hafi tekist nógu vel að viðhalda þeim aga í fjárlagaframkvæmd sem innleiddur var eftir efnahagshrunið 2008“.

Þetta er staðfesting þess sem margir hafa talið sig sjá merki um; að þrátt fyrir allt talið um niðurskurð í tíð síðustu ríkisstjórnar hafi slaknað á aganum í ríkisfjármálum. Það þýðir líka að ný ríkisstjórn verður þegar í stað að herða á þeim aga.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Athyglin hefur beinzt að ríkisstofnunum sem ítrekað og árum saman hafa farið fram úr fjárheimildum „án þess að hlutaðeigandi ráðherra hafi gripið til fullnægjandi ráðstafana til að ráða bót á fjármálastjórn þeirra.“

Ríkisendurskoðun nefnir sérstaklega Landbúnaðarháskóla Íslands, Hólaskóla, Flensborgarskóla, sýslumannsembættin í Borgarnesi og á Selfossi og heilbrigðisstofnanir Austurlands, Suðurlands og Vestmannaeyja. Stofnunin leggur til að fjárlaganefnd kalli eftir svörum viðkomandi ráðherra um hvernig og hvenær fjármálastjórn þessara ríkisstofnana verði komið í lag.

Nú eru ráðherrarnir náttúrlega nýsetztir í stólana sína og geta fáu svarað um fortíðina. Það liggur þó fyrir að forverar þeirra stóðu sig ekki í stykkinu hvað það varðaði að halda þessum stofnunum innan fjárheimilda.

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi sagði í Fréttablaðinu á þriðjudag að í tilvikum heilbrigðisstofnana væru dæmi þess að þær væru „dæmdar“ til hallareksturs. „Þaðan komu tillögur um niðurskurð sem ráðuneytin vildu ekki samþykkja þannig að það er kannski ekki við þær að sakast,“ sagði Sveinn.

Það eru auðvitað fráleit vinnubrögð að hafna niðurskurðartillögum frá forstöðumönnum stofnana en láta þá samt ekki hafa fjárheimildir í samræmi við það. Það bendir til að heilbrigðisráðherrar í síðustu ríkisstjórn hafi ekki treyst sér til að taka pólitískum afleiðingum niðurskurðarins.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur líka árum saman látið hjá líða að laga hallarekstur Landbúnaðarháskólans. Það hefur áður komið fram af hálfu stjórnenda skólans sem þeir ítreka nú; að til að ná rekstrinum á réttan kjöl verði að fækka starfsstöðvum, taka inn færri nemendur og segja upp fólki. Af hverju gerði fyrrverandi ráðherra ekki skýra kröfu um slíkt?

Það blasir við að ráðherrarnir hafa í raun verið bullandi meðsekir í hallarekstrinum. Þá er ekki skrýtið að þeir grípi ekki til þeirra ráða sem þeir eiga að gera lögum samkvæmt; að áminna eða reka yfirmenn stofnana sem ekki halda sig innan fjárlaga.

Ný ríkisstjórn þarf að taka erfiðar ákvarðanir í ríkisfjármálunum. Það er kannski ekki tilviljun að flestar stofnanirnar sem hafa komizt upp með ítrekaðan hallarekstur eru á landsbyggðinni. Þora ráðherrarnir að knýja fram nauðsynlegan niðurskurð, þrátt fyrir markmið stjórnarsáttmálans um „dreifingu opinberra starfa“ um landið? Þora þeir að knýja á um uppsagnir og lokun starfsstöðva? Þora þeir að beita þeim aga sem er nauðsynlegur?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bankarán um hábjartan dag

Sú ákvörðun stjórnenda Landsbankans að gefa starfsmönnum hans hlut í bankanum leggst ekki jafnvel í alla. Einn þeirra sem hafa sterka skoðun á málinu er Þráinn Bertelsson, fyrrverandi alþingismaður, sem skrifar af þessu tilefni á Facebook-síðu sína: „Hvaða dómadagsfíflagangur er þetta? Eiga þeir sem vinna eða hafa unnið hjá ríkinu núna að fara að skipta á milli sín eigum ríkisins? Hvenær byrja þá læknarnir að skipta á milli sín Landspítalanum? Og starfsmenn Landsbókasafnsins að skipta á milli sín bókunum? Á maður að þurfa að horfa upp á enn eitt bankaránið um hábjartan dag?“



### Slagkrafturinn

Það er spurning til hvaða rána Þráinn er að vísa þegar hann talar um „enn eitt bankaránið um hábjartan dag“. Kannski er hann er að hugsa um það þegar bankarnir voru enn að innheimta gengislán sem sumir töldu ólögleg – lögmenn sem tjáðu sig um málið í fyrra líktu því við rán um hábjartan dag, þótt þar hafi þeim reyndar fundist bankarnir vera að ræna fólk, ekki öfugt. Eða er hann að tala um þegar Jóni Ásgeiri Jóhannessyni fannst íslensk stjórnvöld hafa rænt Glitni haustið 2008 og kallaði það „stærsta bankarán Íslandssögunnar“? Það er óvíst en hitt er vísara að líkingin er farin að missa slagkraft.



### Auga fyrir auga

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra skrifar pistil á vef sinn þar sem hann hnýtir rækilega í Ríkisútvarpið, eins og sum flokkssystkin hans hafa gert undanfarið – til dæmis formaðurinn. Gunnari Braga finnst vont að „samfylkingarrithöfundinum“ Hallgrími Helgasyni hafi verið hleypt upp á dekk með áróðurspistil gegn Framsóknarflokknum. Og hvernig vill Gunnar Bragi leysa úr þessari stöðu sem honum finnst vera komin upp? Jú, með því að leyfa einhverjum Framsóknarmanninum að lesa Samfylkingunni pistilinn í útvarpið í staðinn. Það yrði nú aldeilis skemmtileg útvarpsstöð, þar sem lögmálið um auga fyrir auga og tönn fyrir tönn réði ríkjum.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Af dólgum

HEILBRIGÐISMÁL



**Árni Páll Árnason**
formaður Samfylkingarinnar

Ritstjóri Fréttablaðsins gerir því skóna í leiðara í gær að afstaða mín til einkarekstrar heilbrigðisþjónustu einkennist af skotgrafapólitík og ósamkvæmni. Ljúft er að leiðrétta það. Hann minnir á málafylgju mína fyrir nýju sjúkratryggingalöggjöfinni vorið 2008, sem Samfylkingin átti stóran hlut í. Sú löggjöf varð góð, fyrir okkar tilverknað.

En sporin hræða. Það tók mig og aðra samningamenn Samfylkingarinnar margar vikur að þvinga orðin „án tillits til efnahags“ inn í lagatextann. Grunnstefna okkar var þá sú sama og nú: Aukinn einkarekstur í heilbrigðiskerfinu á ekki að leiða til aukins kostnaðar fyrir almenning eða að fólki verði mismunað um þjónustu eftir efnahag. Það var ekki grunnstefna Sjálfstæðisflokksins þá og ég efast um að það hafi breyst. Í stjórnarsáttmálanum frá í vor er sagt að heilbrigðisþjónustu eigi að veita „án tillits til búsetu“ en hvergi er vikið einu orði að hana eigi að veita án tillits til efnahags.

**Hvert stefnir nýr heilbrigðisráðherra?**

Ritstjórinn nefnir réttilega að hægt er að beita ýmsum leiðum til að tryggja samningsstöðu ríkisins gagnvart einkaaðilum. Í glímunni um frumvarpið var sjálfstæðisráðherrann samt alltaf á móti tilraunum okkar til að styrkja þessa stöðu. Blessunarlega höfðum við betur.

**➜ Það er ástæða til að hafa uppi varnaðarorð ef ætlunin er að færa alla heilsugæslu til einkaaðila.**

Enginn veit enn að hverju nýr heilbrigðisráðherra stefnir. En það er ástæða til að hafa uppi varnaðarorð ef ætlunin er að færa alla heilsugæslu til einkaaðila. Eitt er að það mun flækja flutning þjónustu við aldraða til sveitarfélaga, því margt mælir með að heilsugæslan fylgi þar með. Annað er að almenna viðmiðið í sjúkratryggingalögunum er að forðast beri að setja alla þekkingu og reynslu til einkaaðila á einu bretti, því þá glatar ríkið samningsstöðu sinni til frambúðar og býður heim dólgakapítalisma. Eins er óhjákvæmilegt að setja á fót sjálfstætt eftirlit með þjónustunni og styrkja Sjúkratryggingastofnun, ef ráðast á í aukin útboð þjónustu. Allt þetta voru atriði sem þáverandi sjálfstæðisráðherra taldi aukaatriði. Þótt sporin hræði skulum við gefa þeim nýja færi á að feta aðra braut.

# Styðjum byggingu mosku í Reykjavík

TRÚMÁL



Bjarni Randver Sigurvinsson



Toshiki Toma
fulltrúar þjóðkirkjunnar hjá Samráðsvettvangi trúfélaga á Íslandi

**➜ Velvild fjölda trúfélaga og félagasamtaka, auk almennings í garð múslíma, er sem betur fer veruleg og stuðningurinn afdráttarlaus við þau sjálfsögðu mannréttindi þeirra að trúfélög þeirra fái hér að koma sér upp húsnæði fyrir starfsemi sína og trúariðkun.**

Á Íslandi eru starfandi a.m.k. þrjú trúfélög múslíma og hefur ríkisvaldið tekið upp formlegt samband við tvö þeirra með tilheyrandi lögbundnum réttindum og skyldum, annars vegar Félag múslíma á Íslandi sem stofnað var 1997 og hins vegar Menningarsetur múslíma á Íslandi sem stofnað var 2008. Félag múslima sótti um lóð fyrir mosku í Reykjavík um aldamót og hefur nú loks eftir langt þóf fengið henni úthlutað á góðum stað í Sogamýrinni. Menningarsetrið hefur hins vegar nú þegar umbreytt Ýmishúsinu við Perluna í mosku.

Velvild fjölda trúfélaga og félagasamtaka, auk almennings í garð múslíma, er sem betur fer veruleg og stuðningurinn afdráttarlaus við þau sjálfsögðu mannréttindi þeirra að trúfélög þeirra fái hér að koma sér upp húsnæði fyrir starfsemi sína og trúariðkun. Fjölmargar stuðningsyfirlýsingar úr ótal áttum eru til marks um þetta.

Engu að síður hefur því miður borið á andstöðu við þessi sjálfsögðu mannréttindi múslíma og er þeim sem einstaklingum og trúariðkun þeirra fundið allt til foráttu. Þessir andstæðingar múslíma réttlæta málflutning sinn ýmist á forsendum altækrar trúarbragðaandúðar eða út frá stuðningi við kristindóm eða ásatrú. Ólafur F. Magnússon, fyrrverandi borgarstjóri Reykjavíkur, skrifar grein í Morgunblaðið 10. júlí sl. þar sem hann andmælir þessum mannréttindum múslíma, segir byggingu mosku geta orðið varasama fyrir „þjóðmenningu okkar og öryggi“ og gefur í skyn að múslímar geti ekki verið hófsamir og hvetur alla borgarbúa til að mótmæla og grípa strax í taumana.

**Yfir öll mörk velsæmis**

Í þessum anda hafa samtökin Mótmælum mosku á Íslandi enn fremur starfað undanfarin ár en þau beittu sér mjög gegn því að Menningarsetur múslima á Íslandi kæmi sér upp mosku í Ýmishúsinu. Samtökin Mótmælum mosku á Íslandi hafa 1.763 stuðningsmenn á Facebook og beita margir sér þar af alefli gegn múslímum.

Ekkert er óeðlilegt við það að þeir sem ósammála eru múslímum í trúarefnum geri grein fyrir sjónarmiðum sínum með málefnalegum hætti og geta skoðanaskiptin reynst öllum gagnleg. Þessi samtök andstæðinga múslíma fara hins vegar yfir öll mörk velsæmis eins og sjá má af skrifum forystumanna þeirra. Þar eru múslímar kallaðir hreinir fávitar, hálfvitar, ræflar og aumingjar og sagðir kynferðislega brenglaðir, heilaskertir og morðóð úrkynjuð úrhrök sem geti ekki hugsað skýra hugsun, enda bastarðar svíns og apa og gangi manndrápsfíkn þeirra í erfðir.

Þó svo að múslími geti virkað vingjarnlegur og kurteis í fyrstu búi þar óheiðarleikinn einn að baki og muni hann að lokum „nauðga konum ykkar“ og „drepa ykkur“. Skilaboð samtakanna eru skýr: „Megi þessir [sic] afturhaldsseggir rotna í víti.“ Ekki kemur því á óvart að stuðningsmenn almennra mannréttinda múslíma skuli að sama skapi vera kallaðir fæðingarhálfvitar og menningarhryðjuverkamenn. Það sem er ekki síst óhugnanlegt við þessi samtök er yfirlýst aðdáun aðalforystumannsins á norska fjöldamorðingjanum Anders Behring Breivik en áróðursmyndband hans gegn múslímum kallar hann hrífandi snilldarverk.

**Fordómafullur málflutningur**

Málflutningur Ólafs F. Magnússonar og samtakanna Mótmælum mosku á Íslandi leiðir í ljós alvarlega vanþekkingu, fordóma og óþol sem bregðast þarf við. Ein leið er að hvetja þessa andstæðinga múslíma til að kynna sér akademísk fræðirit um íslam. Bókin „Who Speaks for Islam? What a Billion Muslims Really Think“ eftir J.L. Esposito og D. Mogahed er t.d. sérlega upplýsandi en hún gerir grein fyrir niðurstöðum ítarlegrar skoðanakönnunar Gallups meðal múslíma um stóran hluta heims. Mikilvægt er einnig að efla almenna trúarbragðafræði sem sjálfstæða fræðigrein í gegnum allt menntakerfið.

Þjóðkirkjan hefur átt gott og náið samstarf við öll trúfélög múslíma á Íslandi um árabil, m.a. í gegnum Samráðsvettvang trúfélaga sem stofnaður var 2006. Kristnir menn hljóta að láta sjálfsögð mannréttindi múslíma sig varða og styðja lögvarðan rétt þeirra að fá viðeigandi lóð úthlutað fyrir byggingu mosku. Íslam er ekki frekar en önnur trúarbrögð einsleit og öll gagnrýni þarf að vera málefnaleg og taka mið af almennum mannréttindum.

## AF NETINU

### Sótt í myglumatarholu

Nú hefur það gerst, eftir nokkuð langan aðdraganda og mis spaugilegan forleik, að stjórnmálamaður með örlitla möguleika á (endurnýjuðum) frama sækir í fasíska fylgið. Hingað til hafa íslenskir stjórnmálamenn haft til að bera örlitla sjálfsvirðingu og reynt að hafa möskvana í kosningasáldinu svo stóra að smámenni safnist ekki saman í fylginu. Þeir málsvarar fasískra og rasískra viðhorfa sem þó hafa komið fram hafa verið svo rækilega angandi af heimóttarskap, flónsku og trúðsskap að það hefur tryggt ófrjósemri allra hugmynda um framboð eða raunverulegt fylgi.

blog.pressan.is/ragnarthor
*Ragnar Þór Pétursson*

### Franska leiðin

Umræða um heilbrigðiskerfið er ekki nógu öguð. Kerfið skiptist upp í tvo megin þætti: 1) tryggingarþátt og 2) þjónustuþátt. Nær öll umræðan er um þáttöku einkaaðila í þjónustuhlutanum en hún er auðvita nú þegar mikil þó einkaspítalar séu enn bannorð á Íslandi.

Hinn þátturinn er alveg jafn mikilvægur, þ.e. hvernig staðið er að tryggingarþættinum. Í dag er þetta mjög frumstætt, annað hvort borga opinberar sjúkratryggingar eða einstaklingurinn. Það vantar inn tryggingar fyrir þann hluta sem sjúkratryggingarnar borga ekki.

blog.pressan.is/andrigeir
*Andri Geir Arinbjarnarson*




# Enn um trúfrelsisstefnu Siðmenntar

TRÚMÁL



**Gunnar Jóhannesson**
sóknarprestur

Í grein sem birtist í Fréttablaðinu þann 4. júlí síðastliðinn átelur Sigurður Hólm Gunnarsson mig fyrir að misskilja hugtökin trúfrelsi og veraldlegt samfélag. Að mati Sigurðar mun slíkur misskilningur vera algengur hjá „prestlærðu fólki“. Tilefnið er gagnrýni mín á stefnuskrá Siðmenntar þar sem ég bendi á þá mótsögn sem, að mínu mati, er fólgin í því að krefjast þess í nafni veraldlegrar lífsskoðunar að hið opinbera „starf[i] eftir veraldlegum leikreglum“ en þó „án merkimiða einstakra trúar- eða lífsskoðunarfélaga“.

Nú má lengi ræða um merkingu hugtaka og getur það jafnan verið til góðs og til þess fallið að skerpa umræðuna. Ég á þó ekki von á því að slík umræða verði frjó og gefandi í þessu tilfelli og því vil ég leyfa mér að árétta það sem ég hef sagt.

Sigurður segir að „með veraldlegu samfélagi [sé] reynt að tryggja að opinberar stofnanir séu ekki grundvallaðar á ákveðinni trú eða lífsskoðun“. Án þess að fjölyrða um þessa tiltölulega þröngu skilgreiningu vil ég leyfa mér að staðhæfa að slík krafa er ekki hlutlaus í eðli sínu heldur leiðir af tiltekinni lífsskoðun sem kenna má við veraldarhyggju. Sú lífsskoðun sem Siðmennt stendur vörð um og grundvallar stefnu sína á – siðrænn húmanismi – er af þeirri rót sprottin.

Nú er það svo að ein algengasta leiðin til að hafa taumhald á og lágmarka samfélagsleg áhrif trúar og trúarbragða er að einskorða þau við hið persónulega svið. Sú þróun er langt gengin í hinum vestræna heimi og þykir slíkt fyrirkomulag sjálfgefið í dag. Eins og Sigurður segir berst Siðmennt fyrir veraldlegu samfélagi með siðrænan húmanisma að vopni. Engu að síður áréttar hann að í „veraldlegu samfélagi eru opinberar stofnanir hlutlausar þegar kemur að lífsskoðunum“. Í þessu er fólgin mótsögn að mínu mati, sem Sigurði Hólm tekst ekki að breiða yfir þrátt fyrir góðan vilja og að væna mig um misskilning.

**➜ Að girða „trú“ og hið „trúarlega“ af með einhverjum hætti, gera það hornreka í samfélaginu, og leitast við að þagga niður rödd þess – eins og lesa má út úr yfirlýsingu Siðmenntar – gengur þvert á allar hugmyndir um frelsi manna til sannfæringar, skoðana, trúar og tjáningar.**

### Þvert á hugmyndir um frelsi

Þess misskilnings kann að gæta í andsvörum Sigurðar Hólms að með gagnrýni minni á stefnu Siðmenntar sé fólgin krafa um opinbera trúvæðingu samfélagsins. Svo er alls ekki, enda myndi slíkt ganga gegn því frelsi sem „tryggir öllum rétt til að trúa og tjá skoðanir sínar alls staðar“, eins og Sigurður bendir réttilega á. Hitt er annað mál – og á það vil ég leggja áherslu – að sérhver tilraun til að móta veraldlegt samfélag, eða byggja samfélag sem lýtur „veraldlegum leikreglum“, eins og segir í stefnu Siðmenntar, þar sem áhrif trúar og trúarbragða eru lágmörkuð eða útilokuð, er ævinlega fólgin í því ryðja einni lífsskoðun úr vegi til að rýma fyrir annarri.

Ég tek sannarlega undir það að hinu opinbera skuli ekki stjórnað á tilteknum trúarlegum forsendum sem bindandi séu fyrir alla þegna, að því gefnu að með „trúarlegum forsendum “ sé ekki eingöngu átt við lífsskoðanir sem byggja á guðstrú heldur einnig þær sem grundvallast á guðleysi, enda eru þær í eðli sínu trúarlegar. Slíkt samfélagslegt fyrirkomulag er í raun kristið í eðli sínu enda má lesa það út úr orðum Jesú Krists, sem sagði: „Gjaldið keisaranum það, sem keisarans er, og Guði það, sem Guðs er.“ (Mark 12.17) En af því leiðir ekki að „trú“ og hið „trúarlega“, eins og það er venjulega skilið, eigi ekki eða megi ekki vera sýnilegur og jafnvel grundvallandi þáttur í samfélaginu eða láta til sín taka á opinberum vettvangi og hafa þar áhrif.

Að girða „trú“ og hið „trúarlega“ af með einhverjum hætti, gera það hornreka í samfélaginu, og leitast við að þagga niður rödd þess – eins og lesa má út úr yfirlýsingu Siðmenntar – gengur þvert á allar hugmyndir um frelsi manna til sannfæringar, skoðana, trúar og tjáningar. Slíkt er, þegar allt kemur til alls, tilraun til að svipta fólk þeim réttindum, með það að marki að gera eigin skoðunum og viðhorfum hærra undir höfði og skipa þeim í öndvegi innan samfélagsins.




## AF NETINU

### Að festa sér rætur

Sjálfsagt er að hafna svínakjöti í skólamat. Ekki af trúarástæðum múslima, heldur er þetta varhugaverð verksmiðjuvara. Sjálfsagt er að reisa moskur í Reykjavík, því að hér á að vera trúfrelsi. Hins vegar á ekki að leyfa notkun hátalara til að kalla múslima til bæna, ef það raskar ró fólks síðla nætur. Hér er gróið samfélag, gott eða vont eftir atvikum. Vilji fólk koma hingað út til að festa rætur, þarf það að laga sig að helztu siðum og venjum.

jonas.is

*Jónas Kristjánsson*



ÍSLANDS NAUT
*Stolt kjötmeistarans*

# Ummmm....
# HAMBORGARAR

GIRNILEGAR **UPPSKRIFTIR**

WWW.ISLANDSNAUT.IS





2 X 120 G.
HAMBORGARAR
449KR/PK
VERÐ ÁÐUR 599

4 X 80 G.
HAMBORGARAR
MEÐ BRAUÐI
749KR/PK
VERÐ ÁÐUR 999



2 X 175 G.
HAMBORGARAR
637KR/PK
VERÐ ÁÐUR 849

ÍSLANDS LAMB
*Stolt kjötmeistarans*

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



LAMBAFILE
3999KR/KG
VERÐ ÁÐUR 4999

Holta GRAND ORANGE

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa



KJÚKLINGA-
BRINGUR
2099KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2799

Holta

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa



KJÚKLINGUR
FERSKUR
749KR/KG
VERÐ ÁÐUR 999

TILBOÐ
299KR/PK
VERÐ ÁÐUR 319




**Freyju Draumur**
180 g í pakka

TILBOÐ
699KR/STK
VERÐ ÁÐUR 859



**Pekanbaka**

TILBOÐ
299KR/PK
VERÐ ÁÐUR 499



**Heilsubrauð**

Gildir til 21. júlí á meðan birgðir endast.



# GUY FIERI
# BBQ SÓSUR

NÝTT

Nýjar vörur frá meistarakokkinum Guy Fieri sem er að gera allt vitlaust á Food Network.

Sósurnar hans Guy Fieri draga fram rokkað bragð á grillinu þínu.

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**




24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg
og á Akureyri í sumar!

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

# Já, ráðherra

HEILBRIGÐISMÁL



**Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir**
stjórnsýslufræðingur

… en ekki byrja á öfugum enda. Alvöru sérfræðingar um einkarekstur í landi einkarekstrarins, Bandaríkjunum, hafa alltaf sagt að til þess að einkarekstur borgi sig og skili því sem til er ætlast þurfi öfluga og vasklega opinbera stjórnsýslu. Þar þarf kunnáttufólk sem veit allt um þá starfsemi sem falin er einkaaðilum og góðan skilning á því hvað gerir opinbert eftirlit að trúverðugu og virku eftirliti.

Spurningin er þessi, ráðherra: Hvert er markmið þitt með því að fela öðrum en ríkinu rekstur heilbrigðisþjónustu núna? Ef markmiðið er að halda betur utan um kostnaðinn í heilbrigðiskerfinu sýna allar rannsóknir að árangursríkustu kerfin í þessum efnum eru kerfi sem fjármagna þjónustuna með almennum sköttum og hafa starfsemina að mestu í opinberum rekstri. Ef markmiðið er hins vegar að skerpa á gæðum og öryggi þjónustunnar þá fjölga menn valkostum fyrir notendur með því að auka fjölbreytileika í rekstri til að kalla fram ákveðna eiginleika markaðarins. Leiðin að þessu marki leiðir hins vegar til kostnaðar sem erfiðara er að hafa stjórn á, eins og dæmin sanna. Markaður í heilbrigðisþjónustu er því marki brenndur að hann er ekki eins og almennur markaður og því þarf öflugri aðkomu hins opinbera með góðum stjórntækjum og virku eftirliti. Þess vegna, ráðherra, þarf að byrja á réttum enda.

**Eftirlit er ekki í góðum farvegi**

Sjúkratryggingar Íslands sjá um samninga fyrir þína hönd og til að geta gert það með ábyrgum hætti þarf að byrja á því að búa svo um hnútana að stjórntæki þeirrar stofnunar virki eins og þeim er ætlað samkvæmt lögum um sjúkratryggingar. Fyrsta grein þessara laga kveður skýrt á um það að auk þess „að tryggja sjúkratryggðum aðstoð til verndar heilbrigði og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag“ er markmið þeirra „að stuðla að rekstrar- og þjóðhagslegri hagkvæmni heilbrigðisþjónustu og hámarksgæðum hennar“ og að „styrkja hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu og kostnaðargreina heilbrigðisþjónustuna“. Þá er sérstaklega tekið fram í 40. grein laganna að við samningsgerð um heilbrigðisþjónustu skuli „þess gætt að raska ekki þeirri þjónustu sem veita ber samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu“. Þetta er lykilatriði, ráðherra, og mikilvægt að hafa í huga þegar af stað er farið með breytingar á þessu ágæta kerfi okkar. Til að stjórntæki Sjúkratrygginga Íslands, þ.e. samningar, virki þarf að kostnaðargreina þjónustuna svo báðir aðilar, þ.e. ríkið og viðsemjendur, búi yfir sömu upplýsingum um alla þætti þjónustunnar sem skipta máli fyrir samningagerð og eftirlit. Enn vantar mikið á að svo sé.

Þá verð ég að hryggja þig með því, ágæti ráðherra, að eftirlit með heilbrigðisþjónustu á Íslandi er ekki í góðum farvegi og því er öryggi og staða landsmanna ekki vel tryggð innan heilbrigðiskerfisins. Þetta þarf líka að skoða áður en lengra er haldið á braut breytinga.

Ég átti og rak tannlæknastofu í 15 ár. Eitt sinn kom heilbrigðisfulltrúi staðarins til að taka út aðstæður. Ekki fór betur en svo að við þurftum að snúa honum við inni á miðju gólfi og biðja hann um að fara úr útiskónum áður en lengra yrði haldið við eftirlitsstörfin. Einstaka innviðir íslenskrar heilbrigðisþjónustu eru eins og best verður á kosið í alþjóðlegum samanburði, en stjórnsýsla kerfisins þarf að virka betur. Ekki fer vel á því að göslast þar um ganga og gólf á óhreinum skóm.

**Sjúkratryggingar eru lykilstofnun**

Að lokum er rétt að ég geri grein fyrir mér og mínum afskiptum af íslenska heilbrigðiskerfinu. Ég skrifaði á sínum tíma greinargerðina með frumvarpinu til laga um sjúkratryggingar sem samþykkt voru sem lög nr. 112 haustið 2008 og þekki því vel hugmyndina að baki lögunum og því sem lögin og andi þeirra eiga að ná fram. Greinargerðina með frumvarpinu ættu lesendur að kynna sér, en hana má nálgast á þessari slóð: http://www.althingi.is/altext/135/s/0955.html.

**➜ Spurningin er þessi, ráðherra: Hvert er markmið þitt með því að fela öðrum en ríkinu rekstur heilbrigðisþjónustu núna? Ef markmiðið er að halda betur utan um kostnaðinn í heilbrigðiskerfinu sýna allar rannsóknir að árangursríkustu kerfin í þessum efnum eru kerfi sem fjármagna þjónustuna með almennum sköttum.**

Ég skrifaði margar blaðagreinar um heilbrigðismál á Íslandi á síðasta áratug í framhaldi af sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík og nú er ég að ljúka við bók um íslenska heilbrigðiskerfið sem verða mun sú alþjóðlega heimild sem þeir sem vilja fá haldgóðar upplýsingar um uppbyggingu og starfsemi íslenska heilbrigðiskerfisins á alþjóðlegum vettvangi geta leitað í. Ég er konan, sem með eftirminnilegum hætti, sótti um starf forstjóra Sjúkratrygginga á sínum tíma vitandi að ég fengi ekki starfið. Ég á hins vegar sæti í stjórn Sjúkratrygginga Íslands og á þar, ásamt öðrum stjórnarmönnum, í góðu og uppbyggilegu samstarfi við forstjóra stofnunarinnar.

Sjúkratryggingar Íslands eru, og eiga að vera, ef rétt er á haldið, ein af lykilstofnunum íslenska heilbrigðiskerfisins. Til að standa undir þeim væntingum þurfa stjórntæki stofnunarinnar að virka rétt og skipulag stjórnsýslukerfisins þarf að geta tryggt virkt og trúverðugt eftirlit. Tiltrú og traust almennings, þ.e. eigenda, greiðenda og notenda kerfisins, á íslenskri heilbrigðisþjónustu veltur á þessu.

## AF NETINU

### Umferðarreglur óskast

Fáir staðir á höfuðborgarsvæðinu eru dásamlegri en Elliðaárdalurinn með öllum sínum stígum og ævintýrum.

Ég er ein af þeim fjölmörgu sem hlaupa og skokka reglulega um stígana í dalnum fagra þar sem veðrið er alltaf gott.



Umferðin um stígana er þó farin að valda mér áhyggjum enda líkist hún á góðum degi einna mest umferðinni á götum Kaíró enda ægir þar öllu saman, gangandi, hlaupandi, hjólandi, skautandi; börnum, fullorðnum, fyrirmyndarhundum í ólum og kanínum sem eiga heima þarna, að ótöldum hestum og knöpum.

Undanfarið hefur borið meira á þeirri gerð hjólreiðamanna sem hjóla mjög hratt sem og fólki á ýmiskonar vélknúnum hjólum.

Hjólreiðar eru frábær íþrótt í mikilli sókn og einhvers staðar verður fólk að fá að æfa sig til að geta hjólað hraðast og komist lengst en dalurinn græni þar sem börnin eru að leik, jafnvel stórir hópar á leikjanámskeiðum, auk alls hins, er ekki besti staðurinn til að hjóla hratt.

Ég legg til að settur verði hámarkshraði á stígunum í dalnum okkar fagra svo allir geti notið hans stórslysalaust.

**blog.pressan.is/margrett**

*Margrét Tryggvadóttir*



tl.is

# TÖLVULISTINN

# NÝ SKJÁKORT, MÓÐURBORÐ OG INTEL ÖRGJÖRVAR

msi

## NVIDIA GEFORCE GTX 760 TWIN FROZR

Vertu tilbúinn í leikina með nýjustu kynslóð af NVIDIA skjákorti frá MSI. Hljóðlát Twin Frozr útgáfa tryggir betri kælingu og lengri endingu. Yfirklukkað úr kassanum fyrir aukin afköst. 2GB GDDR5 vinnsluminni. HDMI, DVI og DisplayPort tengimöguleikar. Eitt öflugasta skjákortið í dag!




MSI-N760TF2GD5OC

**49.990**

## INTEL i5 4570

Beint í leikina. Gengur á 3.2GHz og yfirklukkar sjálfan sig í allt að 3.6GHz. Fjórir kjarnar og 6MB flýtiminni. Glænýr og mun öflugri Intel HD4600 skjákortskjarni. Hraðari örgjörvi með betri orkunýtingu en fyrri kynslóð.




INT-I54570

**36.990**

## INTEL i7 4770

Nýi Intel i7 Haswell örgjörvinn kominn! 3.4GHz, allt að 3.9GHz í eigin yfirklukkun. Fjórir kjarnar og 8MB flýtiminni. Gríðarlega öflugur örgjörvi fyrir þunga myndvinnslu, hljóðvinnslu og leikjaspilun.




INT-I74770

**54.990**

msi

## MSI Z87-G43 MÓÐURBORÐ

Glænýtt Haswell móðurborð úr smiðju MSI fyrir nýju Intel örgjörvana. Byggt með Military Class 4 íhlutum sem gefa langtíma endingu og stöðugleika við yfirklukkun. UEFI Click BIOS 4 einfaldar stillingar og gefur góða yfirsýn. Stuðningur fyrir allt að þrjá skjái og 4K upplausn. Háhraða flutningsgeta fyrir innri og ytri tæki með USB3 og SATA3 tengjum.




MSI-Z87G43

**24.990**

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁGÚSTA (DÍDÍ) HARALDSDÓTTIR**
**Sólvangsvegi 3, Hafnarfirði,**

lést þriðjudaginn 16. júlí á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Árni Bárður Guðmundsson**
**Guðný Árnadóttir** **Benedikt Jónsson**
**Guðmundur Rúnar Árnason** **Ingibjörg Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elsku sonur minn, faðir, tengdafaðir, bróðir og mágur,

**SIGURGEIR SIGURÐSSON**
**flugstjóri,**

sem varð bráðkvaddur 6. júlí sl., verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 19. júlí klukkan 13.00.

**Pálína Guðmundsdóttir**
**Lilja Sigurgeirsdóttir** **Óskar Ásgeir Óskarsson**
**Elizabeth Svanhildur Sigurgeirsdóttir**
**Sigrún Sigurðardóttir** **Halldór M. Gunnarsson**
**Anna Svanhildur Sigurðardóttir**
**Guðrún Rósa Sigurðardóttir**
**Kjartan Sigurðsson** **Særún Jónasdóttir**
**Haraldur Sigurðsson**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær faðir minn, tengdafaðir, bróðir okkar, mágur og frændi,

**BJÖRN TRYGGVI KARLSSON**
**kennari,**
**Ásbraut 5, Kópavogi,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, Kópavogi, laugardaginn 13. júlí sl. Jarðarförin fer fram frá Breiðabólsstaðarkirkju í Vesturhópi í Húnaþingi vestra, föstudaginn 26. júlí kl. 14.

**Guðmundur Tryggvason** **Sanita Osa**
**Ólöf Hulda Karlsdóttir**
**Guðrún Karlsdóttir** **Leo J.W. Ingason**
**og aðrir aðstandendur.**



✝

Okkar ástkæri

**HREINN SIGURGEIRSSON**
**frá Seyðisfirði,**
**Arnarsmára 24, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum Fossvogi mánudaginn 15. júlí.

**Lára Gunnarsdóttir**
**Rannveig Hreinsdóttir**
**Hrafnhildur Hreinsdóttir**
**Viðar Sigurðsson**



✝

Ástkær systir mín,

**KRISTÍN GUÐBRANDSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Borgarvegi 10, Ytri-Njarðvík,**

lést í Bandaríkjunum, sunnudaginn 14. júlí.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Rúnar Guðbrandsson**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**BERGÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR**
**Sæbergi 5, Breiðdalsvík,**

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu Neskaupstað 9. júlí. Útför hennar fer fram frá Heiðdalakirkju laugardaginn 20. júlí kl. 12.00.

**Alley Pétursdóttir** **Manfred Kleindienst**
**Jóhanna Pétursdóttir** **Sveinn Jóhannsson**
**Sigurður Pétursson** **Ólöf Kristjánsdóttir**
**Hreinn Pétursson** **Linda Guðmundsdóttir**
**Pétur Pétursson** **Ingunn Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**VIÐ DAHLSHÚS** „Það þýðir ekki alltaf að sitja hjá og ætlast til að aðrir geri hlutina," segir Jens Garðar sem hefur gert húsið upp á eigin spýtur.

# Fangamörk frá árinu 1883 á bitum hússins

Dahlshús á Eskifirði, sem er gamalt norskt sjóhús frá 1880, verður vígt á laugardaginn eftir viðamiklar endurbætur. Það verður listhús til að byrja með. Jens Garðar Helgason, framkvæmdastjóri á Eskifirði, er á bak við verkið.

„Ég hef verið að gera þetta hús upp, algerlega á eigin spýtur," segir Jens Garðar Helgason, framkvæmdastjóri útflutningsfyrirtækisins Fiskimið, um Dahlshús sem nú hefur gengið í endurnýjun lífdaga. Hann kveðst hafa keypt það árið 2010. „Þetta er norskt síldarsjóhús byggt af Jóhanni Dahl síldarútgerðarmanni. Hann kom með það með sér frá Noregi 1880, setti það upp og var sjálfur hér með útgerð til 1883. Síðan gekk húsið kaupum og sölum, var notað sem fiskverkunarhús og um tíma sem sláturhús. Sá sem ég keypti það af var Hilmar Bjarnason, sem hafði átt það frá 1945. Hann er enn á lífi, fæddur 1916," upplýsir Jens.

Jens hallast að því að húsið sé mun eldra en frá 1880. „Síldin hvarf frá Noregi um 1873 en þegar Norðmenn fréttu af fullum fjörðum hér af síld þá komu þeir. Ég held að Jóhann hafi tekið þetta hús niður úti í Noregi og flutt það hingað."

En hvað kom Jens til að festa kaup á húsinu? „Ég hef áhuga á þessum gömlu norsku húsum sem hér eru og útgerðarsögunni í kringum þau. Þegar Dahlshús var til sölu 2010 fannst mér að það yrði að bjarga því í sinni mynd og fór í þessa vegferð í samráði við Húsafriðunarnefnd. Við byggðum bara nýtt hús utan um gamla húsið. Settum nýja klæðningu og nýtt þak en að innan er húsið nákvæmlega eins og það var þegar það var reist. Það merkilega er að það hefur algerlega haldist óbreytt. Á bitunum eru fangamörk manna frá 1883 og 1889 og þau hafa alveg haldist."



**FRÁ 1907** Dahlshús er til hægri, fyrir miðju er Framkaupsstaður, reistur 1873, og vinstra megin er Salthúsið, síðar Víðissjóhús, reist 1880.

Dahlshús er 90 fermetrar að grunnfleti en risið er stórt þannig að húsið er um 160 fermetrar í allt.

Nú ætlar Jens að vígja húsið um helgina með listsýningu. „Hingað koma listamennirnir Kristján Guðmundsson og Kristján B. Jóhannsson með verk sín og Halldór B. Runólfsson, forstöðumaður Listasafns Íslands, ætlar að opna sýninguna. Við hugsum okkur að vera næstu árin með sýningar samtímamanna í Dahlshúsi. Svo vona ég að það finni sér eitthvert hlutverk hér í samfélaginu." Jens tekur fram að nú sé húsið ekki alveg eins og það á að sér að innanverðu því búið sé að hvítklæða veggi og setja upp flúorlýsingu að kröfu listamannanna.

Fleiri norsk hús eru á Eskifirði, bæði sem búið er að taka í gegn og nokkur sem enn eru óuppgerð. Spurður hvort hann sé að hugsa um að taka fleiri í fóstur svarar Jens: „Ætli ég reyni ekki að sleikja sárin eftir þetta ævintýri áður en ég fer að huga að fleirum. Kannski verður þetta framtak einhverjum hvatning til að taka að sér svona verkefni."

gun@frettabladid.is

# Kvenhetjur sögualdar

Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur segir frá klókum konum á söguöld á Þingvöllum í kvöld.

„Það er gaman að vera úti í fallegri náttúru og segja sögur," segir Vilborg Davíðsdóttir, rithöfundur og þjóðfræðingur, sem í kvöld leiðir sögugöngu á Þingvöllum. Þar kveðst hún ætla að segja frá eftirminnilegum kvenskörungum í fornsögum og -kvæðum og aðferðum þeirra til að hafa áhrif í karlaveldi söguldarinnar. „Kona gat aldrei sótt mál sjálf eða verið vottur, hún var ekki einu sinni vitnisbær. Jafnvel tólf ára drengir höfðu meiri rétt. Konur urðu því að hafa áhrif á karlmennina."

Vilborg segir konur þó hafa riðið til þings og þar hafi þær oft hitt mannsefni sín. „Á Þingvöllum sáu stelpur stráka og strákar stelpur. Í Egils sögu kemur fram að Þorgerður Egilsdóttir hafi verið föstnuð Ólafi Pá á þingi og þau hafi setið allan daginn að tali í búð á Þingvöllum. Oft eru það samt skrauthvörf í Íslendingasögunum þegar sagt er að karl og kona hafi setið að tali, það þýðir oft eitthvað dálítið mikið annað."

Meðal þeirra kvenna sem Vilborg rifjar upp sögur af eru Auður djúpúðga, Guðrún Ósvífursdóttir, Bróka-Auður, Þuríður Ólafsdóttir og kvenhetjur Eddukvæða á borð við Guðrúnu Gjúkadóttur og Oddrúnu Atlasystur.



**SAGNFRÆÐINGURINN** „Ég hef oft komið til Þingvalla en aldrei verið með sögugöngu þar." FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gönguferðin hefst klukkan 20 við fræðslumiðstöðina á Þingvöllum. - gun



## FJÖR Á TORGINU

**Matarmarkaður er alla laugardaga á Lækjartorgi í júlí en þar má fá sæluosta úr sveitinni, brauð, osta, þurrkað kjöt og margt fleira. Lifandi tónlist er á torginu og umgjörðin öll hin litríkasta. Markaðstorgið er opið frá 11-16.**

Hausverkur
Ekki þjást
Mígreni.is
fyrirbyggjandi fæðubótarefni
Innheldur: 60 Töflur með Riboflavin - Magnesium Citrate Magnesium Oxide og Puracol Feverfew. 1-2 töflur á dag
MIGRELIEF
BEST OF SUPPLEMENTS AWARD WINNER

Allar útsöluvörur á hálfvirði!
Frábært buxnaúrval!
Stærðir 34-46
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777
Vertu vinur okkar á Facebook

TÆKIFÆRISGJAFIR
TILBOÐ
Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



# ÁHRIFARÍK KÍNVERSK HEILSURÆKT

**HEILSUDREKINN KYNNIR** *Alþjóða heilsu-qigong-félagið verður með kynningarnámskeið dagana 18.-21. júlí í Heilsudrekanum, Skeifunni 3j. Kínverskir qigong-meistarar verða leiðbeinendur á námskeiðinu.*

Starfsemi Heilsudrekans er afar fjölbreytt en Dong Qing Guan, sem hefur rekið skólann frá árinu 1998, sækir sér innblástur að námskeiðunum til heimalandsins, Kína. Nú eru þrír merkilegir gestir mættir í Heilsudrekann til að kenna Íslendingum að iðka heilsu-qigong. Það eru Wang Fei, liðstjóri frá Alþjóða heilsu-qigong-félaginu en það er starfandi í meira en þrjátíu löndum, Ma Jian, forseti Hebei Normal-háskólans, og Wang Jinxuan frá íþróttaháskólanum í Peking.

Fyrir þá sem ekki þekkja heilsu-qigong (borið fram tsí-gong) þá er það 5.000 ára gamalt æfingakerfi í heilsurækt. Æfingarnar eru byggðar á hefðbundnum kínverskum lækningaaðferðum. Þar fer saman qi, sem merkir lífskraftur, og gong, sem merkir nákvæmar æfingar. Þeir sem stunda heilsu-qigong fá aukna vellíðan, blóðþrýstingur verður eðlilegur og heilsuræktin bætir hjarta- og æðastarfsemi líkamans, auk þess að minnka kólesteról. Þá er talið að heilsu-qigong geti dregið úr þrálátum sársauka frá liðagigt, aukið súrefnisflæði um líkamann, minnkað streitu og álag. Æfingarnar draga úr þunglyndi og kvíða og byggja upp sjálfsvirðingu.

Þessi aldagamla heilsurækt eykur heilbrigði og vellíðan og margir vestrænir læknar hafa viðurkennt áhrifamátt hennar.

Starfsemi heilsudrekans er hægt að kynna sér nánar á heimasíðu hans www.heilsudrekinn.is og á Facebook, þar sem getur að líta myndbandsupptökur af hinum ýmsu greinum sem eru æfðar og kenndar hjá Heilsudrekanum ásamt öðrum fróðleik. Skráning er í síma 553 8282.

**SPENNANDI**
Þeir sem áhuga hafa á óhefðbundnum lækningum ættu að kynna sér qigong.



**FLOTT ÍÞRÓTT**
Miklir meistarar eru nú með námskeið hjá Heilsudrekanum.

RÝMINGARSALA Á ÝMI HEILSUDÝNUM
Hágæða 5 svæðisskipt sjálfstætt pokagormakerfi sem styður mun betur við líkamann en venjuleg gormakerfi. Réttur stuðningur við líkamann sem gefur hámarkshvíld. Mýkra og betra axlarsvæði. Vandaðar kantstyrkingar. Ath. margar stærðir

| Stærð | Verð áður | Rýmingarsöluverð með PU leðurbotni og fótum stgr. |
|---|---|---|
| 90x200 | 89.900.- | 74.900.- |
| 140x200 | 119.900.- | 104.900.- |
| 180x200 | 149.900.- | 134.900.- |

5 ára ábyrgð
Gerið gæða- og verðsamanburð
Frábært kynningarverð á MEMORY HEALTH CARE þrýstijöfnunar-heilsudýnum

| Stærð | Kynningarverð |
|---|---|
| 90x200 | 99.900.- |
| 120x200 | 119.900.- |
| 140x200 | 139.900.- |
| 160x200 | 149.900.- |
| 180x200 | 169.900.- |

5 ára ábyrgð
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Fimm stjörnu verslun
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is


# BYRJAÐI LOKSINS AÐ BLOGGA

**DUGLEG Á NETINU** *Írena Sveinsdóttir hefur lengi verið með tísku á heilanum. Í maí byrjaði hún að blogga, hægt er að skoða það á irenasveins.tumblr.com.*

Írena Sveinsdóttir hefur lengi haft mikinn áhuga á tísku. Hún byrjaði nýverið að blogga og hefur fengið góð viðbrögð. „Það er ekki mikil umferð á síðunni enn þá og ég veit ekkert hvert ég stefni með þetta. Þetta er aðallega fyrir sjálfa mig frekar en einhvern annan, ég vona þó að fólk hafi gaman af því að skoða,“ segir Írena.

„Ég hef verið með hugmyndina um að blogga mjög lengi í hausnum. Ég elska að skoða blogg hjá öðrum og ákvað að prófa þetta sjálf,“ útskýrir Írena.

Hún er dugleg að skoða föt og skó á netinu. „Ég eyði allt of miklum pening í föt á mánuði. Það er erfitt að vinna í flottri fatabúð án þess að vera stöðugt að fá sér eina og eina flík. Ég er líka dugleg að panta mér eina til tvær flíkur á netinu, eini vandinn er hvað tollurinn og virðisaukaskatturinn er hár hér á landi,“ segir Írena. Uppáhaldsbúðirnar hennar eru Morrow, Monki, Spúútnik, Topshop, Nostalgía og Asos.

Hausttískan fer bráðum að mæta í búðirnar og hefur Írena spáð mikið í hvað eigi eftir að vera áberandi, enda hálfgert haustveður sem Reykvíkingar hafa upplifað þetta sumarið. „Það sem ég tel að eigi eftir að vera áberandi eru stórar prjónapeysur, leðurbuxur, maxi-jakkar og „chunky“ ökklastígvél. Mittistöskur voru áberandi seinasta vetur og ég held að þær verði það áfram, enda miklu þægilegra en veski,“ spáir Írena.

Í síðustu viku kom Írena heim af Hróarskelduhátíðinni en seinna í sumar er planið að fara á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Í sumar er hún að vinna í búðinni Morrow í kringlunni og mun halda áfram að vinna þar í haust með skóla. Írena stundar nám við FG á hönnunar- og markaðsbraut og mun útskrifast um jólin. Hægt er að skoða bloggið með því að fara inn á www.irenasveins.tumblr.com.

■ gunnhildur@365.is







**AFSLÖPPUÐ OG FLOTT** Írena klæðist jakka frá Monki, buxum og bol frá Morrow og skóm úr Kolaportinu. MYND/VALLI


# NÝ SENDING

af regnfatnaði

Nýjar vörur í hverri viku



Nýtt kortatímabil

ILSE JACOBSEN

GARÐATORGI - GARÐABÆ


# GAGNRÝND FYRIR LÚXUS

Norska krónprinsessan Mette-Marit hefur verið í sviðsljósi fjölmiðla undanfarið. Hún er gagnrýnd fyrir hversu dýrum fötum hún klæðist.

Mette-Marit er sögð eiga einhvern dýrasta fataskáp sem sögur fara af í Noregi. Í honum hanga rándýrir ítalskir hönnunarkjólar frá Valentino, Pucci og Giambattista Valli. Umræðan í norskum fjölmiðlum skapaðist eftir umfjöllun í helgarútgáfu norska Dagbladet um dýran fatasmekk prinsessunnar. Spurt var hvort ekki væri eitthvað galið við að prinsessan bæri svo dýrar flíkur, eins og til dæmis þegar sænska prinsessan Madeleine gifti sig, þegar það væru skattborgarar sem borguðu? Mette-Marit undraðist í viðtali við blaðið af hverju fólk væri svo upptekið af því hverju hún klæddist. Hún sagðist taka umræðuna nærri sér.

Fjölmiðlar hafa birt myndir af prinsessunni við hinar ýmsu athafnir þar sem hún hefur klæðst kjólum sem kosta milljónir. Frá höllinni hafa komið yfirlýsingar um að prinsessan borgi sína kjóla sjálf, oft fái hún afslátt eða kaupi þá á útsölu. Þá hefur hún fengið sumt gefins. Þar sem hún greiðir ekki skatta af slíkum gjöfum urðu heitar umræður um skattamál krónprinsparsins á síðum norskra blaða. Aðrir landsmenn þurfa að greiða 50% í skatt af gjöfum sem kosta meira en 10 þúsund norskar krónur. Þeir sem gagnrýndu Mette-Marit töldu að markaðssetning frægra tískuhúsa hæfði ekki krónprinsessu Noregs.

Ritstjóri viðskiptablaðsins Kapital skrifaði að það væri eðlilegt að krónprinsessan væri vel klædd þegar hún mætti í opinberar athafnir. Hins vegar væri varla hægt að segja að það væri eðlilegt að hún bæri hátískukjóla sem kosta jafnmikið og sumir landsmenn hafa í árslaun.

Þess má geta að Hákon krónprins, eiginmaður Mette-Marit, verður fertugur á laugardag. Veislan sem haldin verður er nú undir smásjá fjölmiðla en ekki hefur fengist gefið upp hverjir koma til með að skemmta gestum.



**LÚXUS** Mette-Marit í konunglegu sænsku brúðkaupi í síðasta mánuði. Kjóllinn er frá ítalska hönnuðinum Pucci. MYND/GETTY




Kíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper FASHION

Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


RC
cola
NÝ ÍSLENSK
FRAMLEIÐSLA
H2 hönnun / h2h.is

# DÝR UM HÁLSINN

**BLÚBLÍBBLA** *Lilý Erla Adamsdóttir myndlistarkona situr ekki auðum höndum heldur skapar sín eigin tækifæri. Nú býr hún til hálsmen úr leikfangadýrum.*

Þetta kom eiginlega til vegna þess að ég ákvað að ráða mig ekki í hefðbundna sumarvinnu þetta árið af því að sonur minn sæll er í fríi á leikskóla yfir mitt sumarið," segir Lilý Erla Adamsdóttir myndlistarkona. „Ég fór að hugsa hvað ég gæti gert af mér í sumar og ákvað að taka þátt í Handverkshátíðinni á Hrafnagili með pabba, sem er svo laginn við að renna úr við. Ég ætlaði að vera með ýmislegt smálegt sem ég er búin að vera að gera úr mynstri sem ég hannaði í skólanum í vetur og hef verið að þrykkja á efni með silkiþrykki. Nema hvað, svo datt ég niður á þessi hálsmen alveg óvart."

Lilý segist lengi hafa gengið með hugmyndina um skartgripagerð í maganum. „Svo rakst ég á þessi dýr og þá lá það einhvern veginn beint við að nota þau. Þetta eru alls kyns frumskógardýr, fín flóra af húsdýrum og svo risaeðlur af öllum gerðum."

Hún segir kaupendurna gjarnan velja sér hálsmen eftir innræti eða sjálfsmynd. „Það er svo skemmtilegt hvað við erum gjörn á að tengja okkur við dýr og jafnvel velta fyrir okkur hvaða dýr við værum ef við værum dýr. Ég til dæmis vil meina að ég væri antilópa því þær eru svo spengilegar, en því miður hef ég ekki enn hnotið um litla antilópu í hálsmen svo ég reyni að gangast upp í að vera ýmist björn, tígrisdýr eða risaeðla. Ein sem keypti af mér um daginn bað um nashyrning því hún væri svo mikill nashyrningur og þannig er þetta yfirleitt þegar fólk velur sér dýr. Mér finnst það áhugavert á einhvern ævintýralegan hátt."





**AÐ STÖRFUM**
Lilý er heimavinnandi í sumar með son sinn og ákvað því að búa sér til eigin tækifæri. Hún sat ekki lengi auðum höndum heldur hóf framleiðslu á dýrahálsmenum og flíkum með mynstri sem hún hannaði sjálf.

Lilý mun selja hálsmenin á Handverkshátíðinni á Hrafnagili sem verður dagana 9.-12. ágúst. Auk þess verður hún með handþrykkta púða og taupoka með mynstri sem hún hannaði út frá loftmynd af Akureyrarbæ. „Þegar ég rýndi vel í myndina og sá hana í formrænu samhengi fóru að birtast mér alls kyns fígúrur og fjálglegir púkar sem þóttust vera umferðareyjur og prúðir bæjarfletir. Þessir púkar fengu að sameinast í mynstursamkvæmi sem ég hef svo verið að vinna með og nota í ýmiss konar sköpun á nytjahlutum og heimilisprýði."

Mynstrið heitir Eyrarpúkar, sem er slangur á Akureyri yfir þá sem búa á Eyrinni. „Það er aldrei að vita nema ég reyni að koma þessu í sölu einhvers staðar með haustinu, en eins og stendur stefni ég með þetta á Handverkshátíðina." Hún bendir áhugasömum á að hafa samband á Facebook eða líta á heimasíðu hennar, lilyerla.com. ■ halla@365.is



**EYRARPÚKAR**

# STÓRAR RYKKINGAR OG STÍFAR PÍFUR

*Stóru tískurisarnir ákváðu síðastliðið haust að stórar rykkingar og stífar pífur skyldu vera áberandi í sumar og viti menn, sú varð raunin.*

Risar á borð við Gucci, Cloe, og Givenchy sýndu fatnað með mikilfenglegum pífum í haust en síðan hafa ódýrari framleiðendur tekið þær upp og má sjá stórar rykkingar framan á mörgum kjólum. Á öðrum ná þær út á axlir, aftur á bak og jafnvel niður með mjöðmum.

Pífurnar gefa sannarleg dramatískt og fágað yfirbragð. Þær eru ekki þunnar og lafandi eins og algengt er með pífur og henta því vel við fínni tilefni. Hins vegar er nokkur kúnst að bera klæðnað sem þennan. Ef pífurnar eru við hálsmálið ætti til dæmis ekki að vera með skart við. Þær koma alveg í staðinn. Þá er ráð að taka hárið aftur svo þær njóti sín. Eins ættu konur sem vilja draga úr mjaðmasvæðinu að forðast pífur þar en leggja frekar áherslu á þær að ofan.



**FYLGIHLUTIR ÓÞARFIR**
Pífurnar eru stærri og íburðarmeiri en oft áður og koma alveg í stað fylgihluta.













**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# METRO BLAÐRIÐ



## FERSKT Í SÓLINNI

Þær Arna, Guðrún og Hrefna nýta sér örfáa sólardagana í botn og að sjálfsögðu fá þær sér þá Metro-sjeik og flörra til að gera vel við sig.



## TAPAÐ/FUNDIÐ

Hefur þú séð Nilla í sumar?



## METRO UPPÁHALDS-STAÐURINN!

Hún Bára Elísabet var sérdeilis heppin þegar hún var dregin út og fékk fimm gjafabréf á Metro fyrir það eitt að líka við Facebook-síðuna okkar og svara léttri spurningu. Bára var að vonum ánægð, enda Metro uppáhaldsstaðurinn hennar og á hún eflaust eftir að vera vinsæl hjá einhverjum vinum eða fjölskyldumeðlimum sem hún býður með sér á Metro.

Vertu með okkur á Facebook því þar er mikið fjör og gaman og reglulega eru dregnir út vinningshafar sem fá glaðninga frá Metro.

VERTU MEÐ OKKUR Á FACEBOOK

www.facebook.com/metroborgari

# GRÍNARI OG SÖNGVARI TAKAST Á




Geir Ólafsson stórsöngvari elskar hnetusmjörsflörra en grínarinn Rökkvi hefur einstakt dálæti á Stóra Teistí sem hann sporðrennir í einum munnbita.

## STJÖRNURNAR VILJA SUMARLEGA DRYKKI

Á björtum sumardegi er gott að fríska upp á sig með svölum svaladrykk. Stjörnurnar kunna sannarlega að meta slíkt.




Katrín hertogaynja af Cambridge með sumarlegan drykk

Stjörnukokkurinn Jamie Oliver er hress með drykk í hendi.

Leikkonan Marilu Henner kann að meta góða hressingu.



## FRÁBÆRIR VINNINGAR

Sumarleikur Metro er bráðskemmtilegur leikur þar sem krakkar geta safnað stimplum í Metro-ferðatöskuna og fengið glaðning í hvert sinn. Eftir visst marga stimpla fer ferðataskan í vinningspott á Metro og þá er möguleiki á enn stærri vinningi.



## HREIMSBORGARAR OG METRO ERU VINIR

Þau Hreimur Örn, Magni, Vignir Snær og Erna Hrönn mynda fereykið Hreimsborgara. Þau vakna hress með hlustendum Bylgjunnar á laugardagsmorgnum milli 9 og 12. Hreimsborgarar eru góðvinir Metro enda er Metro annar styrktaraðila þáttarins.

## Í STÚDENTSVEISLUNA

Ákaflega skemmtileg pöntun barst á Metro um tíuleytið eitt laugardagskvöld fyrir stuttu. Pantaðir voru 100 stakir ostborgarar sem glöddu stúdentsveislugesti sem svokallað „late snack“ eða miðnætursnarl. Höfðu gestir orð á því að þessi óvænti glaðningur hefði gefið þeim aukaorku sem varð til þess að síðustu gestir skiluðu sér aðeins seinna út en húsráðendur höfðu gert ráð fyrir.








# Hnetusmjörsflörri sá besti í bænum

Geir Ólafs afslappaður eftir viðburði dagsins með eftirlætið sitt, hnetusmjörsflörra.
MYND/DANÍEL

Geir Ólafs er bardagamaður, fullur af orku og æfir júdó stíft til að halda sér í góðu formi. Hann er fastagestur á Metro. „Mér finnst þægilegt að renna upp að lúgunni og fá mér hnetusmjörsflörra eða léttan skyndibita. Ef maður er duglegur að æfa er allt í góðu að leyfa sér eitthvað gott stundum,“ segir kappinn. „Ég er alls ekki duglegur að elda heima og þess vegna er það svo frábært að geta tekið tilbúinn matinn með sér heim, en þjónustan er líka til fyrirmyndar.

Ég fer yfirleitt í Metro á Suðurlandsbrautinni en það hentar mér mjög vel. Það er úr svo mörgu að velja, hvort sem ég ætla að fá mér hnetusmjörsflörra, grænan kost eða ljúffengan hamborgara. Mér finnst yndislegt að hafa svona góðan stað í hjarta borgarinnar, þarna er besti flörrinn í bænum. Það er til dæmis fínt að koma við þarna eftir erfiðar æfingar í júdóinu,“ segir Geir en Flörri er þeyttur ís með ýmsum bragðtegundum sem margir hafa fallið fyrir.




Handboltakapparnir Erling, Daníel og Hjálmtýr gæða sér á Metro-krásum.

# Beint á Metro eftir æfingu

Handboltakapparnir Erling, Daníel og Hjálmtýr sem æfa með Stjörnunni eru miklir matmenn. Þeir eiga það til að mæta í góðum gír á Metro beint að lokinni æfingu og gæða sér á matarmiklum málsverði. Þá skella þeir sér líka stundum á nokkra af þeim fjölmörgu heilsuréttum sem eru í boði á Metro þótt þeir hafi látið freistast af hamborgurum og frönskum í þetta skiptið.

# Grænt og gróft, það er Græna línan

Ekkert nema hefðin segir að skyndibiti eigi að vera óhollur. Hollur matur getur sannarlega verið góður á bragðið líkt og þeir sem hafa smakkað Grænu línu Metro geta vitnað um. Ásgerður Guðmundsdóttir á Metro segir Grænu línuna ganga vel. Metro er með marga girnilega og innihaldsríka rétti á matseðlinum. „Nú er ég að æfa á fullu og þarf virkilega að passa mig að borða reglubundið. Þá er ekkert betra en að borða af Grænu línunni á Metro. Við erum með níu mismunandi salöt og hægt er að velja á þau grillaðar kjúklingabringur, crispy kjúkling eða heitreyktan lax provence sem er stútfullur af omega 3. Ekki spillir að allt salat er ferskt og skorið niður á staðnum og allar sósur eru heimalagaðar. Kjúklingaborgararnir eru í grófu kryddbrauði, hönnuðum af Mosfellsbakaríi, og hafa slegið í gegn, “ segir Ásgerður um leið og hún rýkur út um dyrnar á Metro og stekkur á æfingu í Hress í hádeginu.



Ásgerður á Metro segir Grænu línuna ganga vel.



# Grínari tekst á við þann stóra!




Grínarinn og bardagakappinn Rökkvi Vésteinsson segist sporðrenna heilum Stóra Teistí á Metro án þess að blása úr nös. Rökkvi staðhæfir þetta þrátt fyrir að Stóri Teistí sé frekar erfiður viðureignar, enda 150 grömm og bara á færi þeirra allra svengstu að leggja einn slíkan. Rökkvi, sem er vanur jiujitsu-kappi, segir þann stóra hins vegar ekki eiga roð í sig þegar þeir mætast.

„Stóri Teistí kom skemmtilega á óvart. Hann var svaka ferskur og sósan frábær. Ég gæti vel borðað tvo svona léttilega en þrjá ef ég væri í ham,“ segir Rökkvi keikur og bætir við að börnin hans hafi ekki látið sitt eftir liggja í baráttunni við Stóra Teistí.




Rökkvi tekur á öllu sínu í baráttunni við Stóra Teistí.

## METRO – SKEMMTILEGUR VINNUSTAÐUR

Af hverju er svona gaman að vinna á Metro?



**Hjördís Lára Baldvinsdóttir** – Fólkið sem ég vinn með er rosalega skemmtilegt, maturinn er sjúklega góður og tónlistin frábær.



**Petra Leifsdóttir** – Samstarfsfólkið er skemmtilegt. Vinnan er mjög fjölbreytt enda alltaf nóg að gera. Manni leiðist aldrei í vinnunni.



**Björn Andri Bergsson** – Hér er fullt af skemmtilegu fólki og stemningin góð. Maturinn er rosa góður og vinnan fjölbreytt.Mjög fín reynsla.



# Sumarleikur fyrir börnin

Sumarleikur Metro gengur út á að safna stimplum í Metro-ferðatösku. Krakkar 12 ára og yngri fá afhenta Metro-ferðatösku þegar keypt er barnabox. Frá og með öðrum stimpli fá krakkarnir glaðning og eftir sjötta stimpil fer ferðataskan í vinningspott á Metro og er þá möguleiki á enn stærri vinningi.

Stimplað er í ferðatöskuna í hvert skipti sem barnabox er keypt.

Aðalvinningar verða dregnir út þann 26. ágúst og birtir á Facebook-síðu Metro svo nú er um að gera að gerast vinur þar. Þetta er spennandi leikur fyrir börnin.

Safnið stimplum í METRO-ferðatöskuna. Skemmtilegur vinningur í hvert skipti sem barnabox er keypt.









1 Metro-taskan

2 Metro junior ís í bikar

3 Frizz-sumar-drykkurinn

Leikurinn stendur yfir í allt sumar til 26. ágúst. Fylgist einn-ig með á Facebook undir síðunni okkar metroborgari.
Lækið á Metro strax í dag og komist í lukkupottinn. Allir sem læka fara sjálf-krafa í lukkupottinn og verður dreg-ið vikulega. Heppnir fá gjafakort á Metro.



6 Emmessís



Skemmtigarðurinn

5 Ferð í klessubíl

4 Metro junior randís í bikar

## Vinningar



**1. VINNINGUR**
4x4 rafmagnsfjórhjól



**2. VINNINGUR**
4x4 rafmagnsjeppi




**3.-10. VINNINGUR**
Gjafakort fyrir barnamáltíð á Metro.

## Frábær sumarleikföng

Lífleg leikföng fylgja öllum barnaboxum Metro í sumar. Vatns-byssur, sápukúlur, lit-ríkir tennisspaðar og ýmislegt annað litríkt og skemmtilegt dót sem börnin elska.






# Líf og fjör í Metrolandi

metroland

**Litla fólkið hefur stundum ekki þolinmæði til að hanga yfir spjalli fullorðna fólksins. Þá er upplagt að leyfa tímanum að líða á methraða í Metrolandi.**

Metro er staður fyrir alla fjölskylduna, unga sem aldna. Metroland kallast leiksvæði Metro, en þar má finna afþreyingu fyrir börn á öllum aldri. Þar eru leikkofi, rennibraut, fótboltaspil og síðast en ekki síst Playstation Vita leikjatölvur.

Milli ærslanna geta krakkarnir tekið sér hlé og tyllt sér við hugguleg borð í Metrolandi með máltíðina sína.

Barnaboxið svíkur engan en börnin setja það sjálf saman eftir eigin smekk. Þau geta valið hamborgara, ostborgara eða nagga í aðalrétt, franskar kartöflur, sætsalat eða gulrætur sem meðlæti og svo er úrval drykkja í boði. Síðast en ekki síst fylgir glaðningur með boxinu, sem ævinlega vekur lukku.



Fótboltaspilið dregur að.



Barnaborðin henta vel litlum kroppum.

Krakkar í stuði



Gjugg í borg.



Metroland er skapandi.

## METRO SPYR

**Franskar, gulrætur eða sætsalat?**



**Hekla Dögg Ingvarsdóttir** – Sætsalat, af því mér finnst það svo gott.



**Hrannar Örn Eyþórsson** – Franskar, því þær eru svo gómsætar.



**Jón Garðar Ögmundsson** – Franskar, af því mjóar franskar gera mann svo mjóan.



**Eyþór Örn Eyþórsson** – Ég myndi velja franskar OG gulrætur. Bara bæði betra.



**Gunnbjörn Gunnarsson** – Gulrætur, þær eru svo stökkar og fínar.



# RIHANNA KOMIN Í VAX Í NEW YORK

Vaxmyndasafnið Madame Tussauds í New York kynnti til sögunnar nýja vaxmynd af söngstjörnunni Rihönnu fyrir nokkrum dögum. Það tók tuttugu manna lið fjóra mánuði að útbúa hina 25 ára gömlu söngkonu, sem er í fötum af hinni raunverulegu stjörnu. Fötin notaði Rihanna á tónleikaferðalagi sínu Diamonds World Tour. Dressið hannaði Adam Selman úr leðri og skórnir eru frá Manolo Blahnik.

Sex húðflúr eru sjáanleg á vaxmyndinni, á fingrum, höndum og eyrum. Meistarar frá virtri húðflúrsstofu, Sacred Tattoo NYC, sáu um þá hlið. Það eru til fleiri vaxmyndir af söngkonunni en þær eru í Hollywood, Las Vegas, Washington D.C., Berlín, Sydney, Vín og Lundúnum.

Rihanna hefur selt yfir 37 milljónir hljómplatna og unnið sex Grammy-verðlaun. Madame Tussauds í New York hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn í borginni. Safnið er á Times Square.



**NEW YORK** Vaxmyndin af Rihönnu þykir afskaplega vel gerð og eðlileg. MYND/AFP










## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLASALA REYKJAVÍKUR



PORSCHE 911 turbo tech art stage iii 580PS. Árgerð 2002, ekinn 82 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 9.900.000. Bíllinn er á staðnum.



BMW M3 coupe e90. Árgerð 2008, ekinn 28 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 9.900.000.Bíllinn er á staðnum.



BMW 730d f01. Árgerð 2010, ekinn 67 Þ.KM, DIESEL, sjálfskiptur. Verð 13.890.000. Bíllinn er á staðnum.



BMW 5 530d M-tech. Árgerð 2007, ekinn 93 Þ.KM, DÍSEL sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Bíllinn er á staðnum!

**Bílasala Reykjavíkur**
**Bíldshöfða 10, 112 Rvk.**
**Sími: 587 8888**
**www.br.is**

SUZUKI



Rafmagnsreiðhjólin vinsælu fást hjá okkur. Þægileg reiðhjól sem henta mjög vel fyrir íslenskar aðstæður. Verð frá kr. 168.900,-

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður

**OKKUR FINNST RIGNINGIN GÓÐ...**
Óskum eftir öllum gerðum af húsbílum og hjólhýsi á skrá og á staðinn.. Sölumenn fara ALLTAF með viðskiptavinum og sýna ferðavagna sem eru á stæði..

**Ferðavagnamarkaður**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

NETBÍLAR
www.netbilar.is

Við seljum bíla!
Söluhæsta netbílasala landsins!
NETBÍLAR
www.netbilar.is · Sími 588 5300.

Netbílar er nú þegar orðin ein vinsælasta bílasalan í bænum. Beinið viðskiptunum til okkar það mun reynast yður happa drjúgt. Símakall til bílasala yðar útvegar yður fullar Upplýsingar.

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

J.R.BÍLASALAN
BÍLDSHÖFÐA 3, 110 REYKJAVÍK
S: 567-0333 www.jrbilar.is



FORD Transit 330l háþekja. Árgerð 2005, ekinn 131 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verðtilboð 1.980.000. Ný sprautaður, ný kúpling, nýtt í gólfi að aftan, Rnr.155277.

**JR Bílasala**
**Bíldshöfði 3, 110 Rvk**
**Sími: 567 0333**
**Okkur vantar bíla á skrá og í stæði**
**www.jrbilar.is**

TOPPBÍLAR



TOYOTA Yaris luna. Árgerð 2002, ekinn 178 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 590.000. Rnr.371198.



SKODA Octavia ambiente. Árgerð 2005, ekinn 129 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Rnr.371193.



BMW 3 318i s/d e90. Árgerð 2010, ekinn 18 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.371187.



VW Polo trendline. Árgerð 2012, ekinn 41 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.380148.



VW Tiguan dísel. Árgerð 2012, ekinn 30 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.790.000. Rnr.335627.

**Toppbílar**
**Klettháls 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

## Bílar til sölu



Holiday Camp 2007 tjaldvagn til sölu. Stórt og gott fortjald. Grindin styrkt sérstaklega. Lítill og er nettur. Einn eigandi og geymdur inni í bílskúr á veturna. 380.000 kr. Frekari uppl. eru í síma 773 1044/691 1918.



Kia Sportage diesel árg. ,05, sjálsk, ek. 109 þ. topp útlit og ástand. Ásett v. kr. 1.750. Uppl. í s. 664 5818.



**MUSSO SPORT 2,9 TURBO DISEL ÁRG 2005**
(mercedes benz vél) ek.118 þús km, beinskiptur 4x4 hátt og lágt drif, dráttarkr, ný sko 14, 5 manna, eyðir litlu um 8/ltr100 ásett verð 1290 þús TILBOÐ 890 ÞÚS möguleiki á allt að 100% láni í 36 mánuði 841 8955

Til sölu Sprinter 2002 og 2004. Hentugir í húsbíla. Einnig Peugeot Boxer 2000 sendibíll. V. 250þús. Uppl. í S. 894 3765.

Toyota Corolla Verso 7mann árg.04 sjá myndir á Krókur.net. S:896 1692.

Citroen C 3 árg. ,03. Aðeins keyrður 69þús. Skoðaður ,14. Nagladekk og sumardekk á felgum. Algjör sparibaukur. Verð 680.000. S. 694 3601.

## 0-250 þús.

Suzuki Swift GLX 1997 árg. Til sölu á 100þús. Þarfnast viðgerðar. Uppl. í S. 663 6776

## 250-499 þús.



**! SSK-DISEL-7MANNA-KRÓKUR !**
Nissan Terrano árg 01" dísel ekinn 240þ ssk 7manna,dráttarbeysli topplúga ný skoðaður 14" verð 750þ TILBOÐ 390þ uppls 777 3077



**SPARIBAUKUR TILBOÐ 350**
Kalos árgerð 2004 ek 150þ 1.4 bsk. ný skoðaður 14" smá útlitsgalli að framan Verð 690þ TILBOÐ 350þ!!! uppls 777 3077

## Bílar óskast

Kaupi bíla sem þarfnast viðgerðar, ekki eldri en ,98 árg. Aðallega Golf, Almerur og Mercedes. S. 893 5517

**!!! STAÐGREIÐI ÓDÝRA BÍLA !!!**
98-05"árg á allt að 250þúsund.. Vantar þig pening STRAX ? eða þarfnast bíllinn þinn lagfæringa og þú vilt losa þig við hann STRAX ?
**Hringdu í 777 3077 eða sendu sms**

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**!!! 0-250ÞÚS STAÐGREITT !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Uppl. í S. 691 9374.

## Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Reiðhjól




## Fellihýsi




Palamino Yerling 10.fet 99.árg eitt með öllu mjög vel með farið. 650þús S:896 1692.

## Hjólhýsi



Glæsilegt Þýskt velmeðf. hús, Knaus 500, 5 manna, Árg.7/'07,Hlaðið aukahl frá umb. sólarsella,Markhýsa, 2 geymar,Uppdr. loftnet, Ofl. stgr. Tilb. 2.790þ. S: 863 4714

## Bátar







## Varahlutir







**FELGUR**
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

## Bílaþjónusta

GB
TJÓNAVIÐGERÐIR
Gæðavottað réttingar og málningarverkstæði
Tjónaskoðun. Bílaleiga
GB Tjónaviðgerðir ehf.
Dragháls 6-8 - 110 Rvk
S: 567-0690
tjon@tjon.is • www.tjon.is

**ÚRVAL GÆÐABÍLA HJÁ HEKLU**



**Audi Q7 TDi V8**
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 104.000 km, sjálfsk.
Ásett verð:
**8.490.000,-**



**Chevrolet Captiva**
Árgerð 2010, dísil
Ekinn 28.000 km, sjálfsk.
Ásett verð:
**4.950.000,-**



**MMPajero 3,2 GLS**
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 148.000 km, sjálfsk.
Ásett verð:
**3.290.000,-**



**Skoda Octavia TDi**
4x4 AT. Árgerð 2011, dísil
Ekinn 58.000 km, sjálfsk.
Ásett verð:
**4.230.000,-**



**MMPajero 3.2 Instyle**
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 26.500 km, sjálfsk.
Ásett verð:
**9.390.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**
Laugavegi 174 · S. 590 5040
**heklanotadirbilar.is**

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja

Alhliða garðþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
www.gardathjonustaislands.is
Vönduð vinnubrögð.
Róbert S. 866 9767

GARÐLIST 554 1989

Sælugarðar.is
- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sólpallasmíði
- Öll garðvinna

Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. S. 824 1238.

**GRÖFUÞJÓNUSTA AUBERTS.**
Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnýjun á drenn og klóaklögnum.
**Sími 892 1663.**

HreinirGarðar
Traust og örugg garðþjónusta



Beðahreinsun
hreinirgardar@hreinirgardar.is
S: 571-2000

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
20% afsláttur af öllum inniverkum. Frítt verðtilboð. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

**HIMNAMÁLUN**
Geri tilboð í allt sem tengist málningarvinnu og sandsparsli. Heiðarleiki, fagmennska og sanngjarnt verð. Himnamálun Hilmar Sigurðsson málarameistari S: 851-1960. himnamalun@gmail.com

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S:695-4464 malningartjonusta@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

**HÚSEIGNAÞJÓNUSTA**
Lekaþéttingar, þakviðg. múrviðg. öll málningarvinna, háþrýstiþv. Uppl í s. 892 1565

Er komið að viðhaldi, lekur húsið, íbúðin eða sumarhúsið. Er komin mygla eða er fúkkalykt. Hef 20 ára reynslu af viðhaldsverkefnum. meðmæli ef óskað er Sími: 895 9801 eða oskar@sbd.is

## Nudd

Slökurnudd, heilsunudd á nuddstofunni á svæði 200. Tímapantanir í Síma 771 2117.

Nudd, nudd, nudd! Slökunarnudd frá 9-24. Rvk 101, s: 841 6795 Júlija.

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna

Heilnudd, úrvals nudd fyrir alla. Nuddstofan PT sími. 669 0802.

## Spádómar

**MIÐLA TIL ÞÍN, ÞVÍ SEM ÞEIR SEM FARNIR ERU SEGJA MÉR UM FRAMTÍÐ ÞÍNA.**
Einkatímar.
**Tímapantanir í s. 587 4517 Erla.**

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

## Rafvirkjun

**AH-RAF**
**LÖGGILDIR RAFVERKTAKAR.**
Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/ tímavinna ahraf@ahraf.is Hermann s: 845-7711 Arnar s: 897-9845.

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Hágæða sláttutraktórar



Estate Pro 22 sláttutraktór
STIGA
Vetrarsól ehf.
Askalind 4 - Kópavogi - Sími 564 1864



**ÚTSALA 20% - 70% AFSLÁTTUR**
Allar vörur á afslætti Kjóll 3.992 Peysa 5.592 Taska 3.495 Mussa 3 992 men fylgir Peysa 2.495 hvít Taska 1.500 Súpersól Hólmaseli 2 587-0077 / 567-2077 Erum á facebook.



Geymslugámur B 2,2 L 2,3 H 2,1 5m2. Verð 220.000 kr



Gámur B 2,4 L 5,9 H 2,4 14m2, einangraður, ofnar, ljós, 3 gluggar. Verð 780.000



Gámur B 7,2 L 5,9 H 2,4 42m2, einangraður,ofnar, ljós,7 gluggar, salerni, eldhús. Verð 2.740.000 kr



Vinnustaðagirðingar, L 3,5 H 2,0, steinn. Verð 7.500 kr.
Upplýsingar 660-6111

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

**Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.**
- Tekur venjulegt GSM SIM kort.
- Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
- SMS og MMS viðvörun í síma og netf.
- Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
- Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
- Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

**Uppl. í síma 699-6869 og www.rafeindir.is**

TOPP HESTAR
HESTALEIGA
Dreyravellir 8
S: 557 2208
Bifreiðas.: 554-3588

**Reiðskólinn er hafinn. 5 daga námskeið frá mán-fös., allan daginn frá kl. 9-16 með fæði. Aldur 5-12 ára.**

**Reiðkennari: Lárus Sindri**

**Uppl. í s. 557 2208 & 895 3588**

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

• Ættarmót • Garðveislur • Afmæli • Brúðkaupsveislur • Útisamkomur • Skemmtanir • Tónleikar • Sýningar • Fermingar • Kynningar o.fl.

**Viðrar vel til veisluhalda?**
**Tjöld af öllum stærðum. Borð, bekkir, stólar ofl.**
550 9800
Tjaldaleiga skáta
Hraunbær 123 • 110 Reykjavík • Sími 550 9800
Netfang: tjaldaleiga@skatar.is • www.skatar.

## SPARAÐU BENSÍN!

**Metan uppfærðu bílinn þinn**

**Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan**
**Lán til allt að 48 mánaða**

VélRás bigas
Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

## VARAHLUTIR

**Iveco • Benz • Man • Renault**
**Varahlutaþjónusta**
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

CMT ORANGE TOOLS
**CMT sagarblöð og fræsitennur**
Ásborg vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

netto
í sumarskapi




**HYDROXYCUT WILDBERRY** 21 BRÉF

**4.990** KR/PK

**ÁÐUR 5.990 KR**




**NATROL ACAI BERRY BRENNSLUTÖFLUR** 60 HYLKI

**2.190** KR/PK

**ÁÐUR 2998 KR**





## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | 8 | 2 | | 9 | 3 |
| | | | | | 7 | 4 | | |
| | | | | 4 | | | 8 | 1 |
| | 6 | 7 | | 1 | | | 5 | 4 |
| | | | 2 | 5 | | | | |
| | | | | | 6 | | | |
| 3 | | | | | | | 2 | 5 |
| | 1 | | 3 | | 9 | | | |
| 6 | 9 | 4 | 5 | | | | 3 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 5 | 9 | 7 | | | | 2 |
| | 9 | 4 | | 1 | | | | |
| | 2 | | | 5 | | | | 9 |
| | | 8 | | | 9 | | 4 | 5 |
| | | | | | 8 | | | 1 |
| | | 7 | 6 | 2 | | 8 | | |
| 2 | | 1 | | | 4 | | | |
| 3 | | | | | | | 2 | 7 |
| | | 9 | | | | | 3 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 8 | | | 6 | | 5 | |
| | | 6 | 2 | 3 | 7 | | 1 | |
| 2 | | | | | | | 3 | |
| | 2 | | 9 | | 8 | | | |
| | | 5 | 4 | | | 7 | | 9 |
| | | | | 7 | 5 | | | |
| | | 2 | | | 4 | | | 1 |
| | | | | | 1 | | | |
| 7 | | | 8 | | | 4 | | 2 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 8 | 1 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 | 5 | 1 | 3 |
| 1 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 4 | 7 | 8 |
| 2 | 3 | 6 | 5 | 4 | 1 | 8 | 9 | 7 |
| 8 | 5 | 7 | 2 | 9 | 3 | 6 | 4 | 1 |
| 9 | 1 | 4 | 7 | 8 | 6 | 3 | 2 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 3 | 1 | 5 | 7 | 8 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 | 5 | 4 |
| 5 | 7 | 1 | 8 | 6 | 4 | 9 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 7 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 5 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 |
| 9 | 1 | 2 | 7 | 8 | 4 | 6 | 3 | 5 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 1 | 5 | 8 | 7 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 2 | 5 | 8 | 7 | 6 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 3 |
| 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 6 | 3 | 7 | 4 | 9 | 2 | 8 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 6 | 5 | 4 |
| 1 | 5 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 9 | 2 |
| 7 | 9 | 4 | 5 | 2 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 3 | 2 | 5 | 1 | 7 | 6 | 4 | 8 | 9 |
| 8 | 6 | 1 | 3 | 4 | 9 | 5 | 2 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Góðærið býr að miklu leyti í oss sjálfum.**

*Stephan G. Stephansson*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT 2.** áfengisblanda, **6.** frá, **8.** tala, **9.** hrós, **11.** tveir eins, **12.** hroki, **14.** vinna, **16.** tónlistarmaður, **17.** sérstaklega, **18.** dá, **20.** hljóta, **21.** tala.

**LÓÐRÉTT 1.** tak, **3.** stefna, **4.** ófrægðarpappír, **5.** niður, **7.** forhlaup, **10.** flík, **13.** blaður, **15.** fimur, **16.** bar, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** púns, **6.** af, **8.** tíu, **9.** lof, **11.** öö, **12.** dramb, **14.** starf, **16.** kk, **17.** sér, **18.** rot, **20.** fá, **21.** átta.

**LÓÐRÉTT: 1.** hald, **3.** út, **4.** níðbréf, **5.** suð, **7.** forskot, **10.** fat, **13.** mas, **15.** frár, **16.** krá, **19.** tt.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Hans Tikkanen og Nils Grandelius urðu efstir og jafnir á sænska meistaramótinu sem lauk nýlega. Grandelius vann Wiedenkeller laglega.**

**Hvítur á leik**



24. Hxd7! Kxd7 25. Re5+ Kd6 (ef 25... Ke8 þá 26. Hc8+) 26. Rc4+ Kc6 27. Rxb6+ Kxb6 28. g3. Manni yfir vann Grandelius auðveldan sigur. Tikkanen vann síðan Grandelius í bráðabanaskák.

**www.skak.is** Skák í Skálholti á laugardag.

# NÝTTU GÓÐA VEÐRIÐ
## OG MÁLAÐU INNI UM HELGINA







málning

Vnr. 86620040-3537
KÓPAL GLITRA er vatns-þynnanleg, lyktarlaus plastmálning sem inniheldur engin leysiefni, gljástig 10, allir litir, 4 ltr.

**LYKTARLAUS INNIMÁLNING**

BYKO KLÚBBURINN

**KLÚBB verð**

**4.990 kr.***

Almennt verð 5.990 kr.

BYKO KLÚBBURINN

**SKRÁÐU ÞIG!**

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.BYKO.IS.**

*Gildir um helgina 18. - 21. júlí.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

facebook.com/BYKO.is

**BYKO**

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍM
159 KR. 5 stk
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK
398 KR. 485 gr
BÓNUS PYLSUR 10 stk.
298 KR. 1 kg
HEINZ TÓMATSÓSA 1 KG.
1598 KR. KG
ALI FERSKAR GRÍSALUNDIR 1598 KR.KG.
2000 PAKKAR Í BOÐI !
198 KR. 170gr
DORITOS SNAKK 4 TEG. 170 gr
95 KR. 200 gr
STEIKTUR LAUKUR 200 GR
198 KR pakkinn
BÖKUNAR-KARTÖFLUR Í ÁLPAPPÍR ca 700gr
579 KR. 3 x 200gr
198 KR 350gr
BÓNUS HRÁSALAT 350gr
298 KR STK
HEIMA EINNOTA GRILL
198 KR 4 stk
HEIMA GRILL ÁLBAKKAR 4 STK.
79 KR. 33cl
179 KR. 2 ltr.
BÓNUS SAMLOKUR
MÁNUDAGA - MIÐVIKUDAGA
FÖSTUDAGA
198 KR. stk
BÓNUS KORNBRAUÐ
500 GRÖMM
129 KR. 500GR
1498 KR. 32 stk.
PRINCE POLO CLASSIC 36 gr/stk.
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
Íslandsnaut 100% hreint Íslenskt ungnautakjöt
300 KRÓNA VERÐLÆKKUN
1698 KR. 10 x 120gr
KJARNAFÆÐI FROSNIR 120gr NAUTAHAMBORGARAR
VERÐ ÁÐUR 1998 KR.PK
ÍSLANDS NAUT
2398 KR. KG
FERSK UNGNAUTAPIPARSTEIK
TVEIR 140 GR
459 KR. 2 STK.
140gr UNGNAUTA-HAMBORGARAR
2298 KR. KG
FERSKT UNGNAUTAGÚLLAS
2298 KR. KG
FERSKT UNGNAUTASNITSEL
1498 KR. KG
FERSKT UNGNAUTAHAKK
1898 KR. 450 gr
FROSIÐ ÞÝSKT- NAUTA T-BONE
1398 KR. 350 gr
FROSIN ÞÝSK- NAUTA KÓTILETTA
100% UNGNAUTA-KJÖT
4 stk. hamborgarar
4 stk. 80 gramma 798 KR
4 stk. 120 gramma 998 KR
ÞÝSK NAUTALUND FROSIN
3998 KR. KG
TILBÚIÐ Á GRILLIÐ Forkryddað lamba og grísakjöt
KJARNAFÆÐI
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
2298 KR. kg
LAMBALÆRISSNEIÐAR 1.FL
MIÐLÆRISSNEIÐAR
KJARNAFÆÐI
1598 KR. kg
KJARNAFÆÐI GRILL LAMBA-
SIRLOINSNEIÐAR
BÓNUS Grillkjöt
Bónus ferskar GRÍSA GRILL KÓTILETTUR
1198 KR. KG
KJARNAFÆÐI
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
1398 KR. KG
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
MEÐ VILLTUM ÍSLENSKUM KRYDDJURTUM
BLÓÐBERG-BIRKILAUF-AÐALBLÁBERJALYNG-EINIR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30

# Með tónleikagestina nánast í fanginu

TÓNLIST ★★★☆☆

**Tónleikar**

Peter Maté píanóleikari flutti verk eftir Rakmaninoff, Liszt, Beethoven og Þorkel Sigurbjörnsson í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar þriðjudaginn 16. júlí.

Að koma fram á tónleikum og spila erfið verk utanbókar er gríðarleg þolraun. Að minnsta kosti fyrir þá sem ekki halda marga tónleika á ári. Það er því mikilvægt fyrir tónlistarflytjandann að geta gleymt sér í tónlistinni og einangrað sig andlega frá áheyrendum. Ég gat ekki séð að þessi sjálfsagða krafa væri virt á tónleikum í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á þriðjudagskvöldið.

Salurinn er lítill og hann fylltist fljótt. Áheyrendur héldu áfram að streyma að. En í staðinn fyrir að tilkynna að það væri uppselt var stólum bætt við. Ég held að ég hafi aldrei séð fremsta áheyrendabekkinn eins nálægt flyglinum og þarna um kvöldið. Mér sýndist fjarlægðin vera um einn metri. Það var nánast eins og að vera með tónleikagestina í fanginu.

Peter Maté píanóleikari kom fram á tónleikunum. Hann er af ungverskum ættum en var fæddur í gömlu Tékkóslóvakíu og hefur verið búsettur á Íslandi í lengri tíma. Miðað við erfiðar aðstæður var frammistaða hans aðdáunarverð.

Fyrst á dagskrá voru tvær prelúdíur eftir Rakmaninoff, op. 32 nr. 12 og op. 23 nr. 2. Sú fyrri er auðveld viðureignar en hin síðari alls ekki. Maður heyrði að Peter var taugaóstyrkur. Túlkunin var dálítið óróleg, leikurinn var stundum órytmískur. Hápunktana í tónlistinni skorti þyngd; það vantaði kraftinn í þá. Það var eins og píanóleikarinn væri hræddur við að gefa sig tónlistinni algerlega á vald. En vissulega var margt prýðilega leikið. Hraðar nótnarunur voru t.d. tærar og glitrandi. Og túlkunin var almennt í anda Rakmaninoffs. Hún var lífleg og ástríðufull, fyrir utan þetta með hápunktana.

Svipaða sögu er að segja um annað á dagskránni. Ástardraumar eftir Franz Liszt voru einkar fallegir, fullir af rómantískri mýkt og fegurð. En fantasíuna um Heilagan Frans sem gengur yfir öldurnar hefði mátt byggja betur upp. Hún var býsna óstöðug. Það var eins og píanóleikarinn væri að flýta sér. Fyrir bragðið vantaði glæsileikann í verkið. Tónlistin missti marks.

Hin svokölluðu Hans tilbrigði, sem Þorkell Sigurbjörnsson tileinkaði sænska píanóleikaranum Hans Pålsson, komu hins vegar prýðilega út. Þorkell lést fyrr á árinu, en þennan dag, 16. júlí, hefði hann orðið 75 ára. Peter lék tilbrigðin hans af skáldlegu innsæi. Það er tregafullt andrúmsloft í verkinu, einmanaleiki sem komst fullkomlega til skila í vandaðri túlkuninni.

Sónata nr. 26 eftir Beethoven var líka á margan hátt flott. Hún er titluð Les Adieux (kveðjurnar) og fjallar um aðskilnað, fjarveru og endurfundi. Peter sýndi þar að hann er frábær píanóleikari. Mjög erfiðar nótnastrófur voru fullkomnar. Spilamennskan var í heild dramatísk eins og hún átti að vera. Aftur saknaði ég þó kraftsins í hápunktunum. Fyrir bragðið var verkið aldrei almennilega fullnægjandi. Það var synd.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Góður flutningur en taugaóstyrkur, sem má rekja til erfiðra aðstæðna í tónleikasal, spillti fyrir.



**PETER MATÉ** Flutti verk eftir Rakmaninoff, Liszt, Beethoven og Þorkel Sigurbjörnsson.



**SIGTRYGGUR** Hann segir nýtt met hafa verið slegið í tónleikahaldi Íslendinga erlendis í mars með tvö hundruð og tvennum tónleikum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Sjóður sem bregst fljótt og örugglega við

**Sex verkefni hlutu ferðastyrki í júlí úr Útflutningssjóði íslenskrar tónlistar. Sigtryggur Baldursson segir mikla grósku í tónleikahaldi Íslendinga erlendis.**

„Það er afar gott mál að hafa þennan sjóð," segir Sigtryggur Baldursson, stjórnarmaður í Útflutningssjóði íslenskrar tónlistar, sem úthlutaði ferðastyrkjum í þriðja sinn í vikunni. Sjóðurinn er á vegum menntamálaráðuneytisins og hlutverk hans er að auka möguleika íslensks tónlistarfólks á velgengni erlendis. Fyrsta úthlutun úr honum var í maí í vor. „Þetta er lítill sjóður," segir Sigtryggur, „en er hugsaður til að geta brugðist fljótt og örugglega við, því margt fólk í tónlistarbransanum er að fara út með stuttum fyrirvara. Hann veitir líka styrki til markaðsverkefna fjórum sinnum á ári."

Í stjórn sjóðsins eru auk Sigtryggs þær Kamilla Ingibergsdóttir og Ragnhildur Gísladóttir, sem er formaður. „Það berast margar umsóknir og við reynum að skoða þær á faglegum grundvelli. Það eru allt verðug verkefni en því miður er ekki hægt að veita öllum styrki," segir Sigtryggur og upplýsir að nýtt met hafi verið sett í tónleikahaldi Íslendinga í vor. „Það voru 202 tónleikar með íslenskum flytjendum erlendis í mánuðinum mars og 187 í apríl. Þetta eru ótrúlegar tölur."

Útflutningssjóður íslenskrar tónlistar er einn angi fjárfestinga í skapandi greinum sem fyrri ríkisstjórn kom á, að sögn Sigtryggs. „Sjóðurinn er þeirrar náttúru að hann úthlutar ferðastyrkjum mánaðarlega. Það eru svolítil læti í honum. Hann mætti alveg vera stærri því hann skapar mikil verðmæti og afleidd störf."

gun@frettabladid.is

## Verkefni sem fengu ferðastyrk í júlí

- Alexandra Chernyshova. Nútímaópera hjá New York Center for Contemporary Opera.
- Myrra Rós. Tónleikaferðalag í Eistlandi.
- Lord Pusswhip, Two Step Horror, Captain Fufanu og AMFJ. Tónleikar í New York á The Knitting Factory og Goodbye Blue Monday.
- Dikta. Tónleikahald og upptökur í Þýskalandi.
- Skálmöld. Tónleikaferðalag í Evrópu.
- Ung Nordisk Music. Kynning á nýrri klassískri íslenskri tónlist í miðstöð nýrrar tónlistar og hljóðlistar í Osló.



**MYRRA RÓS** Fékk styrk til tónleikahalds í Eistlandi.


# INNKÖLLUN!

Að undanförnu hefur Tiger selt litlar hjartalagaðar pönnur (vörunúmer 20091744). Komið hefur í ljós að húðunin á síðustu sendingu af pönnunum er gölluð og getur flagnað af við mikinn hita. Tiger hefur því ákveðið að innkalla þessar pönnur af heilsufarsástæðum.

Ef þú keyptir þessa vöru biðjum við þig vinsamlega að koma í eina af fjórum verslunum Tiger á Íslandi og skila vörunni gegn fullri endurgreiðslu.
Ekki er farið fram á að kassakvittun sé framvísað.

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi innköllunina vinsamlega hafðu samband við skrifstofu Tiger í s. 565 9930 eða sendu tölvupóst á tiger@tiger.is

TIGER
Villidýr á verði
tiger.is · facebook.com/tigericeland


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 18. JÚLÍ 2013**

### Tónleikar

**12.00** Friðrik Vignir Stefánsson organisti í Seltjarnarneskirkju leikur ásamt Eygló Rúnarsdóttir mezzósópran sem syngur. Aðgangseyrir er kr. 1.700.-

**20.00 Skálholtskvartettinn flytur strengjakvintetta eftir Michael Haydn, Mozart, Schubert og Bruckner á Sumartónleikum í Skálholtskirkju.**

**20.00** Dúndursveitin Esja heldur tónleika á Café Flóru í kvöld. Tinna Katrín Jónsdóttir sér um upphitun. Enginn aðgangseyrir

**21.00** Famina Futura mun leika ljúfa tóna á Cafe Rosenberg. Aðeins 500 krónur inn.

**22.00** Pálmi Sigurhjartarson píanóleikari leikur með Bítladrengjunum blíðu.

### Leiklist

**16.00** Lokahátíð Listhópa og Götuleikhúss Hins hússins. Hóparnir munu halda lokahátíðina Vængjaslátt á göngugötunni á Laugavegi kl. 16-18.



**SKÁLHOLTSKVARTETTINN**

### Sýningar

**12.00** Á sýningunni Villikettir sýnir myndlistarkonan Sunna Ben brot af sístækkandi ljósmyndasafni sínu. Sunna hefur gengið með myndavél á sér, alla daga og nætur, samfleytt í sjö ár. Aðgangur ókeypis.

**18.00** Páll Jökull Pétursson sýnir stórar ljósmyndir á Café Flóru af því smáa sem mörgum er hulið í plönturíkinu. Sýningin stendur til 11. ágúst og er opin daglega á opnunartíma Café Flóru 10-22.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*

Mikið úrval af vönduðum töskum!
Pulse
Beckmann
JEVA



NÝTT KORTA TÍMABIL

# SKÓLATÖSKUDAGAR

# 20% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM SKÓLATÖSKUM






Gildir til 22. júlí á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



## TÓNNINN GEFINN

Haukur Viðar Alfreðsson

# Byrjum á slaginu

„Farið þið ekki bráðum að byrja?“, var ég spurður á öldurhúsi einu fyrir mörgum árum á tónleikum hljómsveitar sem ég var meðlimur í. Ég þekkti ágætlega þann sem spurði, og þess vegna fékk ég ekki samviskubit þó hann væri búinn að bíða í næstum klukkustund eftir auglýstan upphafstíma tónleikanna án þess að nokkur léti sjá sig á sviðinu.



„Við erum alveg að fara að byrja,“ svaraði ég, og rúmum hálftíma síðar var talið í. Kunninginn var hins vegar farinn heim. Hann nennti skiljanlega ekki að bíða lengur. Þessi vanvirðing mín fyrir tíma annarra orsakaðist af þrennu þetta kvöld. Áratugalangri hefð Íslendinga fyrir því að hefja tónleika aldrei á tilsettum tíma, óöryggi okkar í hljómsveitinni vegna dræmrar mætingar, og meðvirkni með gráðugum bjórsala sem vildi alltaf bíða aðeins lengur.

Ég hef lært heilmikið síðan þetta annars frekar misheppnaða kvöld. Við spiluðum okkar prógramm fyrir hálftómu húsi og með því að seinka tónleikunum höfðum við grætt einn nýjan áhorfanda fyrir hvern þann sem hafði gefist upp á biðinni og farið heim. Ávinningurinn af dónaskap okkar við tónleikagesti reyndist því vera enginn þegar upp var staðið.

Í dag er ég orðinn hérumbil jafn gamall og sá sem spurði var á þeim tíma. Ég nenni ekki lengur að hanga tímunum saman á fretangandi knæpum að bíða eftir óskipulögðum rugguhestum, hvort sem þeir eru vinir mínir eða ekki.

Ég gekk næstum því af göflunum í gær þegar Frank Ocean var ekki mættur á sviðið tuttugu mínútum eftir auglýstan tíma. Ég hafði ekkert merkilegra að gera, en allt er betra en að bíða. Ég er búinn að borga fyrir miðann minn, koma svo!

## Í spilaranum









**Grísalappalísa** – ALI
**Joey Bada$$** - Summer Knights
**Calexico** - Spiritoso



**PRETTÁN TOPPPLÖTUR** Jay-Z kann vel við sig í efsta sætinu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Metin falla á Spotify

### Notendur streymdu nýjustu plötu Jay-Z 14 milljón sinnum á einni viku.

Nýjasta plata rapparans Jay-Z, Magna Carta… Holy Grail, hefur slegið met á tónlistarveitunni Spotify í Bandaríkjunum, en engri annarri plötu hefur verið streymt jafn oft á einni viku síðan veitan opnaði. Fyrstu vikuna eftir útgáfu plötunnar streymdu notendur vefsins plötunni rúmlega 14 milljón sinnum. Eldra met Daft Punk hefur því verið slegið, en síðustu plötu franska rafdúósins, Random Access Memories, var streymt um 9,5 milljón sinnum á einni viku. Platan Babel með ensku sveitinni Mumford and Sons er komin niður í þriðja sætið með 8 milljón streymi af vef Spotify. Þessari vinsælu tónlistarveitu, sem stofnuð var árið 2006, vex sífellt ásmegin, og ekki er langt síðan Íslendingum var gert það kleift að notfæra sér þjónustuna.

Þó eru ekki allir sáttir við fyrirbærið og Radiohead-forsprakkinn Thom Yorke fjarlægði til að mynda allt efni sitt af veitunni á dögunum, að efni Radiohead undanskildu, og vandaði Spotify ekki kveðjurnar.

„Nýir tónlistarmenn fá ekki baun í bala,“ segir Yorke en hann telur að þó streymi henti vel fyrir eldra efni gefi það lítið í aðra hönd fyrir nýútkomið efni frá minna þekktum listamönnum.

Þá hefur Patrick Carney úr The Black Keys sakað síðuna um ósanngirni í garð tónlistarmanna og segir Spotify og sambærilegar streymissíður slæman valkost fyrir hljómsveitir sem lifa á tónlist sinni.

haukur@frettabladid.is

## Á toppnum



Magna Carta… Holy Grail er tólfta sólóplata Jay-Z og skaust hún beint á topp Billboard-listans þegar hún kom út í byrjun mánaðarins. Séu samstarfsplötur rapparans teknar með er platan sú þrettánda sem nær á topp listans.

Það er meira en nokkur annar sólólistamaður í sögunni hefur afrekað, og af hljómsveitum ná aðeins Bítlarnir að toppa árangurinn, með sínar nítján toppplötur. Jafnir í þriðja sæti eru þeir Bruce Springsteen og Elvis Presley með tíu hvor.

## 11.7.2013 ➜ 17.7.2013





### LAGALISTINN

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| 1 | ▲ | Capital Cities | *Safe And Sound* |
| 2 | ▲ | Margaret Berger | *I Feed You My Love* |
| 3 | ▲ | Olly Murs | *Dear Darling* |
| 4 | ▶ | Robin Thicke / T.I. / Pharrell | *Blurred Lines* |
| 5 | ▲ | Kaleo | *Vor í Vaglaskógi* |
| 6 | ▲ | Daft Punk / Pharrell | *Get Lucky* |
| 7 | ▲ | Hjaltalín | *Halo* |
| 8 | ▼ | Imagine Dragons | *Demons* |
| 9 | ▲ | Passenger | *Let Her Go* |
| 10 | ▼ | Emmelie de Forest | *Only Teardrops* |

### TÓNLISTINN

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| 1 | ▶ | Sigur Rós | *Kveikur* |
| 2 | ▶ | Ýmsir | *This Is Icelandic Indie Music* |
| 3 | ▶ | Ýmsir | *Tíminn flýgur áfram* |
| 4 | ▲ | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| 5 | ▲ | Of Monsters and Men | *My Head Is an Animal* |
| 6 | ▼ | Ýmsir | *Einnar nætur gaman með Sigga Hlö* |
| 7 | ▼ | Samaris | *Samaris* |
| 8 | ▲ | Ýmsir | *Pottþétt 59* |
| 9 | ▲ | Ýmsir | *Inspired by Harpa* |
| 10 | ▲ | Bubbi Morthens | *Stormurinn* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

MIÐBÆR
Fasteignasala & Leigumiðlun
Kristbjörn Sigurðsson lögg. fasteignasali & leigumiðlari
S: 588 3300

TIL SÖLU TÍSKUVÖRUVERSLUN Í MIÐBÆNUM

Höfum fengið til sölu mjög góða tískuvöruverslun í uþb 95 fermetra leiguhúsnæði á góðum stað í fallegu steinsteyptu húsi við Laugaveginn. Hátt er til lofts og rýmið sem er bjart og skemmtilegt hefur auk þess góða sýningarglugga að götunni.
Sér snyrting og lítil kaffistofa/lager er innan verslunarinnar.

Verslunin sem sérhæfir sig í kvenfatnaði, skarti og gjafavöru hefur tryggan hóp viðskiptavina, veltan sem var kringum 20-24 milljónir á síðasta ári fer stígandi og nú fer í hönd söluhæsta tímabil ársins. Núverandi eigandi hefur séð um innkaup og vöruinnflutning sjálfur og koma vörurnar aðallega frá Amsterdam, London og Bandaríkjunum. Innifalið í kaupverði er vörulagar að útsöluverði ca. 5 milljóna króna auk innréttinga.

**Verð: 10.000.000 kr**
Leiga á mánuði: ca 360.000 kr á mánuði með vsk

**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR**
veitir Ingólfur Ingvarsson sölufulltrúi í síma 893-7806, eða sendið póst á netfangið: ingolfur@midbaer.is

next

# ÚTSALAN ER HAFIN

# 40-60% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM

Fylgstu með okkur á Facebook

OPIÐ

| | |
|---|---|
| mán. - mið. | 10:00 - 18:30 |
| fimmtudaga | 10:00 - 21:00 |
| föstudaga | 10:00 - 19:00 |
| laugadaga | 10:00 - 18:00 |
| sunnudaga | 13:00 - 18:00 |

next

KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

Raðandi - auglýsingastofa ehf

# Eftirsótt leikkona

Jessica Chastain er vinsæl um þessar mundir.

Leikkonan Jessica Chastain fer með annað aðalhlutverkanna í kvikmyndinni A Most Violent Year í leikstjórn J.C. Chandor. Mótleikari Chastain verður enginn annar en spænski leikarinn Javier Bardem.

Vefsíðan Empireonline.com segir söguþráð kvikmyndarinnar enn vera mikið leyndarmál. A Most Violent Year verður þriðja kvikmynd leikstjórans, en áður leikstýrði hann myndunum Margin Call frá 2011 og All is Lost með Robert Redford í aðalhlutverki.

Chastain hefur haft í nógu að snúast frá árinu 2011 og á þessu ári má berja leikkonuna augum í myndunum Mama og tvíleiknum The Disappearance of Eleanor Rigby: His og The Disappearance of Eleanor Rigby: Hers. Að auki fer hún með hlutverk í myndunum Miss Julie og Interstellar sem koma út á næsta ári.



**VINSÆL** Leikkonan Jessica Chastain er vinsæl um þessar mundir. NORDICPHOTOS/GETTY



**LEGÓMYND** Legómyndin verður frumsýnd á næsta ári.

# Hitað upp fyrir Legó-teiknimyndina

The Lego Movie verður frumsýnd í byrjun næsta árs.

Mikið hefur verið ritað um The Lego Movie, teiknimynd sem skartar leikfangafígúrunum þekktu í aðalhlutverkum. Á mánudag birtist fjöldinn allur af Comic Con-veggspjöldum á netinu, þar á meðal eitt fyrir umrædda mynd.

Söguþráður myndarinnar segir frá Emmet, legófígúru sem fyrir mistök er tekinn í hóp ofurhetja sem ætlað er að bjarga Legóheiminum. Leikarinn Chris Pratt ljáir Emmet rödd sína en með önnur hlutverk fara stórleikarar á borð við Liam Neeson, Morgan Freeman, Will Ferrell, Elizabeth Banks og Will Arnett.

Áætlaður frumsýningardagur myndarinnar er 7. febrúar 2014.


HÚSEIGN Fasteignamiðlun



Baldvin Ómar Lögg. fasteignasali

Opið hús fimmtudaginn 18. júlí 2013 kl. 17-18.

Móaflöt 15 - Garðabæ




Fallegt raðhús á einni hæð á þessum vinsæla stað í Garðabæ.
Um er að ræða 134,7 fm hús auk 45fm bílskúrs.
Fjögur svefnherbergi. Upprunaleg eldhúsinnrétting.
Ásett verð kr. 44,000,000,-
Allar nánari upplýsingar veitir Baldvin Ómar í síma 898-1177

Suðurlandsbraut 48 • 108 Reykjavík • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109
huseign@huseign.is • www.huseign.is
Baldvin Ómar Magnússon - Löggiltur fasteignasali




**MIKIÐ SJÓNARSPIL** Kvikmyndin Pacific Rim skartar Charlie Hunnam, Rinko Kikuchi og Idris Elba í aðalhlutverkum. Myndin þykir mikið sjónarspil.

# Vélmenni gegn skrímslum

Stórmyndin Pacific Rim var frumsýnd í gærkvöldi. Kvikmyndin er úr smiðju meistara Guillermos del Toro og hefur fengið frábæra dóma frá gagnrýnendum.

Stórmyndin Pacific Rim gerist árið 2020 og segir frá því er risavaxin skrímsli frá annarri vídd ráðast á jörðina í þeim tilgangi að taka yfir þær náttúruauðlindir sem hér eru og útrýma mannfólkinu um leið. Til varnar þessum óvættum, sem kallast kaiju, taka þjóðir heimsins höndum saman og hrinda í framkvæmd verkefni er kallast Jaegeráætlunin. Verkefnið felur í sér hönnun og smíði vélmenna sem eiga að vera jafnoki skrímslanna. Í fyrstu virðist áætlunin ætla að ganga upp en síðan fer aftur að síga á ógæfuhlið mannfólksins.

Þótt útlitið sé svart ákveður Stacker Pentecost, yfirmaður Jaeger-deildarinnar, að berjast til síðasta vélmennis, í orðsins fyllstu merkingu, og fær til liðs við sig flugmann að nafni Raleigh Becket. Becket þessi hafði áður stýrt vélmenninu Gipsy Danger ásamt bróður sínum, en hætti störfum eftir andlát bróður síns. Úr verður að Becket stýrir Gipsy Danger ásamt Mako Mori, ættleiddri dóttur Pentecosts, og ætla þau að verjast eins lengi of þeim er það unnt.

## Þögla týpan

- Rinko Kikuchi er fædd 6. janúar árið 1981.
- Hennar fyrsta kvikmyndahlutverk var í japönsku myndinni Ikitai frá árinu 1999.
- Árið 2006 fékk hún hlutverk í hinni margrómuðu kvikmynd Babel. Þar leikur hún heyrnar- og mállausa stúlku að nafni Chieko Wataya og var tilnefnd til fjölda verðlauna fyrir leik sinn. Kikuchi varð þar með fimmta leikkonan í sögu Óskarsverðlaunanna sem tilnefnd var til verðlauna fyrir þögult hlutverk.
- Kikuchi lék einnig í myndinni The Brothers Bloom frá árinu 2009. Þar sagði hún aðeins þrjú orð í allri kvikmyndinni.
- Leikkonan fór jafnframt með eitt aðalhlutverkanna í japönsku myndinni Norwegian Wood, sem byggð var á samnefndri metsölubók rithöfundarins Haruki Murakami.



Hinn mexíkóski Guillermo del Toro leikstýrir kvikmyndinni, en hann er þekktastur fyrir ævintýrahrollvekjuna Pan's Labyrinth. Með helstu aðalhlutverk fara bresku leikararnir Charlie Hunnam og Idris Elba, ásamt japönsku leikkonunni Rinko Kikuchi. Del Toro segist hafa valið Hunnam í hlutverk Beckets því hann þótti hann einlægur og vinalegur í fasi. „Hann er týpa sem fólk samsamar sig. Sem áhorfandi hugsa ég: Ég kann vel við þennan náunga, ég væri til í að fá mér nokkra bjóra með honum," sagði del Toro. Hann hrósaði jafnframt aðalleikkonu sinni, Kikuchi, og sagði hana hafa staðið sig eins og hetju á meðan á tökum stóð. „Hún var sú eina sem kvartaði aldrei undan líkamlegu álagi við tökur. Ég spurði hana hvert leyndarmál hennar væri og hún sagðist hugsa um gúmmíbirni og blóm. Ég geri það sjálfur í dag," sagði leikstjórinn.

Kvikmyndin fékk 71 prósent í einkunn á vefsíðunni Rottentomatoes.com og 7,9 í einkunn á Imdb.com. Kvikmyndarýnar segja myndina vera „fáránlega góða skemmtun" og mikið sjónarspil.

- sm

# Skrímsli og látnir lögreglumenn

Monsters University og R.I.P.D. eru komnar í kvikmyndahús hér á landi.

Teiknimyndin Monsters University, eða Skrímslaháskólinn eins og titillinn er þýddur á íslensku, er nýjasta teiknimyndin frá Pixar og Disney. Í myndinni fá áhorfendur að kynnast því hvernig Mike og Sully, eða Magnúsi og Sólmundi eins og þeir félagar nefnast hér á landi, verður til vina.

Magnúsi og Sólmundi er nefnilega ekki vel hvorum við annan er þeir hefja nám við Skrímslaháskólann og neyðast til að deila saman herbergi. Þeim er báðum í mun að læra hræðslutæknina sem skrímslum ber að kunna, þótt þeir beri sig misjafnt að. En brátt gerast Magnús og Sólmundur miklir vinir.

Spennumyndin R.I.P.D. segir frá sérstakri lögregludeild sem kallast Rest In Peace Department. Lögreglumaðurinn Roy Pulsifer, sem leikinn er af Jeff Bridges, er þaulreyndur innan deildarinnar en markmið hennar er að hafa uppi á illum öndum sem dulbúa sig sem manneskjur. Pulsifer semur ekki við nýlátinn félaga sinn, sem leikinn er af Ryan Reynolds, en þeir leggja ágreining sinn til hliðar til að komast til botns í erfiðu máli.



**DULARFULL LÖGREGLUDEILD** R.I.P.D. er önnur tveggja mynda sem frumsýndar eru um þessar mundir.

➜ Tökur á R.I.P.D. hófust þann 28. janúar í fyrra. Upphaflega átti að frumsýna hana þann 28. júní 2013.




# Gefðu fallegan lífsförunaut í brúðkaupsgjöf

**BRÚÐKAUPS-GJAFALISTAR OG GJAFAKORT**



epal

Harpa / Skeifan 6 /Keflavíkurflugvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

iittala



ARCHITECTMADE



by Lassen. Copenhagen



HAY



# Skrifað í stjörnurnar



**SPÁÐ Í STJÖRNURNAR** Sigga Dögg hefur gaman af því að velta fyrir sér hvernig stjörnumerkin passa saman. NORDICPHOTOS/GETTY

Stjörnuspeki kitlar mig ögn. Ég hef ávallt haft gaman af þeirri tilhugsun að alheimurinn viti eitthvað um mig og eitthvað sé skrifað í stjörnurnar allt út frá deginum sem ég fæðist á. Kannski er þetta líka þráin eftir því að vera hluti af einhverju stærra en einnig að geta vitað eitthvað um kjarna ókunnugra áður en við kynnumst því. Ég er bogmaður í húð og hár nema hvað varðar sumt, svona eins og íþróttir og púl, ég nenni því ekki. Ég fer svo sem ekki hátt með þennan áhuga því góðir sálfræðikennarar reyndu í þrjú ár að berja þetta úr hausnum á mér en mér er eiginlega alveg sama, ég hef ótrúlega gaman af þessu. Svo lengi sem maður tekur stjörnuspeki með smá fyrirvara, því við stjórnum jú okkar eigin lífi, þá má hafa ágætlega gaman af þessu.

Eitt sem er í mínu allra mesta uppáhaldi er að sjá hvernig stjörnumerki eiga saman, sérstaklega í ástarsamböndum. Ég neita því ekki að ef þau passa illa saman þá setur það smá huglægt högg á samband sem annars gæti orðið gott. Svo ég tali nú ekki um manneskjur sem passa illa við mitt ævintýralega stjörnumerki. Oftar en ekki leitast hugurinn við að staðfesta hvað í fari viðkomandi passar við upptalningu stjörnumerkisins og færir mér þannig enn frekari sönnur á réttmæti þess (þetta er sígild hugsanavilla svo ekki falla fyrir henni).

Nýverið rakst ég á bók sem rakti ítarlega kynlíf og ástarsambönd hvers stjörnumerkis. Lýsinguna hvað varðar ástarsambönd kannaðist ég ágætlega við, en mér fannst það þó geta átt við mjög marga enda held ég að flestir elski að láta dekra við sig og koma sér á óvart. Svo komu kynlífslýsingarnar og þar eiginlega átti ég ekki til aukatekið orð. Hvernig er mögulega hægt að setja kynlíf, sem er einstaklingsbundið eftir því með hverjum það er stundað, og stuði og stemmingu, í form og flokka út frá fæðingardegi? Svo er þetta líka kynjaskipt. Karlmennirnir eru eigingjarnir í rúminu og konurnar tilfinningalega lokaðar. Þá er upptalning á líkamshlutum sem viðkomandi eru næmir fyrir og alls kyns örvun og leiktæki, eins og korselett, sem eiga víst sérstaklega vel við þetta stjörnumerki. Þetta bara „meikar ekki sens", í mínum augum er ekkert sérstaklega kósí né kynferðislega gefandi við korselett. Það má hafa gaman af þessu og mögulega nota til hliðsjónar ef báðir eru til. Bólfélagar skulu hins vegar forðast að reyna að krumpa næsta bogmann í stellingar sem einungis ættu að vera fyrir ólympíukeppanda í fimleikum. Það er því svo með stjörnumerki, eins og allt annað í þessu lífi, við erum einstaklingar og einstaklingsmunur trompar alltaf staðalímyndir og gölluð flokkunarkerfi. Við þurfum að reiða okkur á samskipti til að kynnast hvert öðru. Spurðu áður en þú ályktar; hvað finnst þér gott?

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is





**EYKUR VÖXT** Vonast er til að Viagra geti hjálpað vaxtarskertum börnum í móðurkviði.

# Vaxtarskert börn fá Viagra í móðurkviði

Stinningarlyfið er talið geta örvað blóðflæði í fylgju.

Óléttar konur kunna að fá stinningarlyfið Viagra til að örva vöxt barna í móðurkviði. Rannsókn á hvort lyfið geti aukið lífslíkur barna sem stækka ekki sem skyldi á meðgöngu er nú í undirbúningi undir stjórn vísindamanna í Nýja-Sjálandi og Ástralíu. Dr. Kate Groom, sem er yfir rannsóknarteymi í háskólanum í Auckland í Nýja-Sjálandi, segir enga meðferð í boði eins og er fyrir vaxtarskerðingu aðra en að láta konuna fæða fyrir tímann. „Ef við getum komið í veg fyrir fyrirburafæðingu aukum við lífslíkur barnanna og getum komið í veg fyrir marga þá fylgikvilla sem fylgja þeim."

Um 120 konur sem ganga með mjög vaxtarskert börn munu fá reglulega skammta á meðgöngu af sildenafil citrate, sem er virka efnið í Viagra.

Niðurstöðurnar verða síðan bornar saman við samanburðarhóp sem fær lyfleysu.

Um 600 börn fæðast andvana á ári hverju í Bretlandi vegna fæðingareitrunar en þá er ekki nægt blóðstreymi til barnsins í gegnum fylgju. Talið er að lyfið hjálpi til við að víkka æðarnar í fylgjunni en rannsóknir á ófrískum músum sýna að fósturlátum fækkaði til muna hjá músum sem var gefið lyfið.

Búist er við niðurstöðum úr rannsókninni í byrjun árs 2017.




**Í FULLUM UNDIRBÚNINGI** Steinþór Sigurðsson situr í undirbúningsnefnd heimsþingsins sem hefst í Hörpu á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Heimsþing í Hörpu

Heimsþing esperantista fer fram í Hörpu dagana 20.-27. júlí. Þetta er í annað sinn sem heimsþingið fer fram í Reykjavík en síðast var það árið 1977.

„Hugsjónin á bak við esperantó er sú að fólk á að standa jafnfætis í samskiptum," segir Steinþór Sigurðsson, sem situr í undirbúningsnefnd heimsþings esperantista sem fram fer í Hörpu dagana 20.-27. júlí. Dagskrá heimsþingsins fer öll fram á esperantó en að sögn Steinþórs verður hægt að sækja ýmsa fyrirlestra og fundi um málefni hreyfingarinnar. Þá verður einnig hægt að hlýða á fyrirlestra um málefni tengd skandinavískum glæpasögum og fiðlusmíð, svo eitthvað sé nefnt. Þema þingsins í ár er tungumálaleg sanngirni í samskiptum á milli málsvæða. Þetta er í annað sinn sem heimsþing esperantista fer fram í Reykjavík en áður var það haldið hér á landi árið 1977. Steinþór segir að á Íslandi megi finna þó nokkra esperantista. „Það er talsverður fjöldi af fólki sem hefur lært esperantó á einhverjum punkti, en það eru kannski um 30 manns sem teljast virkir í starfinu," segir Steinþór, sem er sjálfur reiprennandi í tungumálinu. Um 1.000 gestir frá 55 löndum verða viðstaddir heimsþingið.

Esperantó var búið til seint á 19. öld af pólskum augnlækni, Ludvig Zamenhof, og átti málið að leysa tungumálavanda heimsbyggðarinnar. Heimsþing esperantista hafa síðan verið haldin árlega frá árinu 1905. Margar íslenskar bækur hafa verið þýddar yfir á esperantó en þar má meðal annars nefna Brennu-Njálssögu, Sjálfstætt fólk, Snorra-Eddu og ljóðabækur Gerðar Kristnýjar.

kristjana@frettbladid.is

## Lærðu grunninn í esperantó:

| | |
|---|---|
| Góðan dag | Bonan matenon |
| Halló | Saluton |
| Hvað heitir þú? | Kio estas via nomo? |
| Til hamingju | Gratulon |
| Einn bjór, takk | Unu bieron, mi petas |
| Hvað er þetta? | Kio estas tio? |
| Þetta er hundur | Tio estas hundo |
| Verði þér að góðu | Ne dankinde |
| Ég elska þig | Mi amas vin |

# Vaktavinna eykur líkur á fósturláti

Ný rannsókn bendir til þess að konur sem vinna vaktavinnu eigi erfiðara með að verða þungaðar en þær sem vinna dagvinnu. Vaktavinna ruglar líkamsklukkuna.

Konur sem vinna vaktavinnu eiga erfiðara með að verða ófrískar. Þetta kemur fram í rannsókn sem gerð var í háskólanum í Southampton en alls tóku 100.000 konur þátt í rannsókninni. Í ljós kom að 80% kvenna sem vinna næturvinnu eiga mun erfiðara með að verða þungaðar en þær sem vinna dagvinnu.

Einnig kom í ljós að óreglulegt vaktaplan eykur líkurnar á fósturláti, óreglulegum blæðingum og getur valdið annars konar frjósemiserfiðleikum. Þá segir að þær konur sem vinni vaktavinnu séu tvisvar sinnum ólíklegri til þess að verða þungaðar á einu og sama árinu. Dr. Linden Stocker, sem framkvæmdi rannsóknina, segir að vandamálið megi rekja til óreglulegs svefns, sem ruglar líkamsklukku kvenna, en líkamsklukkan hjálpar til við stjórn hormónaframleiðslu, hitastigs, blóðþrýstings og hjartsláttar líkamans.

Rannsókninni í Southampton er þó hins vegar ekki lokið og því biðla frjósemislæknar til kvenna í vaktavinnu að halda sér rólegum þar til endanlegar niðurstöður liggja fyrir. - ka



**ATHYGLISVERT** Rannsókn sem framkvæmd var í Háskólanum í Southampton virðist benda til þess að konur í dagvinnu eigi mun auðveldara með að verða þungaðar en konur í vaktavinnu.


ÚTSALAN
ER
HAFIN
40-60%
AFSLÁTTUR
sævar karl.
reykjavík
OPNUM KL. 10
HVERFISGÖTU 6 • S. 551 3470

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN 3D | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN 2D | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| WORLD WAR Z | KL. 8 -10.30 | 12 |
| WORLD WAR Z LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE HEAT | KL. 5.30 -8 -10.30 | 12 |
| THIS IS THE END | KL. 5.30 -8 -10.30 | 16 |
| THE LONE RANGER | KL. 8 | 12 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 11 | 14 |
| EPIC 2D ÍSL.TAL | KL. 3.20 | L |
| EPIC 3D ÍSL.TAL | KL. 3.20 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| PACIFIC RIM 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| THE HEAT | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THIS IS THE END | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 10.35 | 14 |
| THE INTERNSHIP | KL. 5.25 - 8 | 7 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE HEAT | KL. 5.40 - 8 -10.10 | 12 |
| THIS IS THE END | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| WHITE HOUSE DOWN | KL. 5.40 | 14 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN | 3.50 - 6 3D | L |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN | 3.50 - 6 2D | L |
| WORLD WAR Z | 8 - 10.30 | 16 |
| THE HEAT | 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THIS IS THE END | 8 - 10.20 | 16 |

SAMBÍÓIN

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PACIFIC RIM 3D | KL. 2 - 5:15 - 8 - 10:45 | 12 |
| PACIFIC RIM VIP 2D | KL. 2 - 5:15 - 8 | VIP |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 2 - 3:20 - 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ENSTAL 2D | KL. 1 -3:20-5:40-8-10:20 | L |
| WORLD WAR Z | KL. 3D: 8 - 10:30 2D: 5:30 | 12 |
| WORLD WAR Z VIP | KL. 10:45 | VIP |
| THE LONE RANGER | KL. 8 - 11 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 8 - 11 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PACIFIC RIM 3D | KL. 8 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL3D | KL. 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ENSTAL2D | KL. 5:40 | L |
| WORLD WAR Z | KL. 3D: 10:45 2D: 8 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 10:20 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| PACIFIC RIM 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL 3D | KL. 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ENSTAL 3D | KL. 8 | L |
| WORLD WAR Z | KL. 3D: 8 - 10:30 2D: 5:30 | 12 |
| THE LONE RANGER | KL. 8 - 10:55 | 12 |
| MAN OF STEEL 2D | KL. 10:20 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| PACIFIC RIM 2D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL3D | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL2D | KL. 3 - 3:20 - 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ENSTAL2D | KL. 8 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 10:20 | 12 |
| THE BIG WEDDING | KL. 8 | L |
| NOW YOU SEE ME | KL. 10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| PACIFIC RIM 3D | KL. 8 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ENSTAL2D | KL. 8 | L |
| WORLD WAR Z 3D | KL. 10:45 | 12 |
| THE HEAT | KL. 10:20 | 12 |


# Kosmískir kraftar

**BAKÞANKAR**
Dóra DNA



Reykingafólk er varnarlausasti hópur þjóðfélagsins. Það er án málsvara. Það hata það allir. Það sættir sig við allt sem hinir ákveða. Reykingaaðstaða færist fjær húsakynnum, rettur hækka í verði og nú á að banna mentólsígarettur. Enginn segir neitt við því – einhverjir Danir umluðu, það var hlegið að þeim.

**EINU** sinni þótti töff að reykja – núna þykir töff að hlaupa. Það þótti töff því reykingar undirstrika ákveðið æðruleysi – þeir sem reykja óttast ekki dauðann. Það var undirstaðan í töffaramennsku. Í dag er enginn svalur nema hann óttist dauðann stöðugt og geri allt til að fresta heimsókn sláttumannsins. Í stað þess að nota hádegishléin í að maula á hamborgara og sjúga eldrauða Winston þá borðar fólk salat og hleypur eins og það haldi að dauðinn eigi ekki par af Nike Free Run.

**SJÁLFUM** þótti mér ágætt að losna við reykinn af börum bæjarins en ég get ekki skilið af hverju það má ekki starfrækja bar þar sem má reykja. Hvað kemur það ríkinu við? Reykingabönn eru heldur ekki næstum jafn útbreidd og okkur er talin trú um. Það má enn þá reykja að vild í tíu ríkjum Bandaríkjanna. Í Rússlandi eru mannréttindi brotin á degi hverjum en eitt vita þeir, daginn sem þeir banna reykingar verður Kreml jöfnuð við jörðu. Sviss, Rúmenía, Tékkland, Þýskaland, rauchen bitte schön, ekki málið. Og 95% landa sem banna reykingar henda samt ekki reykingamönnum út heldur koma yfir þá sérstakri hýsingu.

**AF** minni reynslu er fólk sem reykir undantekningarlaust skemmtilegra og gáfaðra en fólk sem reykir ekki. Líklega af því það sýgur svo mikið súrefni í heilann með hverjum smók. Segjum börnum að þetta sé vibbi en ýtum því ekki svo langt undir yfirborðið að það verði margfalt meira spennandi en það er í raun. Hættum að níðast á skemmtilegu og kláru reykingafólki og höldum áfram að dást að æðruleysinu.

# Hlédrægur og frábær Ocean

TÓNLIST ★★★★☆

**Frank Ocean**
Sena
**LAUGARDALSHÖLL**



**EFNILEGUR** Tónlistarmaðurinn Frank Ocean lauk tónleikaferðalagi sínu á Íslandi á þriðjudag. Tónleikarnir voru vel lukkaðir. NORDICPHOTOS/GETTY

Bandaríski hiphop- og R‘n‘B-tónlistarmaðurinn Frank Ocean lauk Channel Orange-tónleikaferðalagi sínu í Laugardalshöll á þriðjudagskvöld. Það kom undirritaðri skemmtilega á óvart hversu einföld sviðsmyndin var; af einhverjum ástæðum hafði ég búist við fáklæddum dönsurum og hressum bakröddum, en þess í stað var hinn hæfileikaríki og eilítið hlédrægi Ocean í fyrirrúmi allan tímann.

Þegar tónlistarmaðurinn gekk loks á sviðið ærðist salurinn og iPhone-símarnir ruku á loft (og héldust þar alla tónleikana). Smellurinn Novacane var annað lag kappans og tókst vel til þó að bassatromman hafi á köflum verið of hávær, en því var kippt í liðinn um leið. Tvö rólegri lög fylgdu í kjölfarið og datt þá stemningin niður hjá yngri tónleikagestum (þeim sömu og munduðu símana). Ocean spjallaði lítið á milli laga en tók sér þó tíma til að mynda áhorfendaskarann og bað svo um leyfi tónleikagesta til að spila tvö ný lög, sem lofa svo sannarlega góðu um framhaldið. Síðara lagið var rólegt með flottum bassatakti og trommum. Það er margt í tónlist Ocean sem minnir á Prince og Stevie Wonder, sem er ekki að undra því hann hefur einmitt talið þá til áhrifavalda sinna.

Þegar nokkuð var liðið á tónleikana tók Ocean smellinn Pyramids, sem er jafnvel betra í lifandi flutningi. Hann lauk svo tónleikunum á þeim orðum að hann væri maður fárra orða og kysi að enda hverja tónleika á laginu Wiseman. Setningunni „In a dream you saw a way to survive and you were full of joy“ eftir listakonuna Jenny Holzer laust svo upp á skjáinn í þann mund sem tónlistarmaðurinn yfirgaf sviðið.

Ocean er greinilega mikill tónlistarmaður og hæfileikaríkur söngvari og báru tónleikarnir þess vitni enda voru þeir vel lukkaðir í alla staði.

**Sara McMahon**

**NIÐURSTAÐA:** Vel lukkaðir tónleikar efnilegs tónlistarmanns.

# Ánægðir tónleikagestir

Blaðamaður Fréttablaðsins kíkti á svæðið og tók myndir af tónleikagestum.



**Í SUMARFRÍI FRÁ LEIKHÚSINU** Leikarinn Sigurður Þór Óskarsson var mættur á tónleikana ásamt kærustu sinni Þórdísi Björk Þorfinnsdóttur.
FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJANA ARNARSDÓTTIR



**KOMINN HEIM** Logi Pedro Stefánsson úr Retro Stefson er kominn úr tónleikaferðalagi og lét sjá sig á tónleikum Franks Ocean.



**FLOTTIR FÉLAGAR** Þeir Ólafur Hrafn, Ingi Már, Hörður Fannar og Fannar Guðni voru spenntir fyrir tónleikunum.



**MYNDARLEG** Daníel Takefusa og Kristína Erna Hallgrímsdóttir voru flott.



**FÍN Í FORDRYKK** Erla Kristín fékk sér drykk fyrir tónleikana og var smart í grænni kápu.

BÍÓ ★ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS MEDIA-PROGRAMME OF THE EUROPEAN UNION
Kvikmyndamiðstöð Íslands Icelandic Film Centre
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS


Síðustu dagar
magnaðrar útsölu
Nýtt
kortatímabil
ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR
• LÍTIL HEIMILISTÆKI
ELDHÚSÁHÖLD • BORÐBÚNAÐUR
KLUKKUR • VASALJÓS • GLÖS
PLASTVÖRUR • LJÓSASERÍUR • FERÐAVÖRUR
SUMARVÖRUR • GRILLVÖRUR • BÖKUNARVÖRUR
POTTAR OG PÖNNUR • ELDFÖST MÓT • HÁR-
SNYRTITÆKI • RAMMAR • PERUR • HITA-
KÖNNUR • FERÐAKRÚSIR • OG MARGT
MARGT FLEIRA...
ÚTSÖLU- OG RÝMINGARSÖLUVÖRUR - ALLUR PAKKINN
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

## Ræðst í dag hvort þær mæta Svíum eða Frökkum




Það kemur ekki í ljós fyrr en í kvöld hvort íslensku stelpurnar mæta Svíum eða Frökkum í átta liða úrslitunum. „Við vonumst til að fá Svía því það væri sérstaklega skemmtilegt fyrir okkur að spila á móti heimaliðinu í mikilli stemmningu og með marga áhorfendur. Það yrði frábær reynsla fyrir okkar stelpur, sérstaklega af því að það eru margar að spila í Svíþjóð,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari. Ef Danir komast áfram mætum við Svíum á sunnudaginn en ef liðið í 3. sæti í C-riðli (Spánn, England eða Rússland) kemst áfram mæta stelpurnar Frökkum á mánudag. Lokaleikir C-riðils hefjast í kvöld klukkan 18.30 að íslenskum tíma.

## Settu lukkudýrið Sigurwin á grasið fyrir leikinn

**FÓTBOLTI** „Það var einn frakkur fótboltakappi frá Vestmannaeyjum sem hét Sigurvin Ólafsson og kallaður Venni,“ sagði Elísa Viðarsdóttir aðspurð um nafnið á lukkudýri kvennalandsliðsins, en hún fékk það hlutverk að passa upp á hann eftir sigurleikinn á móti Hollandi í gærkvöldi.

Þar var á ferðinni gullfiskur sem stelpurnar gáfu Svölu Helgadóttur sjúkraþjálfara liðsins í afmælisgjöf.

„Við skrifum nafnið hans Sigurwin með tvöföldu vaffi í endann. Við viljum hafa sigurhefð í landsliðinu og það fer okkur ágætlega að vinna,“ sagði Elísa brosandi.

Þegar stelpurnar mættu með Sigurwin í krukku með vatni fóru þær með hann út á miðjan völl. Þær tóku hann upp úr krukkunni og settu hann á grasið í smástund áður en hann fékk aftur að fara upp í krukku.

„Ég var alfarið á móti því en Sara og Fanndís sögðu að það myndi boða lukku að henda á honum á grasið fyrir leik. Það gekk svona líka vel upp. Ég held að honum verði bara hent á grasið hér eftir,“ sagði Elísa. **- ooj**



**LUKKUDÝRIÐ** Elísa sér um Sigurwin. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

**EM KVENNA 2013**

**Holland 0-1 Ísland** — C.Dorcioman, Rúmenía

**Mörkin:** 0-1 Dagný Brynjarsdóttr (30.).

**ÍSLAND (4-4-2):**

| | |
|---|---|
| **Guðbjörg Gunnarsdóttir** | **8** |
| **Dóra María Lárusdóttir** | **7** |
| **Sif Altadóttir** | **8** |
| **Katrín Jónsdóttir** | **7** |
| **Hallbera Guðný Gísladóttir** | **7** |
| **Fanndís Friðriksdóttir** | **5** |
| **(86., Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir** | **-)** |
| ***Dagný Brynjarsdóttir** | **8** |
| **Sara Björk Gunnarsdóttir** | **6** |
| **Hólmfríður Magnúsdóttir** | **6** |
| **Margrét Lára Viðarsdóttir** | **5** |
| **(61., Harpa Þorsteinsdóttir** | **5)** |
| **Rakel Hönnudóttir** | **6** |

**Skot (á mark):** 20-10 (6-3) **Horn**: 4-4
**Aukaspyrnur fengnar:** 10-8 **Rangstöður**: 3-3
**Varin skot:** Geurts 0 - Guðbjörg 6

### B-RIÐILL

**ÞÝSKALAND - NOREGUR 0-1**
**0-1 Ingvild Isaksen (45.+1).**

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Noregur | 3 | 2 | 1 | 0 | 3-1 | 7 |
| Þýskaland | 3 | 1 | 1 | 1 | 3-1 | 4 |
| Ísland | 3 | 1 | 1 | 1 | 2-4 | 4 |
| Holland | 3 | 0 | 1 | 2 | 0-2 | 1 |

### LEIKIR DAGSINS

**C-RIÐILL:**
**FRAKKLAND - ENGLAND KL. 18.30**
**RÚSSLAND - SPÁNN KL. 18.30**



**VINSÆLL** Boltinn er í höndunum á United, hann vill fara. NORDICPHOTOS/GETTY

## Mourinho vill bara Rooney

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, segir að Wayne Rooney sé eini leikmaðurinn sem hann vilji fá til liðsins fyrir næstu leiktíð. Fréttir bárust frá Englandi í gær að Chelsea hefði lagt fram tilboð í leikmanninn sem forráðamenn United höfnuðu um leið.

Rooney mun vera ósáttur við þá meðferð sem leikmaðurinn hefur fengið undanfarnar vikur í herbúðum United og vill ólmur yfirgefa félagið.

David Moyes, knattspyrnustjóri Manchester United, hefur áður sagt að leikmaðurinn sé einfaldlega ekki til sölu og verði áfram leikmaður Englandsmeistaranna.

„Við höfum lagt fram tilboð í Rooney og það er lítið annað um það að segja,“ sagði Mourinho við fjölmiðla.

„Núna er boltinn hjá Manchester United og lítið annað sem við getum gert í stöðunni. Wayne Rooney er eini leikmaðurinn sem ég hef áhuga á að fá til liðsins eins og staðan er í dag.“

Það verður því gaman að sjá hvar framherjinn endar. **- sáp**

# Dramatískir dagar Dagnýjar

„Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei, það er kominn 17. júlí,“ sungu íslensku áhorfendurnir í stúkunni í Växjö á meðan Stelpurnar okkar skrifuðu söguna inni á vellinum og tryggðu íslenska kvennalandsliðinu sæti meðal átta bestu landsliða Evrópu. Dagný Brynjarsdóttir skoraði sigurmarkið í fyrri hálfleik.

**FÓTBOLTI** Dagný Brynjarsdóttir upplifði heldur betur dramatíska daga í Växjö. Á sunnudagskvöldið var hún borin út í rútu og óttast að hún væri ristarbrotin og úr leik á EM. Þremur dögum síðar átti hún frábæran leik og skoraði markið sem kom íslenska landsliðinu í átta liða úrslitin á EM í Svíþjóð.

„Það eru ótrúlegar sveiflur hjá henni. Hún átti frábæran leik og var maður leiksins. Mér fannst samt allt liðið okkar vera maður leiksins. Þær eru allar búnar að standa sig eins og hetjur,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari eftir leikinn.

„Þetta er frábær tilfinning og ég veit eiginlega ekki hvað ég á að segja. Ég var alveg bjartsýn á það að koma aftur til baka eftir meiðslin. Læknarnir og sjúkraþjálfararnir voru ekki alveg eins bjartsýnir en þeir gerðu vel í að koma mér á völlinn í dag. Það er þeim að þakka,“ sagði Dagný, sem skoraði sigurmark íslenska liðsins á 29. mínútu leiksins með frábærum skalla og það var einkum frábær fyrri hálfleikur sem sló hollenska liðið út af laginu.

„Þetta var frábær sending frá Hallberu og ég gat ekki gert annað en skorað þar sem enginn var að dekka mig í teignum. Ég held að ég hafi hlaupið frá miðju því það gleymdi sér einhver miðjumaður,“ sagði Dagný og hún er ekki hætt. „Við höfðum allan tímann trú á þessu og kannski var meiri pressa á Hollandi. Við allavega vildum þetta allan tímann meira en þær. Það var mjög ljúft þegar dómarinn flautaði af




**ÆVINTÝRIÐ HELDUR ÁFRAM** Sara Björk Gunnarsdóttir hefur verið í lykilhlutverki með íslenska landsliðinu á mótinu. Þátttöku Íslands er ekki lokið í Svíþjóð en stelpurnar hafa unnið hug og hjörtu allra landsmanna í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY

því þá var takmarkinu náð. Nú er bara að halda áfram og komast í undanúrslitaleikinn,“ sagði Dagný.

Íslenska liðið endaði þar með í þriðja sæti riðilsins á eftir Noregi og Þýskalandi en er komið áfram því liðið verður alltaf með fleiri stig en Danir sem urðu í 3. sæti í A-riðli. Íslenska liðið mætir annaðhvort Svíþjóð eða Frakklandi í átta liða úrslitunum en það kemur ekki í ljós fyrr en í kvöld hvort liðið verður mótherji íslensku stelpnanna í átta liða úrslitunum.

„Þetta var geðveikt og ég fagnaði mikið þegar þetta var búið. Síðustu mínúturnar voru samt lengi að líða. Þetta var karaktersigur og við spiluðum taktískt ótrúlega vel í leiknum í 90 mínútur. Við toppuðum á réttum tíma,“ sagði Sigurður Ragnar. Á nokkrum árum hefur hann komið íslenska landsliðinu í hóp bestu liða Evrópu.

„Þetta er geðveik stund. Í sögulegu samhengi þá finnst mér þetta okkar besti sigur hjá kvennalandsliðinu. Það er ekki á hverjum degi sem þú leikur úrslitaleik um að komast í átta liða úrslit á EM og það er frábært að leikurinn hafi tekist svona vel hjá okkur. Við fengum frábæran stuðning frá áhorfendum. Þetta er áfangi og á þessu móti höfum við náð fyrsta stiginu okkar, fyrsta sigrinum og erum komnar í átta liða úrslit í fyrsta skiptið. Vonandi heldur ævintýrið áfram,“ sagði Sigurður Ragnar að lokum. **ooj@frettabladid.is**

# Klárlega með skemmtilegustu dögum lífsins

Guðbjörg Gunnarsdóttir átti enn einn stórleikinn í marki íslenska liðsins.

**FÓTBOLTI** Guðbjörg Gunnarsdóttir, markvörður íslenska liðsins, átti flottan leik í 1-0 sigri á Hollandi í gær og brosti út að eyrum eftir leikinn eftir að hafa verið fyrsti markvörður Íslands sem heldur hreinu á stórmóti.

„Það gefur manni sjálfstraust þegar varnarleikur liðsins er jafngóður og hann var í dag. Það hjálpar að spila leik eftir leik. Maður er öruggari með varnarlínunni og það er minna hik núna en var kannski í fyrsta leiknum hjá okkur. Mér líður betur og betur eftir því sem ég spila fleiri leiki,“ sagði Guðbjörg en hvernig var tilfinningin þegar hún heyrði lokaflautið?

„Ég á eiginlega engin orð. Ég er bara svo stolt af liðinu. Við unnum fyrsta leikinn í sögunni á stórmóti og komum okkur áfram í fyrsta skiptið. Ég ætla að nota kvöldið til að njóta þess. Það var ólýsanleg tilfinning þegar Dagný skoraði þetta geðveika mark. Við bökkuðum aðeins meira en við hefðum átt að gera. Taktíkin var að bakka heim en við fórum kannski aðeins of aftarlega,“ sagði Guðbjörg.

„Það er búið að ganga á ýmsu á þessu ári og við erum búnar að fá mikla gagnrýni. Ég held að við séum búin að sanna það núna að við erum með frábært lið,“ segir Guðbjörg og árið byrjaði ekki vel fyrir hana heldur.

„Fyrir mig sjálfa hefði ég aldrei trúað því fyrir nokkrum mánuðum þegar ég lá inni á sjúkrahúsi með heilahimnubólgu að ég stæði núna í þessum sporum. Núna er ég að spila fyrir landsliðið og við erum í átta liða úrslitum á Evrópumóti. Lífið er fljótt að breytast,“ segir Guðbjörg, en hún hefur þurft að sitja lengi á varamannabekk landsliðsins.

„Ég er búin að bíða í mörg ár eftir því að fá tækifæri. Ísland á frábæra markmenn og ég ætla að njóta þess á meðan ég get meðan ég er að spila,“ sagði Guðbjörg, en hver er óskamótherjinn í átta liða úrslitunum?

„Það væri gaman að fá Svíana því þær eru á heimavelli og það




**BJARGVÆTTURINN** Guðbjörg Gunnarsdóttir stóð heldur betur fyrir sínu í gær og varði ítrekað meistaralega. Hún hefur stimplað sig inn. NORDICPHOTOS/GETTY

verður pottþétt full stúka. Þær eru hrokafullar og finnst þær vera betri en við. Við þekkjum þær vel því það eru margar í okkar liði sem spila þar eða hafa spilað þar. Ég myndi frekar vilja frá Svíana heldur en Frakkana,“ segir Guðbjörg en hversu góður dagur var 17. júlí 2013?

„Þetta er klárlega með skemmtilegustu dögum lífsins,“ sagði Guðbjörg að lokum. **- ooj**

# ÖLL REIÐHJÓL ÁN VIRÐISAUKA-SKATTS* DAGANA 18.-21. JÚLÍ

NÝTT KORTA TÍMABIL

FRÍ HEIMSENDING

# TAX FREE DAGAR

28"
CROSS
Picnic hjól
vnr. 889782
~~79.999~~
63.743
3 gíra



28"
CROSS
Areal hjól
vnr. 889780
~~79.999~~
63.743



26"
CROSS
Montana hjól
vnr. 889779
~~49.999~~
39.839
21 gíra



26"
CROSS
Phantom hjól
vnr. 889784
~~59.999~~
47.807
21 gíra



28"
CROSS
Arena hjól
vnr. 889781
~~79.999~~
63.743
21 gíra



24"
CROSS
Alissa hjól
vnr. 889785
~~39.999~~
31.871
18 gíra



24"
CROSS
Rocky hjól
vnr. 889786
~~39.999~~
31.871
18 gíra



28"
CROSS
Arrow hjól
vnr. 842622
~~59.999~~
47.807
21 gíra



FRÍ YFIRFERÐ & ÁSTANDSSKOÐUN**

ÞJÓNUSTA & GÆÐI

20"
CROSS
Alissa hjól
vnr. 889774
~~34.999~~
27.887
6 gíra



20"
CROSS
Favorit hjól
vnr. 889776
~~34.999~~
27.887
6 gíra
EINNIG TIL Í BLÁU



Allt vöruúrvalið er fáanlegt í Smáralind, Skeifunni, Kringlunni, Garðabæ, Holtagörðum og www.hagkaup.is. Minna úrval í öðrum verslunum. Frí heimsending gildir á höfuðborgarsvæðinu.** Frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum hjá hjá viðurkenndum fagaðila.

*Jafngildir 20,32% verðlækkun.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Í góðum höndum í íslensku umhverfi

Aníta Hinriksdóttir, nýbakaður heimsmeistari ungmenna í 800 m hlaupi, gerir um helgina atlögu að Evrópumeistaratitli nítján ára og yngri. Sigurbjörn Árni Arngrímsson íþróttafræðingur hefur fylgst vel með Anítu og telur hana hafa fulla burði til að ná enn lengra.

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@frettabladid.is



**FRJÁLSAR** Þegar Aníta Hinriksdóttir vann yfirburðasigur í 800 m hlaupi á heimsmeistaramóti sautján ára og yngri í frjálsíþróttum sendi hún skýr skilaboð um að þarna væri á ferð framtíðarstjarna í íþróttaheiminum. Yfirburðir hennar í mótinu voru slíkir og árangur hennar í 800 m hlaupi á þessu ári það góður að óhætt er að fullyrða að þarna er ferðinni eitt mesta efni sem komið hefur fram í frjálsíþróttum hérlendis.

Hafa ber þó í huga að Aníta er enn aðeins sautján ára gömul og enn að mótast sem hlaupari. Gunnar Páll Jóakimsson, þjálfari hennar, sagði við Fréttablaðið á dögunum að hún væri ekki enn komin í „harða fullorðinsþjálfun“ eins og hann orðaði það. Það yrði ekki einu sinni íhugað að senda hana til þátttöku á stórmóti fullorðinna fyrr en við átján aldurinn, í fyrsta lagi. Enda afþakkaði hún að keppa á HM í Moskvu í næsta mánuði, þó svo að hún hefði náð lágmarkinu í 800 m hlaupi.

Aníta einbeitti sér þess í stað að æfingum fyrir HM U17 sem fór fram í Úkraínu um liðna helgi og EM U19 sem hefst í Rieti á Ítalíu í dag. Heimsmeistari ungmenna fær harðari samkeppni þar enda keppinautar hennar á Ítalíu allt að tveimur árum eldri en í Úkraínu.

Engu að síður telst Aníta einn sigurstranglegasti keppandinn, en hún fer inn í mótið með besta tíma ársins af öllum keppendum eftir að hin breska Jessica Judd dró sig úr keppni vegna meiðsla í kálfa.

**Hélt að hún yrði langhlaupari**

Sigurbjörn Árni Arngrímsson hefur fylgst náið með íslensku frjálsíþróttafólki undanfarna áratugi og árangur Anítu hefur komið honum á óvart, ekki síst þar sem hann reiknaði með að hún myndi skara fram úr í lengri vegalengdum.

„Hún hefur gert meira en ég reiknaði með og í styttri vegalengdum. Þegar ég sá hana hlaupa fyrst, 11-12 ára gamla, hélt ég að hún yrði framúrskarandi langhlaupari, ef til vill í fimm þúsund metra hlaupi eða jafnvel í maraþoni eins og móðursystir hennar [Martha Ernstsdóttir] gerði,“ segir Sigurbjörn Árni við Fréttablaðið.

**Styrkjandi að hlaupa í snjónum**

Aníta æfir með ÍR og sagði í viðtali við heimasíðu IAAF, Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins, í vikunni að hún væri ekki á leið frá Íslandi í bráð, þrátt fyrir að henni hefðu þegar borist fyrirspurnir frá bandarískum háskólum.

„Það er gott að vera á Íslandi. Aðstaðan er góð og ég æfi með strákum sem eru góðir æfingafélagar fyrir mig. Ég æfi mikið innanhúss en mér finnst líka gott að hlaupa í snjónum, það styrkir mann,“ sagði hún og bætti við:

„Ég er með svo góðan þjálfara að ég tel að ég muni æfa áfram á Íslandi, að minnsta kosti fram yfir Ólympíuleikana í Ríó árið 2014.“

**Gæti orðið sterkur hindrunarhlaupari**

Sigurbjörn Árni samsinnir því að hún sé í góðum höndum hér á Íslandi, líkt og undanfarin ár.

„ÍR-ingar hafa haldið mjög vel utan um Anítu og passað upp á að láta hana ekki gera of mikið og of snemma. Hún var látin taka þátt í alls kyns greinum, allt frá kúluvarpi, langstökki og öllu mögulegu, áður en hún fór að einbeita sér að hlaupum fimmtán ára gömul. Þá kom hún svona ofboðslega sterk fram í 800 m hlaupinu,“ segir hann.

Sigurbjörn Árni segir að þrátt fyrir að 800 m hlaup sé hennar sterkasta grein í dag útiloki hann alls ekki að hún muni láta að sér kveða í öðrum vegalengdum og jafnvel grinda- og hindrunarhlaupum einnig.

„Hún náði til dæmis frábærum tíma í 400 m hlaupi innanhúss í vetur og þannig hefur hún komið mér á óvart. Engu að síður tel ég enn að hún hafi allt til að bera til að verða framúrskarandi 1.500 m hlaupari og jafnvel 3.000 m hindrunarhlaupari þegar fram í sækir, því hún er sterk og hefur góða tækni í grindahlaupi. Ég tel jafnvel að hún gæti orðið sterkari í þeim greinum en í 800 m hlaupi þó svo að ég vilji alls ekki afskrifa hana þar, því hún hefur þegar náð það góðum árangri í greininni.“

**Meiri samkeppni á Ítalíu**

Sem fyrr segir hefst Evrópumeistaramót nítján ára og yngri í dag. Sigurbjörn bendir á að það séu aðeins nokkrir dagar liðnir frá mótinu í Úkraínu og það gæti haft sitt að segja.

„Hún hefur aðeins fjóra daga til að safna orku á milli móta, þó svo að ungir krakkar eins og hún eru oft fljótir að jafna sig. Mótið á Ítalíu er sterkt og ég tel að hún þurfi að vera nálægt sínum besta tíma til að komast áfram í undanúrslitum. Ég veit að hún vill setja met og er það vel mögulegt, verði hún ekki of þreytt í úrslitahlaupinu á laugardag,“ segir Sigurbjörn Árni.



**GULL** Aníta fagnar sigri á HM ungmenna í Úkraínu. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Góðir hlutir gerast hægt og það á ekki að setja of mikinn þrýsting á unga og efnilega íþróttamenn.**
>
> *Sigurbjörn Árni Arngrímsson*

**Góðir hlutir gerast hægt**

Aðeins tveir hafa hlaupið hraðar en Aníta í heiminum í hópi ungmenna; Mary Cain frá Bandaríkjunum og áðurnefnd Judd frá Bretlandi. Cain og Judd keppa báðar á HM fullorðinna í Moskvu en Aníta ákvað að sleppa því móti, þó svo að hún hafi unnið sér inn þátttökurétt á því. Sigurbjörn Árni telur að það hafi verið rétt ákvörðun.

„Ég tel að það sé gott fyrir hana að halda sig við sinn aldursflokk og safna reynslu á þeim vettvangi. Þar að auki snýst þetta að stórum hluta um hvað hún vill sjálf gera, enda sagði móðir hennar eftir sigurinn í Úkraínu að henni væri fyrst og fremst umhugað um hvernig barninu hennar liði,“ segir hann og vísar þar með til viðtal Fréttablaðsins við Bryndísi Ernstsdóttur, móður Anítu, við Fréttablaðið á mánudag.

„Almennt séð er ég fylgjandi þeirri skoðun að góðir hlutir gerast hægt og að það eigi ekki að setja of mikinn þrýsting á unga og efnilega íþróttamenn. Það ætti að vera nógur tími fyrir hana síðar á stórmótum fullorðinna.“

## → Fljótustu stelpur heims

Aníta Hinriksdóttir er í hópi fótfráustu stúlkna heims, en Íslandsmet hennar er fimmti besti tími ársins í hópi ungmenna, nítján ára og yngri. Mary Cain og Jessica Judd eiga báðar betri tíma, en Aníta mætir þeirri síðarnefndu á EM ungmenna á Ítalíu um helgina. Að öllu óbreyttu er líklegt að þessar þrjár verði í hópi sigurstranglegustu keppenda heimsmeistaramóts ungmenna (19 ára og yngri) í Bandaríkjunum á næsta ári.

## Mary Cain




**Land: Bandaríkin**
**Fædd: 3. maí 1996 (17 ára)**
**Besti tími 2013: 1:59,51**
**Besti tími 2012: 2:03,34**
**Besti tími 2011: 2:06,44**

Besta tíma ársins í hópi ungmenna (nítján ára og yngri) á hin bandaríska Mary Cain, en hún er jafnaldri Anítu. Það gerði hún á Demantamóti í Eugene í Oregon-ríki í Bandaríkjunum í júní. Hlaupið var gríðarlega sterkt en hin tvítuga Francine Niyonsaba frá Búrúndí bar sigur úr býtum á besta tíma ársins í greininni, 1:56,72 mínútum.

Cain bætti þar með rúmlega þriggja áratuga bandarískt ungmennamet í greininni og varð enn fremur fyrsti bandaríski unglingurinn sem hleypur undir tveimur mínútum í greininni.

Þrátt fyrir þennan góða árangur í 800 m hlaupi ákvað hún frekar að einbeita sér að 1.500 m á bandaríska úrtökumótinu fyrir HM í Moskvu, þar sem Bandaríkin á fleiri sterka hlaupara í styttri vegalengdinni. Áætlunin gekk eftir enda varð hún önnur í 1.500 m hlaupi og tryggði sér þar með farseðilinn til Moskvu. Þar verður hún yngsti keppandi Bandaríkjanna á heimsmeistaramóti í frjálsíþróttum frá upphafi.

Cain var gjaldgeng á HM U17 ára sem fór fram um síðustu helgi en ákvað frekar að einbeita sér að æfingum fyrir heimsmeistaramótið í Moskvu.

## Aníta Hinriksdóttir




**Land: Ísland**
**Fædd: 13. janúar 1996 (17 ára)**
**Besti tími 2013: 2:00,49**
**Besti tími 2012: 2:03,15**
**Besti tími 2011: 2:08,64**

Aníta er ríkjandi heimsmeistari ungmenna eftir glæsilegan sigur á HM U17 í Úkraínu í síðustu helgi. Fyrr í sumar tryggði hún sér þátttökurétt á HM í Moskvu er hún bætti Íslandsmet sitt í 800 m hlaupi á sterku ungmennamóti í Þýskalandi. En hún ákvað að gefa frá sér þátttökuréttinn á HM til þess að einbeita sér að heims- og Evrópumeistaramótum ungmenna.

Hún mætir til leiks á EM U19 í Rieti sem einn sigurstranglegasti keppandinn, þó svo að hún sé að etja kappi við stúlkur sem eru allt að tveimur árum eldri en hún. Íslandsmet hennar er fimmti besti tími ungmennis í heiminum á árinu og af Evrópubúum hefur hin breska Jessica Judd aðeins hlaupið hraðar en hún. Judd missir hins vegar af mótinu á Ítalíu vegna meiðsla.

Aníta á enn eftir að hlaupa undir tveimur mínútum en forvitnilegt verður að fylgjast með hvort hún gerir atlögu að því í Rieti um helgina. Verði aðstæður henni hagstæðar er það mögulegt.

## Jessica Judd




**Land: Bretland**
**Fædd: 7. janúar 1995 (18 ára)**
**Besti tími 2013: 1:59,85**
**Besti tími 2012: 2:00,96**
**Besti tími 2011: 2:02,70**

Jessica Judd er ein mesta vonarstjarna breskra frjálsíþrótta í dag. Hún varð í öðru sæti á HM U19 á Spáni í fyrra eftir harða samkeppni við hina bandarísku Ajee Wilson sem vann gull. Aníta, sem var aðeins sextán ára þá, náði fjórða sætinu í úrslitahlaupinu.

Judd er ári eldri en Aníta og var því ekki gjaldgeng á HM U17 um síðustu helgi. Til stóð að þær myndu eigast við á EM U19 um helgina en Judd varð að hætta við þátttöku vegna meiðsla í kálfa.

Aníta og Judd náðu báðar sínum besta tíma á árinu þann 30. júní síðastliðinn. Aníta vann sterkt ungmennamót í Þýskalandi en Judd vann óvæntan sigur á Demantamóti í Birmingham í Englandi, móti sem er hluti af sterkustu frjálsíþróttamótaröð heims. Judd hljóp þá í fyrsta sinn undir tveimur mínútum.

Eftir þennan góða tíma Judd á mótinu í Birmingham ákváðu Bretar að senda hana til þátttöku á HM í Moskvu í næsta mánuði, þó svo að hún hafi tapað fyrir Marilyn Okoro á úrtökumóti Breta fyrir HM í Moskvu. Hún verður yngsti keppandi Breta í 800 m hlaupi á heimsmeistaramóti frá upphafi.

INTERSPORT®

SPORT TO THE PEOPLE




**INTERSPORT LINDUM** / SÍMI 585 7260 / LINDIR@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 11 - 19. LAU. 11 - 18. SUN. 12 - 18. **INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** / SÍMI 585 7220 / BILDSHOFDI@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 18. SUN. 13 - 17.

**INTERSPORT AKUREYRI** / SÍMI 460 4890 / AKUREYRI@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16. **INTERSPORT SELFOSSI** / SÍMI 480 4611 / SELFOSS@INTERSPORT.IS / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

# Þrjár milljónir í ónýtt hreindýraleyfi

**Ríflega hundrað veiðimenn skiluðu inn hreindýraveiðileyfum sínum þetta árið þannig að þeim verður endurúthlutað. Óvenju margir á biðlista geta því fengið dýr að þessu sinni. Veiðin er byrjuð af krafti samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun.**

Hreindýraveiðitímabilið hófst nú í vikunni. Hreindýrstarfar eru veiddir frá 15. júlí til 15. september og hreindýrskýr frá 1. ágúst til 20. september. Tímabilið byrjar vel að sögn Jóhanns G. Gunnarssonar, starfsmanns hjá umhverfisstofnun á Egilsstöðum.

„Það má nú segja að þetta hafi farið af stað með nokkuð miklum krafti. Það voru rúmlega tíu veiðimenn sem voru á ferðinni fyrsta sólarhringinn með sínum leiðsögumönnum. Mér telst til að það hafi verið felldir tólf tarfar á fyrsta degi. Það er þó nokkur kraftur í því. Og vænir tarfar, ég var búinn að heyra um nokkra yfir hundrað kílóin,“ segir Jóhann.

1229 leyfi voru gefin út og stendur til að veiða 623 kýr og 606 tarfa. Vísir greindi frá því fyrir nokkru að frestur til að taka tilskilið skotpróf til veiðanna væri að renna út og stefndi í örtröð hjá skotfélögum víða um land. Nú liggur fyrir að margir hafa skilað inn leyfum sínum.

„Já, mér fannst þeir nú óþarflega margir sem gerðu það. Það voru ríflega hundrað leyfi sem ég var að fá inn á biðlistana nú um mánaðarmótin. Flestir af þeim hvorki kláruðu að borga lokagreiðsluna né höfðu tekið skotpróf. Já, það var nokkuð stór hópur sem ákvað að falla frá þessu núna. En sem betur fer eigum við nóg á biðlista þannig að það er verið að reyna að koma þessum leyfum aftur í umferð.“

Ekki er ólíklegt að kostnaður hafi fælt menn frá. Veiðileyfi á tarfa kostar á öllum svæðum 135 þúsund krónur og veiðileyfi á kýr á öllum svæðum kostar 80 þúsund krónur. Veiðileyfin eru einn kostnaðarliður af mörgum við veiðarnar. Samkvæmt reglugerð skal greiða 25 prósent af gjaldinu fyrir 1. apríl og 75 prósent fyrir 1. júlí. Þeir ríflega hundrað sem Jóhann talar um hafa verið búnir að greiða staðfestingargjaldið og því hafa um 3 milljónir verið greiddar fyrir veiðileyfi sem ekki eru nýtt.

Misvel viðraði til veiða í fyrra og aftraði slæmt skyggni veiðum. Engu slíku er til að dreifa nú en á móti kemur að snjór er enn á fjöllum og á hreindýraslóð, miklu meiri bleytur en undanfarin ár og erfiðara að komast um. jakob@365.is



**FÆRIS BEÐIÐ** Veiðimenn vanda sig við að ná góðu skoti á dýr sem þeir fella. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BRÁÐIN FELLD** Fallegur tarfur liggur í valnum og bíður þess að verða verkaður.



**FRÍÐUR FLOKKUR** Þó veður hafi verið hagstætt fyrir austan í sumar eru miklar bleytur á hreindýraslóð og erfitt um að komast.






**ÞRÖSTUR ELLIÐASON** Fiskvegur við Steinboga í Jöklu auðveldar göngu laxfiska upp ána. MYND/STRENGIR

# Lax gengur á Jökuldalinn

**Reikna má með að tíu til fimmtán ára ræktunarstarf þurfi áður en laxagengd í ofanverðri Jöklu verður sjálfbær. Þetta segir Þröstur Elliðason hjá Strengjum.**

„Jökla er tær og falleg og mikið vatn í henni, og einnig í hliðaránum. Það er svo mikil snjóbráð. En það komu tíu laxar upp í byrjun vikunnar,“ segir Þröstur Elliðason hjá Strengjum.

Þröstur stýrir uppbyggingu Jöklu sem laxveiðiár og eru flestir stangaveiðimenn áhugasamir um hvernig það verkefni gengur. Er mál margra að Jökla eigi alla möguleika á að verða ein glæsilegasta laxveiðiá landsins. Þröstur er þeirra á meðal og segir að talsvert sé farið að veiðast í sjálfum Jökuldalnum, þó menn hafi ekki orðið varir við lax í Efri-Dal.

„Það hefur verið að veiðast fyrir miðjum Dal,“ segir Þröstur. Í fyrra var opnað fyrir laxagöngur upp í Jökuldal þegar rás var gerð í hinn umtalaða veiðistað Steinboga, einhvern magnaðasta veiðistað sem fyrirfinnst. Þröstur segir að hann sé með sleppitjarnir víða í Jökuldalnum og upp eftir honum öllum, og eina fyrir ofan Brú, sem er efsti bærinn.

„Gönguseiðum erum við helst að sleppa í Hnefilsdalsá. Þetta tekur tíma og kostar mikla vinnu. Það má gera ráð fyrir því að það líði tíu til fimmtán ár þar til þetta verður orðið sjálfbært,“ segir Þröstur.

Jöklusvæðið gaf 385 laxa árið 2012 sem er minna en árið 2011 þrátt fyrir að göngur væru í heild svipaðar og þá að því að talið er. Horfurnar eru mjög góðar fyrir árið 2013 þar sem afkoma smáseiða sem sleppt hefur verið í Jöklu undanfarin ár er góð og fara þau að hafa áhrif á laxagengd nú í miklum mæli samkvæmt rannsóknum. jakob@365.is

# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM




**ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR**

NOTAÐAR OG LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐAR SPJALDTÖLVUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI MEÐAN BIRGÐIR ENDAST FRÁ

**9.990**

**SMELLTU Á KÖRFUNA**

NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP




ENN BETRA VERÐ

### 16GB MINNISLYKILL

Örsmár og sérlega glæsilegur Silicon Power Touch T01 minnislykill úr höggvörðu stáli

**1.990**

4GB 990 • 8GB 1.490 • 32GB 4.990




AÐEINS 147gr

### 500GB FLAKKARI

Fisléttur, örsmár og hraðvirkur Diamond USB3.0 ferðaflakkari á ótrúlegu tilboðsverði!

**9.990**

1TB 14.900 | 1.5TB 24.900




### 7"SPJALDTÖLVA

Spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Android 4.1

**14.900**

ÓTRÚLEGT TILBOÐ!

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 21.30
### Breaking Bad (5:8)

Fimmta þáttaröðin um efnafræðikennarann og fjölskyldumanninn Walter White, sem nýtir efnafræðiþekkingu sína í framleiðslu og sölu á eiturlyfjum og sogast inn í hættulegan heim eiturlyfja og glæpa.



## Masterchef USA

**STÖÐ 2 KL. 20.00** Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fyrir þátttakendur og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þeirra.

**TV.COM** 8,1 **IMDb** 7,9



## Dexter

**SKJÁR 1 KL. 22.50** Raðmorðinginn viðkunnanlegi Dexter Morgan snýr aftur. Síðustu þáttaröð lauk með hvelli þar sem systir hans stóð hann að verki við iðjuna sem hann gerir hvað sem er til að halda leyndri.

**TV.COM** 8,8 **IMDb** 6,3



## Criminal Minds

**RÚV KL. 22.20** Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.

**TV.COM** 9,1 **IMDb** 9,0

## Bylgjan kl. 16.00
### Reykjavík síðdegis



Þorgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson færa þér fréttir og fróðleik á hverjum virkum degi. Það er fátt sem drengirnir láta framhjá sér fara og þeir fylgjast vel með málefnum líðandi stundar.






## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(4:22)*
**08.30 Ellen** *(2:170)*
**09.35 Doctors** *(30:175)*
**10.20 Human Target** *(5:13)*
**11.05 Masterchef** *(7:13)*
**11.50 Man vs. Wild** *(12:15)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Who Do You Think You Are? UK** *(5:6)*
**14.00 Adam**
**16.00 Lína langsokkur**
**16.25 Ellen** *(3:170)* S
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(18:22)*
**18.23 Veður** Í
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Big Bang Theory** *(18:23)*
**19.35 Modern Family.**
**20.00 Masterchef USA** *(2:20)* Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.
**20.45 Revolution** *(17:20)* Hörkuspennandi þættir um heim sem missir skyndilega allt rafmagn og þarf að læra að komast af án þess.
**21.30 Breaking Bad** *(5:8)*.
**22.15 Vice** *(9:10)* Glænýir og áhrifamiklir fréttaskýringaþættir þar sem fjallað er um málefni líðandi stundar um heim allan og þeim gerð góð skil.
**22.45 Grimm** *(15:22)* Spennandi þáttaröð þar sem persónur úr ævintýrum Grimm-bræðra hafa öðlast líf og eru færðar í nútímabúning.
**23.30 Harry's Law** *(8:22)* Önnur þáttaröðin um stjörnulögfræðinginn Harriet Korn *(Kathy Bates)*.
**00.15 Rizzoli & Isles** *(6:15)*
**01.00 The Killing** *(6:12)*
**01.45 Crossing Lines** *(1:10)*
**02.30 Burn Notice** *(16:18)*
**03.15 Adam**
**04.50 Simpson-fjölskyldan** *(18:22)*
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

## POPP TÍVÍ

**19.00 Friends** *(20:24)*
**19.25 Two and a Half Men** *(13:24)*
**19.45 The Simpsons** *(2:22)*
**20.10 The O.C.** *(18:27)*
**20.55 Game Tíví**
**21.20 Pretty Little Liars** *(13:25)*
**22.05 Pretty Little Liars** *(14:25)*
**22.50 The O.C.** *(18:27)*
**23.35 Game Tíví**
**00.00 Pretty Little Liars** *(13:25)*
**00.45 Pretty Little Liars** *(14:25)*
**01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Þjóðlagahátíð á Siglufirði

## SPORT *besta sætið*

**17.40 Ken Venturi á heimaslóðum**
**18.25 Tottenham - Internazionale**
**20.05 Herminator Invitational**
**20.45 Chelsea - Steaua**
**22.30 Pepsi mörkin 2013**
**23.45 KS Vive Targi Kielce - Chambery**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.50 Chelsea - Aston Villa**
**19.30 Premier League World**
**20.00 Leikmaðurinn: Sigurður Jónsson** Guðmundur Benediktsson stýrir þætti um ensku stórliðin.
**20.45 Manstu**
**21.30 Chelsea - Arsenal - 29.10.11**
**22.00 Lúðvík Arnarson** Guðmundur Benediktsson hittir glerharða stuðningsmenn ensku stórliðanna.
**22.30 Inter - Arsenal - 25.11.05**
**23.00 Arsenal - Southampton**

## krakkar

**08.50** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.10** Strumparnir **09.35** Waybuloo **09.55** Áfram Diego, áfram! **10.15** Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga **10.55** Doddi litli og Eyrnastór **11.05** Latibær (**11:18**) **11.30** Lalli **11.35** Lalli **11.40** Refurinn Pablo **11.45** Litlu Tommi og Jenni **12.10** Svampur Sveinsson **12.30** Dóra könnuður **12.55** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.20** Strumparnir **13.40** Waybuloo **14.00** Áfram Diego, áfram! **14.25** Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga **14.50** Histeria! **15.10** Doddi litli og Eyrnastór **15.20** Latibær (**11:18**) **15.45** Lalli **15.50** Lalli **15.55** Refurinn Pablo **16.00** Litlu Tommi og Jenni **16.25** Svampur Sveinsson **16.45** Dóra könnuður **17.10** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.35** Strumparnir **17.55** Waybuloo **18.15** Áfram Diego, áfram! **18.40** Ærlslagangur Kalla kanínu og félaga **19.05** Histeria! **19.25** Doddi litli og Eyrnastór **19.35** Latibær (**11:18**)

## GULL

**20.00 Strákarnir**
**20.30 Stelpurnar**
**20.55 Fóstbræður** *(7:8)*
**21.25 Curb Your Enthusiasm** *(3:10)*
**21.55 The Drew Carey Show** *(20:22)*
**22.20 Strákarnir**
**22.50 Stelpurnar**
**23.15 Fóstbræður** *(7:8)*
**23.45 Curb Your Enthusiasm** *(3:10)*
**00.20 The Drew Carey Show** *(20:22)*
**00.45 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**10.40 Agent Cody Banks**
**12.20 An Affair to Rembember**
**14.15 We Bought a Zoo**
**16.15 Agent Cody Banks**
**18.00 An Affair to Rembember**
**19.55 We Bought a Zoo**
**22.00 How to Lose Friends & Alienate People**
**23.50 Seven**
**01.55 Repo! The Genetic Opera**
**03.30 How to Lose Friends & Alienate People**

## RÚV

**16.25 Ástareldur**
**17.15 Úmísúmí** *(15:20)*
**17.38 Hrúturinn Hreinn** *(5:20)*
**17.45 Dýraspítalinn** *(9:10)*
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Marteinn** *(3:8) (Hýr dagur)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Áhöfnin á Húna** *(8:9)* Húni II siglir í kringum landið í júlí.
**20.00 Hið ljúfa líf** *(Det Söde Liv)*
**20.20 Tony Robinson í Ástralíu** *(5:6) (Tony Robinson Down Under)*.
**21.15 Sönnunargögn** *(2:13) (Body of Proof)* Bandarísk sakamálaþáttaröð.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** *(16:24) (Criminal Minds VII)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Paradís** *(2:8) (The Paradise) (e)*
**00.00 Prenna** *(7:8) (Trekant)*
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## RÚV ÍÞRÓTTIR

**18.20 EM kvenna í knattspyrnu** *(Frakkland-England)* **BEINT**
**20.20 EM kvenna í knattspyrnu** *(Þýskaland-Noregur) (e)*
**22.10 EM kvenna í knattspyrnu** *(Holland-Ísland) (e)*

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 America's Funniest Home Videos** *(5:44)*
**07.35 Everybody Loves Raymond** *(11:25)*
**08.00 Cheers** *(19:22)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**16.45 Once Upon a Time** *(3:22)*
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 Psych** *(10:16)*
**19.05 America's Funniest Home Videos** *(6:44)*
**19.30 Everybody Loves Raymond** *(12:25)*
**19.55 Cheers** *(20:22)*
**20.20 Men at Work - NÝTT** *(1:10)* Þrælskemmtilegir gamanþættir sem fjalla um hóp vina sem allir vinna saman á tímariti í New York borg. Þeir lenda í ýmsum ævintýrum sem snúast helst um að ná sambandi við hitt kynið.
**20.45 The Office** *(15:24)*
**21.10 Royal Pains** *(11:16)*
**22.00 Flashpoint** *(5:18)*
**22.50 Dexter** *(1:12)*
**23.40 Common Law** *(10:12)*
**00.25 Excused**
**00.50 The Firm** *(19:22)*
**01.40 Royal Pains** *(11:16)*
**02.25 Flashpoint** *(5:18)*
**03.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** The Open Championship Official Film **2012** *(1:1)* **08.00** Opna breska meistaramótið **2013** *(1:4)* **19.00** The Open Championship Official Film **1990** **20**.00 Opna breska meistaramótið **2013** *(1:4)* **03.00** ESPN America

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

LAGERSALA - RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM - LAGERHREINSUN

# LAGER SALA

NORTH ROCK

- ÚLPUR - 3JA LAGA BUXUR - JAKKAR - FLÍSPEYSUR & BUXUR -
- HLAUPABUXUR & BOLIR - ÍÞRÓTTABUXUR & PEYSUR






UNISEX - ÚLPA
9000 KR



DÖMU/HERRA
LÉTTUR JAKKI
5000 KR



HLAUPABUXUR
4000 KR



HLAUPABOLUR
3000 KR

## OPNUNARTÍMI

18.7 Fimmtudagur kl. 16-20
19.7 Föstudagur kl. 15-19

NÝTT
KORTATÍMABIL

- MIKIÐ ÚRVAL AF NORTH ROCK ÚTIVISTAR- OG ÍÞRÓTTAFATNAÐI Á HERRA DÖMUR OG BÖRN -

Víkurhvarf 2 - Kópavogur
-sama hús og Fjölsmiðjan

**HVAÐ VILT ÞÚ Á GRILLIÐ?**



„Ég grilla yfirleitt bara í fólki en á venjulegt matargrill er ég ótrúlega hugmyndasnauður og set bara hamborgara og maísstangir. Bæti við sykurpúðum ef ég er mjög hress.“

Óli Hjörtur Ólafsson, rekstrarstjóri skemmtistaðarins Dollý.

# Vill frekar styrkja gott málefni

Þórunn Antonía heldur flotta tónleika í tilefni af þrítugsafmæli til styrktar Kvennaathvarfinu.

„Ég er voða góð að skipuleggja afmælisveislur fyrir annað fólk en mér féllust algjörlega hendur þegar ég fór að hugsa um mína eigin. Ég nennti ekki að halda einhverja djammveislu og fékk þá hugmynd að nýta tækifærið og styrkja gott málefni,“ segir Þórunn Antonía Magnúsdóttir, sem í tilefni af komandi þrítugsafmæli stendur fyrir tónleikum til styrktar Kvennaathvarfinu.

Tónleikarnir verða haldnir á Kexinu þann 28. júlí næstkomandi og munu margir af stærstu tónlistarmönnum landsins koma fram. Má þar nefna Magnús og Jóhann, Bubba Morthens, Valdimar Guðmundsson, Högna Egilsson og Sigríði Thorlacius, Mr. Sillu, Myrru Rós, Snorra Helgason og Ylju, en einnig ætlar Þórunn Antonía sjálf að stíga á svið og flytja nýtt efni ásamt Bjarna M. Sigurðssyni.

Að sögn Þórunnar voru allir listamennirnir boðnir og búnir að leggja málefninu lið. „Það voru allir sem ég talaði við ótrúlega jákvæðir og tilbúnir til að vera með. Enda er málefnið verðugt því allir verða að eiga eitthvað skjól að leita í og þá sérstaklega konur og börn sem búa við ofbeldi.“

Þórunn Antonía hvetur að sjálfsögðu alla til að mæta á tónleikana og styðja um leið gott málefni. „Ég held að það verði enginn svikinn af þessari skemmtun og það er ekki verra að tónleikagestir leggja inn gott karma í leiðinni.“ - hó



**GOTT MÁLEFNI** Þórunn Antonía heldur tónleika á Kexinu 28. júlí næstkomandi til styrktar Kvennaathvarfinu. Margir af okkar þekktustu listamönnum ætla að stíga þar á svið. MYND/VALLI


Verið velkomin í nýja búð í hamraborginni.

Full búð af nýjun vörum og 50 % afsl af útsöluvörum

MIND BOUTIQUE

Hamraborg • sími 572-3400



„Á SKILIÐ AÐ VERÐA SUMARSMELLUR!“

– Kolbrún Bergþórsdóttir, Mbl.






1. SÆTI

BÓKSÖLULISTINN - ALLAR BÆKUR

VIKUM SAMAN Í FYRSTA SÆTI!

„Feykiskemmtileg“ – Friðrika Benónýs, Fréttablaðinu

„Einfaldlega hrein dásemd“ – Kolbrún Bergþórsdóttir, Morgunblaðinu

„Ekki láta sumarið líða án þess að lesa Maður sem heitir Ove ... í senn hrífandi og fyndin.“

– Kolbrún Bergþórsdóttir, Morgunblaðinu

★★★★★

„Stórkostleg saga. Hún grætir og kætir.“

– Kristjana Guðbrandsdóttir, DV

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVÍK


# Perluvinkonur reka búð í hjarta Nørrebro

Vinkonurnar Eva Dögg Rúnarsdóttir og Anna Sóley Viðarsdóttir reka verslunina og vinnustofuna Ampersand í norðurhluta Kaupmannahafnar.

„Hugmyndin að Ampersand í núverandi mynd, það er að segja sem vinnustofa og verslun, varð til sumarið 2011 þegar við fengum skyndilega tækifærið til að opna búð í uppáhaldsgötunni okkar, Jægersborggade í Nørrebro. Því gátum við einfaldlega ekki hafnað og hentum okkur bara út í djúpu laugina. Þetta er þó sé kannski ein versta myndlíking sem hægt er að taka þar sem við tvær stóðum lafhræddar á hæsta stökkpallinum í hverfislauginni og þorðum ekki að stökkva út í,“ segja vinkonurnar Eva Dögg Rúnarsdóttir og Anna Sóley Viðarsdóttir. Þær reka verslunina Ampersand í Kaupmannahöfn sem selur allt sem stúlkurnar elska, nota og langar í.

Líkt og áður hefur komið fram stendur Ampersand við Jægersborggade í hjarta Nørrebro og lýsa þær stöllur götunni sem lifandi og síbreytilegri. „Hér er allt að finna. Að minnsta kosti allt sem við þurfum,“ segja þær.

Aðspurðar segja þær viðtökurnar hafa verið frábærar og leggur fjöldi Íslendinga leið sína í verslunina þegar þeir heimsækja borgina. „Við erum alltaf voða upp með okkur þegar Íslendingar koma í heimsókn. Við fáum mikið af forvitnum Dönum sem kíkja á skrýtnu, íslensku stelpurnar og svo erum við komnar með efnilegan hóp fastakúnna,“ segir Eva Dögg.

Fleiri Íslendingar hafa opnað verslanir í Kaupmannahöfn á undanförnum árum og liggur beinast við að spyrja hvort mikil eftirspurn sé eftir íslenskum vörum þar í borg? „Ég veit ekki hvort eftirspurnin eftir íslenskum vörum sé endilega svo mikil, en Dönum þykja þær spennandi og áhugaverðar. Við erum aðeins með örfá og vel valin íslensk merki hjá okkur,“ segir Anna Sóley.

Þegar þær eru að lokum spurðar út í framtíðaráform sín segjast þær huga að heimsyfirráðum. „Heimsyfirráð Ampersand! Nei, okkar áform eru einna helst þau að þróa hugtakið Ampersand og finna okkar farveg. Okkar fókus liggur að miklu leyti í að koma okkar eigin hönnun og framleiðslu á laggirnar.“

sara@frettabladid.is



**AMPERSAND** Vinkonurnar Anna Sóley Viðarsdóttir og Eva Dögg Rúnarsdóttir reka saman vinnustofuna og verslunina Ampersand í Kaupmannahöfn. MYND/HALLUR KARLSSON

## Eru perluvinkonur

Eva Dögg er 29 ára gömul og menntaður fatahönnuður. Anna Sóley er 26 ára gömul og menntuð í ritlist og kynjafræði. Þær kynntust fyrir tveimur árum síðan og segjast vera perluvinkonur.

Eva flutti til Danmerkur fyrir níu árum til að fara í lýðháskóla en ílengdist úti og er þar enn. Hún hefur meðal annars starfað fyrir hin ýmsu fatamerki innan tískugeirans í Danmörku.

Anna flutti til Kaupmannahafnar fyrir tveimur árum til að fara í skiptinám en hefur ekki enn snúið aftur heim.

# Ljúfir tónar í Laugardalnum

Café Flóra býður gestum upp á tónleikaveislu öll fimmtudagskvöld í Grasagarðinum í sumar. Það er hljómsveitin Esja sem mun spila fyrir gesti í kvöld.

„Allir fimmtudagarnir eru dekkaðir nema 29. ágúst. Við ákváðum að bíða með hann og ætlum að reyna að hafa stórt lokapartí þá,“ segir Þorkell Andrésson, framkvæmdastjóri Café Flóru í Grasagarðinum. Í sumar mun kaffihúsið bjóða upp á tónleika öll fimmtudagskvöld og fara fjórðu tónleikarnir fram í kvöld þegar hljómsveitin Esja spilar fyrir gesti. „Í gegnum tíðina hafa margir tónlistarmenn óskað eftir því að fá að halda tónleika hjá okkur og við gefið leyfi fyrir því. Það myndast alltaf ótrúlega flott og skemmtileg stemning hérna og við vildum fara að gera þetta að okkar forsendum,“ segir Þorkell. Með honum í skipulagningu er Hrafnkell Már Einarsson, tónlistarmaður og þjónn á Café Flóru. „Upphaflega átti þetta að vera einu sinni í mánuði en áhuginn var svo mikill á meðal tónlistarmannanna að við settum þetta á alla fimmtudaga í sumar,“ segir Þorkell, sem lofar miklu fjöri á tónleikunum í kvöld. „Það verður alveg brjáluð stemning og við hvetjum alla til þess að mæta.“ - ka



**HRESSIR KELAR** Þeir Hrafnkell og Þorkell standa fyrir tónleikaröð á Café Flóru öll fimmtudagskvöld í sumar.

➜ Snorri Helgason, Skúli mennski og Brother Grass eru á meðal þeirra sem munu spila á Café Flóru komandi fimmtudagskvöld.


KFC
Krushers™
Ískaldur og svalandi þeytingur
2 fyrir 1
alla virka daga
kl. 14–17
Milkybar
LiON
KFC Krushers
OREO
LÍTILL
349
STÓR
499
KFC
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
WWW.KFC.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



OPIÐ 24 TÍMA

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Djammaði á Dolly

Tónleikar bandaríska tónlistarmannsins Franks Ocean fóru fram í Laugardalshöllinni á þriðjudagskvöldið. Fullt var út úr dyrum og tónleikagestir virtust hæstánægðir með frammistöðu kappans. Að tónleikunum loknum fór fram lokað eftirpartí á efri hæð skemmtistaðarins Dolly, en þangað mætti fylgdarlið söngvarans í bland við skemmtanaglaða Íslendinga. Frank Ocean sjálfur lét þó bíða eftir sér en mætti loks í fylgd lífvarða á Range Rover og var fylgt sérstaka leið inn á skemmtistaðinn. Söngvarinn virðist hafa tekið ástfóstri við Snæfell Parka úlpu frá 66 norður, en hann klæddist henni á djamminu í gær og þegar hann virti fyrir sér Gullfoss og Geysi á mánudaginn.

- ka



### Barnalán hjá bassaleikara

Guðmundur Óskar Guðmundsson, bassaleikari Hjaltalín, eignaðist dreng í gær með eiginkonu sinni Jónínu Guðnýju, dóttur Boga Ágústssonar fréttamanns. Þetta er fyrsta barn þeirra. Heilsast fjölskyldunni vel og hefur hamingjuóskum rignt yfir skötuhjúin síðan barnið kom í heiminn. Mun hinn nýbakaði faðir þó þurfa að slíta sig frá frumburðinum á laugardaginn, þar sem Hjaltalín kemur fram á maraþonútitónleikum á KEX hostel yfir daginn og heldur síðan tónleika á Faktorý um kvöldið.

- nej



### Mest lesið VÍSIR

1 Ekki vera fávitar
2 Russell Brand: Ég get ekki beðið eftir því að heimsækja þetta brjálaða land!
3 Lögreglumaður ekki ákærður fyrir kynferðisbrot
4 Fékk óvænt 92,233,720,368,547,80 dollara
5 Rooney sagður reiður og ringlaður


FULLKOMIN SKVÍSUBÓK Í FRÍIÐ!




www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu



# ÚTSALA!

50% afsláttur af öllum vörum

nýtt kortatímabil VISA




